Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurgreiða Flugleiðum hf. og Cargolux lendingargjöld á Keflavíkflugvelli vegna Norður-Atlantshafsflugs. Heimildin gildir fyrir tímabilið 1. október 1983 til 31. desember 1984. Ráðherra er heimilt að ákveða nánari framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð í samráði við fjárveitinganefnd.

34. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar kartöflubændum vegna uppskerubrests á árinu 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbætti eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.

35. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar bændum vegna ótíðar sumarið 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbætti eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 23. apríl 1983, skal kosning enn fremur fara fram 24. apríl 1983, þó ekki í kjördeildum sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsýnis.

Kjörstjórn getur þó ákveðið, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé öll kjörstjórnin sammála og allir umboðsmenn lista, sem mættir eru, samþykkja þá ákvörðun með undirritun sinni í kjörbókina. Hafi 80% eða fleiri kjósenda í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkvæmt 82. gr. nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Nú hefur veður hæmлаð kjörsókn á hinum tveimur kjördögum og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. málsg. 128. gr., og áður en kjörfundi lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Í stað „39.—40.“ í 1. gr. VI. komi: 39.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist þannig:

Biskupi er heimilt að ráða tvo prestvígða menn til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur er biskupi heimilt, með samþykki ráðherra, að ráða fleiri prestvígða menn til starfa skv. þessari grein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagnesnefndar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Kauplagnesnefnd skipa þrjú menn. Einn skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hvors um sig. Nefndin starfar í samráði við Hagstofu Íslands.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kauplagnesnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölugrundvelli byggðum á niðurstöðum neyslukönnunar árin 1978 og 1979 sem Kauplagnesnefnd og Hagstofan hafa gert. Grunnatala þessarar vísitölu (=100) skal miðuð við verðlag í febrúarbyrjun 1984 og skal reikna hana fjórum sinnum á ári miðuð við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember eftir grundvallarreglum sem Kauplagnesnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar ríkisstjórnin, Alþýðusamband Íslands eða Vinnuveitendasamband Íslands eftir því að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í byrjun annars mánaðar en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar og skal þá Kauplagnesnefnd verða við þeirri ósk enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

3. gr.

Kauplagnesnefnd skal eigi sjaldnar en á 5 ára fresti láta fara fram athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Skal sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Telji allir nefndarmenn að lokinni slíkri athugun að endurskoðunar sé þörf getur nefndin ákveðið að gerð skuli neyslukönnun til endurnýjunar á grundvelli vísitölunnar. Að fengnum niðurstöðum er nefndinni — sé hún sammála — heimilt að ákveða framfærsluvísitölunni nýjan grundvöll án þess að koma þurfi til lagasetningar.

Kauplagnesnefnd skal gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðunum.

4. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 10/1981 skal reiknuð í síðasta sinn miðuð við verðlag í febrúarbyrjun 1984.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi eftirtalin ákvæði laga:

- 1) 1. og 2. málsgrein 4. greinar laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.
- 2) 4. grein laga nr. 10 13. apríl 1981 um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1984

28. mars 1984

9

Nr. 6

LÖG

um breytingu á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12.
febrúar 1945.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „sunnudag“ í 3. gr. komi: laugardag.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Kjósandi, er greiðir atkvæði utan kjörfundar, ritar á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru. Ekki skal þó meta atkvæði ógilt, þótt sleppt sé kenninafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

Kjósandi, er greiðir atkvæði á kjörfundi, markar með ritblýi kross á kjörseðilinn framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa, af þeim, sem í kjöri eru.

Um kosningaathöfnina sjálfa, sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1984

Nr. 7

10

30. mars 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Í stað „7 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 36 000 kr.

2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilsfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 23%, af næstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32% en af tekjuskattsstofni yfir 340 000 kr. reiknast 45%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 500 kr.

4. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 6 000 kr. með fyrsta barni, en 9 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 12 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 6 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Þúi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 51% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

6. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 780 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,95%.

7. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 0,95% af eignarskattsstofni.

8. gr.

Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1984 vegna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21/1983, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

1. másl. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum.

2. gr.

4. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Til hreinnar eignar félagsins í þessu sambandi telst þó ekki fjárfestingarsjóður, sbr. 11. tl. 31. gr.

3. gr.

Lokamásl. 2. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 65% af fjárfestingarsjóði, sbr. 11. tl. 31. gr.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

- a) 1. og 2. másl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. orðist svo:

Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar, þó að hámarki 25 000 kr. hjá einstaklingi og 50 000 kr. hjá hjónum. Til arðs í þessu sambandi teljast þó ekki fengin jöfnunarhlutabréf umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. 9. gr.

- b) Í stað „5%“ í 3. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 7%.

- c) Við B-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verði 4. tl., sem orðist svo:

Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri á árinu, samkvæmt lögum um frádrátt frá tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 20 000 kr. hjá einstaklingi og 40 000 kr. hjá hjónum.

- d) Aftan við 3. mgr. bætist nýr másliliður er orðist svo:

Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 4 000 000 kr. eða meira ef um einstakling er að ræða, en 8 000 000 kr. ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 31. gr. laganna:

- a) 7. tl. 1. mgr. orðist svo:

Eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.

- b) 8. tl. 1. mgr. falli niður og breytist röð annarra liða greinarinnar í samræmi við það.

- c) 9. tl. 1. mgr., sem verður 8. tl., orðist svo:

Fjárhæð þá er félag, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 10% af nafnverði hlutafjár. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

- d) Í stað „5%“ í 2. mgr. 10. tl. 1. mgr., sem verður 9. tl., komi: 7%.

- e) 12. tl. 1. mgr., sem verður 11. tl., orðist svo:

Tillög í fjárfestingarsjóð, sbr. 54. gr.

- f) 2. mgr. 31. gr. falli niður.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 32. gr.:

- a) 1. og 2. másl. greinarinnar orðist svo:

Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:

- b) 2. tl. greinarinnar orðist svo:

Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 38. gr. laganna:

- a) 1. tl. greinarinnar orðist svo:

Skip og skipsbúnaður 10%.

- b) Við greinina bætist nýr töluliður, sem verður 3. tl., og breytist röð annarra liða í samræmi við það. Töluliðurinn orðist svo:

Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki 15%.

c) 3. tl. greinarinnar, er verður 4. tl., orðist svo:

Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, skrifstofuáhöld og -tæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1.—3. tl. 20%.

d) 4. tl. greinarinnar, er verður 5. tl., orðist svo:

Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar 2%.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hærra fyrningarhlutfall einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulíð eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi hærra en 10%.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 44. gr. laganna:

a) 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. og 55. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna.

b) 3. mgr. falli niður.

9. gr.

Í stað orðsins „varasjóður“ í 1. málsl. 4. mgr. 53. gr. komi: fjárfestingarsjóður.

10. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Menn og lögaðilar, sem hafa skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, mega draga frá þeim tekjum sínum fjárfestingarsjóðstillag. Hámark fjárfestingarsjóðstillags skal vera 40% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá skattskyldum tekjum hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—10. tl. 31. gr. Þessi frádráttur er bundinn því skilyrði að skattaðili leggi a. m. k. 50% fjárfestingarsjóðstillagsins inn á bundinn reikning í innlendum banka eða sparisjóði fyrir 1. júní næst á eftir lokum þess almanaksárs sem tillagið varðar, eða eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsárs. Innborganir skulu bundnar í sex mánuði, talið frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir innborgunarmánuð, og skal þeim ráðstafað innan sex ára frá því tímamarki. Innstæður á hinum bundnu reikningum skulu vera verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu, en um vexti af þeim fer eftir þeim reglum sem á hverjum tíma gilda um slíka innstæðureikninga sem bundnir eru í a. m. k. sex mánuði.

Verðbætur og vextir af bundnum reikningum eru skattskyldir, sbr. 8. gr. Verðbætur skulu bundnar með sama hætti og höfuðstóll, en vextir eru lausir og skulu þeir ekki leggjast við hina bundnu fjárhæð.

Tillög í fjárfestingarsjóð skulu árlega framreiknuð frá frádráttarári til tekjuárs samkvæmt ákvæðum 26. gr. Skal breytingin færð til hækkunar á sjóðnum annars vegar en til lækkunar á öðru eigin fé hins vegar.

11. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Við úttekt af bundnum reikningi, sbr. 54. gr., telst samsvarandi tillag viðkomandi árs í fjárfestingarsjóði til tekna þegar það hefur verið framreiknað samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá frádráttarári til ráðstöfunarárs. Hina skattskyldu fjárhæð er heimilt að nýta þannig:

1. Til sérstakra fyrninga af fyrnanlegum eignum, sbr. 32. gr., sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu, sbr. 33. gr.
2. Til sérstakra fyrirframfyrninga af eignum, sbr. 32. gr., sem ætlaðar eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, en ekki hafa verið teknar í notkun í lok viðkomandi reikningsárs.
3. Til að mæta rekstrartapi, sbr. 7. tl. 31. gr.

Rekstrartap skal jafnað áður en heimild til sérstakra fyrninga skv. 1. og 2. tl. er notað og eigi er heimilt að mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein.

Við ráðstöfun tillaga í fjárfestingarsjóð skal elstu tillögum ætíð ráðstafað fyrst.

12. gr.

Inn í lögina bætast tvær nýjar greinar, sem verði 55. gr. A og 55. gr. B.

a) 55. gr. A orðist svo:

Hafi tillag í fjárfestingarsjóð ekki verið notað í samræmi við 55. gr. eða hafi þeirra tímamarka, sem um ræðir í 54. gr., ekki verið gætt skal telja þann hluta fjárfestingarsjóðs, sem ekki hefur verið farið með eftir umræddum reglum, til tekna þegar hann hefur verið framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr., sbr. 3. mgr. 54. gr. Fjárhæðin þannig reiknuð skal talin til tekna á ráðstöfunarári eða á næsta ári eftir að ráðstöfun skyldi vera lokið, að viðbættu 10% álagi fyrir hvert ár frá og með næsta ári eftir að tillagið var dregið frá tekjum og til og með því ári sem fjárhæðin telst til skattskyldra tekna. Sama gildir um skattalega meðferð fjárfestingarsjóðs ef atvinnurekstri er hætt eða félagi slitið, en fjárfestingarsjóður telst þá til tekna á því ári sem rekstri er hætt.

Ef fjárfestingarsjóði eða hluta hans er ekki ráðstafað á heimilaðan hátt og því talinn til tekna, sbr. ákvæði þessarar greinar, er ekki heimilt að nota hina skattskyldu fjárhæð til sérstakra fyrninga samkvæmt ákvæðum 1. og 2. tl. 55. gr.

Nú andast skattaðili, sem myndað hefur fjárfestingarsjóð, eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta og skal þá fjárfestingarsjóður framreiknaður, sbr. 3. mgr. 54. gr., talinn til tekna á því ári sem skattaðili stundaði síðast atvinnurekstur, en án álags skv. 1. mgr. þessarar greinar.

b) 55. gr. B orðist svo:

Óheimilt er skattaðila að framselja eða veðsetja innstæður á bundnum reikningum, sbr. 54. gr., og þær eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna, en þær skulu þó vera til tryggingar skattkröfum skv. 55. gr. A.

Bókhald skattaðila, sem nýtir sér myndun fjárfestingarsjóðs, skal þannig hagað að auðvelt sé að rekja myndun og ráðstöfun sjóðsins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd ákvæða um fjárfestingarsjóð.

13. gr.

Í stað „varasjóð skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.“ í 1. mgr. 57. gr. laganna komi: fjárfestingarsjóð skv. 11. tl. 31. gr., sbr. 54 gr.

14. gr.

78. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í innlendum bönkum og sparisjóðum, innlánsdeildum og á stofnsjóðsreikningum samvinnufélaga, póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, og hlutabréfaeign í hlutafélögum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr., að því marki sem innstæður þessar, verðbréf og hlutabréfaeign er umfram skuldir, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Frádráttur vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæða skal þó aldrei vera hærri en 250 000 kr. hjá einstaklingi og 500 000 kr. hjá hjónum.

15. gr.

121. gr. orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. og 4. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1985.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði c-liðs 4. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skulu öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð, sem myndaður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu uns varasjóði hefur að fullu verið ráðstafað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu tekjuskatts á árunum 1984 og 1985, vegna tekna áráanna 1983 og 1984, skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tl. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.-10. tl. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

**um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í
atvinnurekstri.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

I KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Framlög manna til atvinnurekstrar eru frádráttarbær frá skattskyldum tekjum innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 4. tl. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Frádráttur samkvæmt lögum þessum skal nema aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri eins og nánar er kveðið á um í þessari grein. Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 20 000 kr. á ári hjá hverjum manni eða 40 000 kr. hjá hjónum.

Fjárfesting í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum telst:

A. Innborganir á stofnfjárreikninga samkvæmt II kafla laga þessara.

- B. Kaup á hlutabréfum í félögum sem fullnægja skilyrðum III og V kafla og framlög í starfsmannsjóði samkvæmt IV kafla laga þessara.
- C. Kaup á hlutabréfum í öðrum félögum sem ekki fullnægja skilyrðum samkvæmt III og V kafla laga þessara um frádrátt. Til þessa flokks teljast einnig öll hlutabréf í eigu manna við gildistöku laga þessara.

Til frádráttar samkvæmt 1. mgr. telst heildarfjárfesting samkvæmt liðum A og B að frádreginni heildarfjárhæð úttektar úr starfsmannsjóði og söluverði hlutabréfa samkvæmt liðum B og C þegar frá söluverði hlutabréfa samkvæmt lið C hefur verið dregið kaupverð sams konar hlutabréfa. Að því leyti sem úttekt úr starfsmannsjóði og söluverð hlutabréfa, þannig reiknað, er umfram fjárfestingu samkvæmt liðum A og B dregst mismunurinn, framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, frá frádráttarbærri fjárfestingu á næstu árum þar til hann hefur verið að fullu jafnaður. Það sem enn kann að vera ójafnað að tíu árum liðnum fellur niður.

II KAFLI

Stofnfjárreikningar

3. gr.

Einstaklingar, sem leggja fé inn á stofnfjárreikning í því skyni að stofna síðar til eigin atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi hér á landi, geta dregið þau framlög frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. Þessi frádráttur er bundinn því skilyrði að framlagið sé lagt inn á stofnfjárreikning fyrir lok tekjuárs.

4. gr.

Stofnfjárreikningar eru sérstakir bundnir innlánsreikningar við innlenda banka eða sparisjóði sem skulu bera nafn og nafnúmer eiganda. Innstæður á reikningum þessum skulu vera verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu, en um vexti af þeim fer eftir reglum sem á hverjum tíma gilda um slíka innstæðureikninga sem bundnir eru í a. m. k. sex mánuði.

5. gr.

Þegar skattaðili hefur eigin atvinnurekstur stendur innstæða stofnfjárreiknings honum til afnota, enda hafi innborganir á reikninginn verið bundnar í a. m. k. sex mánuði frá lokum þess tekjuárs sem innborgun fór fram á. Enn fremur þarf skilyrðum skv. 6. og 7. gr. að vera fullnægt.

6. gr.

Skattaðili telst hefja atvinnurekstur í þessu sambandi þegar kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, nemur samtals 200 000 kr. þegar kaupverðið hefur verið framreiknað frá kaupári eftir ákvæðum 26. gr. þeirra laga. Telja má andvirði vörubirgða í lok stofnárs með þegar meta skal hvort lágmarksfjárhæð er náð. Hafi umræddar eignir verið keyptar meira en tveimur árum fyrir upphaf stofnárs teljast þær eignir ekki með við þennan útreikning.

7. gr.

Úttekt af stofnfjárreikningi telst til tekna á úttektarári að 2/3 hlutum, en hina skattskyldu fjárhæð er heimilt að nýta á sama ári til sérstakra fyrninga af fyrnanlegum eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu, eða til sérstakra flýtfyrninga af slíkum eignum sem ætlaðar eru til öflunar tekna í atvinnurekstri en ekki hafa verið teknar í notkun í lok viðkomandi reikningsárs. Þriðjungur úttektar af stofnfjárreikningum telst ekki til skattskyldra tekna.

Með úttekt samkvæmt þessari grein er átt við úttekt á höfuðstól að meðtöldum verðbótum, en án vaxta. Um vexti af stofnfjárreikningum fer eftir ákvæðum 1. tl. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981.

8. gr.

Hafi stofnun eigin atvinnurekstrar, sbr. 6. gr., ekki farið fram innan sex ára frá lokum innborgunarárs skal heildarfjárhæð innborgunar ásamt verðbótum teljast til skattskyldra tekna á næsta ári eftir að ráðstöfun skyldi vera lokið. Sama gildir ef ráðstöfun hefur ekki farið fram eftir reglum þessum innan tilskilinna tímamarka, en þá telst úttektin til tekna á ráðstöfunarári.

Ef innstæðu á stofnfjárreikningi eða hluta hennar er ekki ráðstafað á heimilaðan hátt og því talinn til tekna, sbr. ákvæði þessarar greinar, er ekki heimilt að nota hina skattskyldu fjárhæð til sérstakra fyrninga samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Nú andast skattaðili, sem myndað hefur innstæður á stofnfjárreikningi, eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skulu þá 2/3 hlutar innstæðunnar að meðtöldum verðbótum, en án vaxta, teljast til skattskyldra tekna.

9. gr.

Óheimilt er skattaðila að framselja eða veðsetja innstæður á stofnfjárreikningum og þær eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna, en þær skulu þó vera til tryggingar skattkröfum samkvæmt 8. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd ákvæða um stofnfjárreikninga.

III KAFLI

Fjárfesting í hlutabréfum

10. gr.

Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í hlutafélögum er fullnægja skilyrðum 11. gr., geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Frádráttur samkvæmt 10. gr. er bundinn því skilyrði að um sé að ræða hlutafélög með hlutafé a. m. k. að fjárhæð 5 000 000 kr., fjöldi hluthafa sé a. m. k. 50, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir.

Hlutafélag, sem fullnægja vill skilyrðum þessa kafla, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næst liðið reikningsár sem gerður skal samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Ríkisskattstjóri skal árlega veita hlutafélagi staðfestingu á að skilyrðum hafi verið fullnægt. Halda skal hann sérstaka skrá um þau hlutafélög sem staðfestingu hljóta og skal hún vera öllum opin.

IV KAFLI

Starfsmannasjóðir

12. gr.

Einstaklingar, sem leggja fé í starfsmannasjóði sem myndaðir eru eftir ákvæðum þessa kafla, geta dregið það tillag frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að því leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þesum.

13. gr.

Með starfsmannasjóði samkvæmt lögum þessum er átt við sameignarfélag sem starfar í tengslum við tiltekið hlutafélag og er eingöngu myndað af starfsmönnum sem hjá hlutafélaginu starfa. Markmið starfsmannasjóðs skal eingöngu vera að kaupa hlutabréf í hinu tengda hlutafélagi.

14. gr.

Skilyrði fyrir stofnun starfsmannasjóðs eru að hlutafé þess félags, sem sjóðurinn er tengdur, sé a. m. k. 3 000 000 kr., starfsmannafjöldi a. m. k. 30 og að félagið fullnægi að öðru leyti ákvæðum 11. gr. um annað en lágmarksfjölda hluthafa.

15. gr.

Áður en starfsmannasjóður getur tekið við frádráttarbærum framlögum skal félagssamningur staðfestur af ríkisskattstjóra. Félagssamningur skal undirritaður af a. m. k. þriðjungi starfsmanna, en þar sem starfsmenn eru 90 eða fleiri nægir þó að 30 starfsmenn undirriti félagssamning.

16. gr.

Starfsmannasjóður skal opinn öllum starfsmönnum og skal stjórn hans skipuð fimm mönnum. Fjórir skulu kosnir af sjóðsfélögum, en einn skal nefndur af stjórn hins tengda hlutafélags og skal hann jafnframt hafa rétt til setu á almennum fundum sjóðsins.

17. gr.

Tillögum í starfsmannasjóð skal ráðstafað jafnóðum til kaupa á hlutabréfum í hinu tengda hlutafélagi. Aldrei skal vera meira fé óráðstafað en nemur tillögum síðustu sex mánaða. Fari óráðstafað fé fram úr því skulu síðustu tillög endurgreidd sjóðsaðilum sem þau greiddu þar til lögmæltu marki er náð.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið stöðvun á móttöku framlaga, en tilkynna skal það starfsmönnum án tafar.

18. gr.

Aðilar að sjóðnum fara sjálfir með atkvæði á hluthafafundum í hinu tengda hlutafélagi í hlutfalli við aðild sína að sjóðnum og hlutdeild sjóðsins í heildarhlutafé. Enginn einn aðili að sjóðnum getur farið með meira atkvæðamagn en 5% af heildarhlutafé hlutafélags vegna aðildar sinnar að sjóðnum.

19. gr.

Tillög í starfsmannasjóð skulu vera bundin í a. m. k. fimm ár frá því að þau eru innborguð. Hætti sjóðsaðili störfum hjá hinu tengda hlutafélagi skal innstæða hans þó ekki vera bundin lengur en í eitt ár frá því að hann hætti störfum. Eftir þann tíma getur hann ekki átt aðild að viðkomandi starfsmannasjóði.

20. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár og skal hann gerður eftir góðum reikningsskilavenjum. Hann skal undirritaður af stjórn sjóðsins og endurskoðendum sem skulu vera hinir sömu og hjá hinu tengda hlutafélagi.

Ársreikningur skal lagður fyrir almennan félagsfund til afgreiðslu.

Staðfestur ársreikningur skal hafa borist ríkisskattstjóra innan fimm mánaða frá lokum reikningsárs.

21. gr.

Ef hlutafélagi er slitið ber að leysa upp starfsmannasjóð sem við það er tengdur. Sama gildir ef hlutafélag uppfyllir ekki lengur skilyrði 14. gr. Einnig ber að leysa upp starfsmannasjóð ef sjóðurinn uppfyllir ekki lengur skilyrði í 15. gr. um fjölda sjóðsfélaga.

Óheimilt er sjóðsfélaga að framselja eða veðsetja innstæður í starfsmannasjóði og þær eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna.

V KAFLI

Fjárfestingarfélög

22. gr.

Einstaklingar, sem kaupa hlutabréf í fjárfestingarfélögum sem sérstaklega eru mynduð til fjárfestingar í áhættufé atvinnufyrirtækja, skuldabréfum eða annarri hliðstæðri fjármögnun slíkra fyrirtækja, geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum innan þeirra marka sem um getur í 2. gr. og að svo miklu leyti sem um er að ræða aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt lögum þessum. Lög nr. 32/1978, um hlutafélög, gilda um fjárfestingarfélög að því leyti sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum.

23. gr.

Fjárfestingarfélag skal hafa það að meginmarkmiði sínu að fjárfesta í áhættufé og skuldabréfum atvinnufyrirtækja.

Heildarfjármagni fjárfestingarfélags skal a. m. k. að 90% varið til fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum. Skal fjárfestingin vera í formi hlutabréfa, skuldabréfa atvinnufyrirtækja eða annarri hliðstæðri fjármögnun atvinnurekstrar. Fjárfesting í hlutabréfum skal ávallt vera helmingur af slíkri heildarfjárfestingu í atvinnufyrirtækjum. Fjárfesting í skuldabréfum samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, er atvinnurekstur stunda, skal jafngilda fjárfestingu í hlutabréfum í þessu sambandi, en þó skal fjárfesting í hlutabréfum aldrei vera undir 20% af heildarfjármagni.

Samanlögð fjárfesting fjárfestingarfélags í hlutabréfum, skuldabréfum og annarri fjármögnun eins og sama aðila má aldrei nema meira en 10% af heildarfjármagni fjárfestingarfélags. Fjárfestingarfélag má ekki eiga meirihluta hlutafjár í neinu hlutafélagi.

24. gr.

Hlutfé fjárfestingarfélags skal vera a. m. k. að fjárhæð 5 000 000 kr. og getur enginn einn hluthafi farið með meira atkvæðamagn í félaginu á hluthafafundi en 5%. Engar hömlur má leggja á viðskipti með hlutabréf slíks félags og ársreikningar þess skulu öllum aðgengilegir.

Fjárfestingarfélag skal, innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs, senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næst liðið reikningsár sem gerður skal samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Í ársreikningnum eða með honum skal vera yfirlit um helstu flokka fjárfestingar og ávöxtun hvers flokks um sig. Ríkisskattstjóri skal árlega veita hlutafélagi staðfestingu á að skilyrðum þessa kafla hafi verið fullnægt. Halda skal hann sérstaka skrá um þau fjárfestingarfélög sem staðfestingu hljóta og skal hún vera öllum opin.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með starfsemi fjárfestingarfélaga og gilda um það sömu reglur og gilda um eftirlit með bönkum og sparisjóðum eftir því sem við getur átt. Telji bankaeftirlitið að starfsemi fjárfestingarfélags brjóti í bága við lög, reglur eða eðlilega viðskiptahætti skal það gera fjármálaráðherra viðvart. Getur ráðherra þá ákveðið að skilyrðum til frádráttar á hlutabréfakaupum í félaginu sé ekki lengur fullnægt ef ekki er úr bætt innan hæfilegs frests.

VI KAFLI

Ýmis ákvæði

25. gr.

Fjárhæðir, sem um ræðir í 6., 11., 14. og 24. gr., skulu breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, en fjárhæðir í 2. gr. skulu breytast í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin er í fjárlögum ár hvert, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981.

26. gr.

Ákvæði 11., 14. og 24. gr. um lágmark hlutfjárj og ákvæði 11. gr. um lágmarksfjölda hluthafa miðast við fjárhæð innborgaðs hlutfjárj og fjölda hluthafa í lok tekjuárs. Ríkisskattstjóri getur þó heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt lögum þessum þótt þessum skilyrðum hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um félag er að ræða sem stofnað var á árinu og fyrir liggur yfirlýsing þess um að stefnt sé að því að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að sala hlutabréfa hófst.

27. gr.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að þeir, sem njóta vilja frádráttar samkvæmt lögum þessum, afhendi skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu í formi, sem hann ákveður, um atriði sem máli skipta varðandi frádráttinn.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvörðun um framkvæmd þessara laga.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1984 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 23. gr. skal fjárfestingarfélagi heimilt að miða lágmark fjárfestingar í hlutabréfum við 20% af heildarfjármagni á árinu 1984. Þetta lágmark skal síðan hækka árlega um 5% þar til því marki er náð að 45% heildarfjármagns séu bundin í hlutabréfum í árslok 1989. Á sama hátt skal lágmarkshlutabréfaeign fjárfestingarfélaga, sem um er rætt í lokamálslið 3. mgr. 23. gr., hækka úr 10% í 20% á sama tímabili.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1984

27. mars 1984

21

Nr. 10

LÖG

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild er hefur það hlutverk að veita lán til hagræðingar í fiskiðnaði og til að leysa sérstök staðbundin vandamál fyrirtækja í sjávarútvegi. Skal fjárhagur þessarar deildar sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins. Lán úr þessari deild skulu veitt samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs. Skulu lánin veitt með þeim tryggingum, veði eða ábyrgðum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á láni allt að 120 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt er sú deild Fiskveiðasjóðs, sem um er rætt í 1. gr., tekur.

Í stað þess að veita ríkisábyrgð skv. 1. mgr. er ríkisstjórninni heimilt að taka þargreinda fjárhæð að láni og endurlána hana Fiskveiðasjóði.

Við veitingu ríkisábyrgðar skv. þessari gr. er fjármálaráðherra óbundinn af þeim ákvæðum um tryggingar er almennt gilda við veitingu ríkisábyrgðar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. gr. laga þessara, þ. á m. um lánskilyrði, láns hæfni, lánakjör og tryggingu lána.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag í opinbera heimsókn til Finnlands.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 11. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga til búrekstrar á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan geinir.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum. Ákvörðun um lánakjör skal tekin af bankaráði Búnaðarbanka Íslands að höfðu samráði við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er hlutadeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánunum samkvæmt lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum þeim sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærrí fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 34.29. maí 1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, gilda um lánveitingar skv. lögum þessum, að öðru en því sem hér er á annan veg ákveðið.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við bankaráð Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda er sæti eiga í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Helgi Seljan.

Þór Vilhjálmsson.

(L.S.)

Jón Helgason.

LÖG

um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamállum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Skilyrði fyrir framsali.

1. gr.

Þann, sem í erlendu ríki er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, er heimilt að framselja samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ekki má framselja íslenska ríkisborgara.

3. gr.

Framsal á manni er aðeins heimilt ef verknaður eða sambærilegur verknaður getur varðað fangelsi í meira en 1 ár samkvæmt íslenskum lögum. Heimilt er að semja við önnur ríki um framsal vegna verknaðar sem samkvæmt íslenskum lögum getur varðað styttri refsivist.

Framsal til meðferðar máls er einungis heimilt ef tekin hefur verið ákvörðun í erlenda ríkinu um að sá, sem óskað er framsals á, skuli handtekinn eða fangelsaður fyrir viðkomandi verknáð.

Framsal til fullnustu á dómi er, nema annað sé ákveðið með samkomulagi við viðkomandi ríki, aðeins heimilt:

1) ef refsing samkvæmt dómi er minnst 4 mánaða refsivist,

2) ef dómþoli samkvæmt dómi eða ákvörðun, sem tekin er samkvæmt heimild í dómi, skal vistaður á stofnun og að dvöl hans þar geti varað í a. m. k. 4 mánuði.

Framsal til meðferðar máls eða fullnustu refsingar fyrir fleiri verknáði er heimilt þótt skilyrði samkvæmt 1.—3. mgr. séu einungis uppfyllt að því er varðar einn verknáð.

Ef rökstudd ástæða er til að ætla að grunur um refsiverða háttsemi eða niðurstaða dóms, sem óskað er framsals vegna, þykir eigi fullnægja grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun, um refsiverða háttsemi eða um lögfulla sönnun sakar í refsímálum, er framsal óheimilt.

4. gr.

Framsal vegna verknáða er varða við herlög er óheimilt.

5. gr.

Framsal vegna stjórn málaafbrotá er óheimilt.

Nú er verknáðurinn jafnframt brot á lagaákvæðum sem ekki eru stjórn málalegs eðlis og er þá framsal heimilt ef verknáðurinn teist að litlu leyti stjórn málaafbrot.

6. gr.

Ekki má framselja mann ef veruleg hættá er á að hann eftir framsal vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar, stjórn málaaskoðana eða að öðru leyti vegna stjórn málaaðstæðna verði að sæta ofríki eða ofsóknum sem beinist gegn lífi hans eða frelsi eða er að öðru leyti alvarlegs eðlis.

7. gr.

Í sérstökum tilfellum má synja um framsal ef mannúðarástæður mæla gegn því svo sem aldur, heilsufar eða aðrar persónulegar aðstæður.

8. gr.

Framsal er óheimilt þegar sá sem óskast framseldur hefur verið sakfelldur eða sýknaður hér á landi fyrir viðkomandi refsiverðan verknáð.

Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni ekki leitt til ákæru á hendur honum og verður hann þá ekki framseldur fyrir þann verknáð sem rannsókn tók til, nema skilyrði séu fyrir hendi til upptöku máls samkvæmt 1. mgr. 119. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

9. gr.

Framsal er óheimilt ef sök eða dæmd refsing er fyrnd eða að öðru leyti fallin niður samkvæmt íslenskum lögum.

10. gr.

Þegar sá sem óskast framseldur hefur verið dæmdur í refsivist eða samkvæmt dómi eða með heimild í dómi skal eða er vistaður á stofnun fyrir annan verknáð en framsalsbeiðnin fjallar um, þá er ekki heimilt að framselja hann fyrr en refsivist er lokið eða hann útskrifaður af stofnuninni. Ekki er heldur heimilt að framselja hann ef hér á landi er til meðferðar mál fyrir annan verknáð en þann sem hann óskast framseldur fyrir og sem getur varðað minnst 2 ára refsivist, eða ef hann er hafður í gæslu eða er laus gegn tryggingarráðstöfunum settum samkvæmt 71. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Framsal til meðferðar máls má þó heimila með því skilyrði að viðkomandi verði sendur til baka svo fljótt sem verða má að lokinni meðferð málsins.

11. gr.

Setja skal eftirfarandi skilyrði fyrir framsali:

1. Að ekki verði höfðað mál gegn hinum framselda manni eða hann látinn taka út refsingu eða framseldur til þriðja ríkis fyrir annan refsiverðan verknað sem framinn var áður en til framsals kom nema:
 - a. að dómsmálaráðuneytið heimili það, sbr. 20. gr., eða
 - b. að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því sem hann var framseldur til enda þótt hann hafi átt þess kost að fara þaðan óhindraður í minnst 45 daga eða
 - c. að hann hafi horfið aftur til lands þess sem hann var framseldur til eftir að hann hafði farið úr landi.
2. Að án leyfis dómsmálaráðuneytisins megi ekki reka mál hins framselda manns fyrir bráðabirgðadómstólum eða dómstól sem aðeins hefur heimild til að fjalla um viðkomandi afbrot eða sérstök undantekningartilfelli.
3. Að óheimilt sé að fullnægja dauðarefsingu gagnvart hinum framselda manni. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir framsali.

II. KAFLI

Meðferð framsalsmála.

12. gr.

Beiðni um framsal skal borin fram eftir diplómátskum leiðum nema um annað hafi verið samið við viðkomandi ríki.

Í framsalsbeiðni skulu vera upplýsingar um ríkisfang þess manns sem óskast framseldur, dvalarstað hans hér á landi ef um hann er vitað, hvers eðlis afbrotið er og hvar og hvenær það var framið. Ef til er lýsing á þeim sem óskast framseldur skal hún fylgja. Með framsalsbeiðni skal enn fremur fylgja endurrit af þeim lagaákvæðum sem verknaðurinn er talinn varða við. Ef veruleg vandkvæði eru á að útvega endurrit má láta nægja að gerð sé grein fyrir lagaákvæðum þeim sem talið er að hafi verið brotin.

Með framsalsbeiðni til meðferðar máls skal fylgja frumrit eða staðfest endurrit af handtökuskipun eða annarri ákvörðun um handtöku sem samkvæmt samningi er í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis og sem færir að því rök að það séu gildar ástæður til að fella grun á viðkomandi mann fyrir hinn refsiverða verknað.

Með beiðni um framsal manns til fullnustu á dómi skal dómurinn fylgja eða staðfest endurrit hans.

13. gr.

Telji dómsmálaráðuneytið, á grundvelli framsalsbeiðni og þeim upplýsingum er henni fylgja, að hafna beri beiðninni þá þegar skal það gert.

Ef beiðni er ekki strax hafnað skv. 1. mgr. sendir dómsmálaráðuneytið ríkissaksóknara beiðnina og ber honum að sjá til þess að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

Ef ekki er annars getið í lögum þessum skal, um framkvæmd rannsókna og annað sem framsalsbeiðni varðar, beita reglum um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

14. gr.

Maður sá sem óskast framseldur getur krafist úrskurðar sakadóms í Reykjavík um hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi. Ríkissaksóknari skal, jafnframt því sem hann tilkynnir manninum um framsalsbeiðnina og rök fyrir henni, láta hann vita um heimild þessa og að hann eigi þess kost að fá sér skipaðan réttargæslumann samkvæmt 16. gr.

Krafa um úrskurð skal berast ríkissaksóknara eða dómsmálaráðuneyti eigi síðar en 1 sólarhring eftir að þeim sem óskast framseldur er tilkynnt um að dómsmálaráðuneytið hafi

ákveðið að verða við beiðni um framsal. Ef sérstakar ástæður mæla með getur dómsmálaráðuneytið leyft að ákvörðun um framsal sé borin undir dómstól þótt framangreindur frestur sé liðinn.

Hafi úrskurðar verið krafist innan lögmaelts frests eða undanþága leyfð skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.

15. gr.

Við rannsókn vegna framsalsbeiðni má beita þeim þvingunaraðgerðum sem lög um meðferð opinberra mála heimila við rannsókn sambærilegra sakamála. Við ákvörðun þess hvort skilyrði séu til beitingar þvingunaraðgerða má leggja til grundvallar dómsákvæðanir þær sem framsalsbeiðni fylgja án frekari rannsóknar um sönnun sakar viðkomandi manns.

Framangreindum þvingunaraðgerðum má beita uns úr því er skorið hvort framsal skal fram fara og síðan þangað til framsal er framkvæmt sé það heimilað. Ef kveðinn er upp úrskurður um gæsluvarðhald skal því ekki markaður lengri tími en 3 vikur. Þyki nauðsyn bera til að lengja gæsluvarðhaldstímann skal það gert með úrskurði á dómþingi þar sem gæslufanginn er viðstaddur. Ekki má framlengja gæsluvarðhaldstímann um meira en 2 vikur í senn.

16. gr.

Dómari skal skipa manni þeim sem óskast framseldur réttargæslumann ef maðurinn eða ríkissaksóknari æskja þess. Dómari getur og af sjálfsdáðum skipað réttargæslumann ef honum þykir ástæða til.

Laun réttargæslumanns og annar sakarkostnaður skulu greidd úr ríkissjóði. Dómari getur þó ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að viðkomandi maður skuli greiða kostnaðinn.

17. gr.

Þegar að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort framsal skuli heimilað.

18. gr.

Þegar dómsmálaráðuneyti hefur ákveðið að verða við beiðni um framsal skal það framkvæmt svo fljótt sem unnt er. Ef sá sem óskast framseldur er ekki í haldi má handtaka hann og úrskurða í gæslu uns hann er afhentur eða takmarka frelsi hans með öðrum hætti eftir því sem segir í 71. og 72. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Úrskurður um þvingunaraðgerðir skal þó ekki gilda lengur en í 30 daga eftir að endanleg ákvörðun um framsal hefur verið tekin. Samkvæmt beiðni dómsmálaráðuneytisins getur sakadómur þó ákveðið, þegar sérstaklega stendur á, að þvingunarráðstöfunum skuli beitt um tiltekinn lengri tíma.

Þegar maður er framseldur má ákveða að munir eða verðmæti, sem lagt hefur verið hald á í sambandi við málið, séu afhent stjórnvaldi því sem framsals óskaði enda sé við afhendingu gerður fyrirvari, ef ástæða þykir til, til verndar rétti þriðja manns.

III. KAFLI

Aðrar ákvarðanir í tengslum við framsal.

19. gr.

Nú er maður eftirlýstur af yfirvöldum í erlendu ríki vegna þess að hann er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað sem orðið gæti grundvöllur framsals samkvæmt lögum þessum og má þá beita hann þvingunaraðgerðum laga um meðferð opinberra mála með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi. Sömu aðgerðum má beita ef viðkomandi yfirvöld tilkynna að þau muni krefjast framsals fyrir verknaðinn.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.—3. mgr. 73. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

7. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1984 eigi nema hærri fjárhæð en 495 m. kr. og greiðslur af verðtollstekjum eigi nema hærri fjárhæð en 100 m. kr.

8. gr.

3. mgr. 45. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, orðist svo:

Samlagsmenn njóti sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a. m. k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðreynd af lækni.

9. gr.

1. másl. a-liðar 43. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, orðist svo:

Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga hefur gert samning við.

10. gr.

B-liður 43. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis hjá sérfræðingum sem Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga hefur samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur sérfræðingi gjald sem ákveða skal með reglugerð.

11. gr.

1. mgr. 44. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, greiða sjúkrasamlög í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert fyrir þeirra hönd, eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir:

12. gr.

Í stað „37,5%“ í 1. málsl. 2. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, komi: 25%.

13. gr.

Í stað „75%“ í 3. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, komi: 50%.

14. gr.

Í stað „75%“ í 1. og 2. mgr. 4. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, komi: 50%.

15. gr.

5. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:

Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

16. gr.

Frá gildistöku þessara laga til 1. apríl 1985 er greiðsla samkvæmt b-lið 43. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, ekki háð tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis.

17. gr.

48. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólafyrirvöld.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

18. gr.

Niðurlag 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 11 árum eftir gildistöku laganna.

II. KAFLI

19. gr.

Á árinu 1984 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1983 sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 20. og 21. gr. laga þessara.

20. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 12 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1983 fer fram úr 220 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 370 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1983 fer fram úr 150 000 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 300 000 kr.

21. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 750 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn hvors hjóna nær 1 250 000 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 1,2% af því sem eignarskattstofn foreldris fer fram úr 1 000 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn foreldris nær 1 500 000 kr.

22. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 19.—22. gr. laga þessara.

23. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1984 til 31. desember 1984 skal innheimta við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullnumm fódurblöndum og hráefni í fódurblöndur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10.01.10	11.01.22	23.04.20
10.01.20	11.02.21	23.04.30
10.02.00	11.02.29	23.04.40
10.03.00	11.02.39	23.04.50
10.04.00	17.03.01	23.04.60
10.05.00	23.02.10	23.04.70
10.07.10	23.02.20	23.04.80
10.07.20	23.02.30	23.04.90
10.07.30	23.03.00	23.06.00
11.01.21	23.04.10	23.07.00

Gjald skal nema kr. 1,30 af hverju kílógrammi.

Undanskilin gjaldtöku eru fódursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fódur sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til mannelis sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í 5 kg smásöluumbúðum eða minni og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til mannelis.

24. gr.

Um gjald skv. 22. gr. skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., og laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með áorðnum breytingum.

25. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð eða öðrum fyrirmælum um framkvæmd gjaldtöku skv. 23. gr.

III. KAFLI

26. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. desember 1985 er Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979.

27. gr.

Félagsmálaráðherra f. h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að taka allt að 150 m. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp gjaldfallnar skuldir Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Vexti og afborganir af láni þessu greiðir Jöfnunarsjóðurinn af tekjum sínum óskiptum, sbr. ákvæði h-liðar 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð eða taka jafnhátt lán og endurlána það Jöfnunarsjóði.

28. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 222 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi 106. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, þriðjudaginn 22. maí 1984. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vegna byggingar flugstöðvar og tengdra mannvirkja á Keflavíkurflugvelli er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt:

1. Að taka lán að fjárhæð allt að 616 millj. kr. eða jafnvirði allt að 22 millj. Bandaríkjadala. Lánsfjárhæð vegna framkvæmda ár hvert skal ákveðin í lánsfjárlögum í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.
2. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði til framkvæmdanna. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld þessi af vinnuvélum sem notaðar verða við byggingarframkvæmdir samkvæmt þessum lögum. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við byggingarframkvæmdirnar. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar og getur þar m. a. kveðið á um fyrningar og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum.

2. gr.

Utanríkisráðherra skal fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og tengdra mannvirkja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra og 12 sjómílna landhelgi umhverfis það, og skal sú landhelgi afmörkuð á sama hátt og gert er í 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Þá skal og teljast til tollsvæðis ríkisins loftrými það sem er yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

2. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

- | | |
|-------------------|-----------------------|
| 1. Grundartangi | 14. Blönduós |
| 2. Borgarnes | 15. Skagaströnd |
| 3. Rif | 16. Sauðárkrókur |
| 4. Ólafsvík | 17. Ólafsfjörður |
| 5. Grundarfjörður | 18. Dalvík |
| 6. Stykkishólmur | 19. Raufarhöfn |
| 7. Patreksfjörður | 20. Þórshöfn |
| 8. Þingeyri | 21. Vopnafjörður |
| 9. Flateyri | 22. Reyðarfjörður |
| 10. Suðureyri | 23. Fáskrúðsfjörður |
| 11. Bolungarvík | 24. Djúpivogur |
| 12. Hólmavík | 25. Höfn í Hornafirði |
| 13. Hvammstangi | 26. Þorlákshöfn |
| | 27. Selfoss. |

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi tollfyrivalda að breyta fjölda tollhafna hafi vöruflutningar um viðkomandi höfn breyst verulega með tilliti til magns, skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum eru talin ófullnægjandi eða telja verður af öðrum ástæðum að breyta þurfi fjölda tollhafna.

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæslunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farnskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um að á skrána séu færðar allar þær vörur sem á farnskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.

5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaförða farsins.
8. Skrá yfir gáma sem farið flytur, fjölda þeirra, auðkenni og innihald hvers um sig.
9. Skrá yfir allar aðrar vörur sem farið kann að flytja.
10. Öll önnur tollskjöl sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
11. Önnur skjöl og skilríki sem ákveðið kann að verða eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

4. gr.

25. gr. orðist svo:

Stjórnandi fars, sem er í millilandaferðum, skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að ekkert hverfi undan lás og allt, sem undir lás skal vera, sé þar.

Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur í 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

Stjórnandi fars gerir skrá í þríriti yfir vörur skv. 1. mgr. Frumritið afhendist tollgæslunni við komu fars. Tvö eintök skulu fylgja fari meðan það er hér við land, og sendist tollgæslunni annað eintakið við brottför til útlanda en hitt skal vera í farinu við næstu komu þess til landsins.

Setja má í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars nema aðflutningsgjöld séu greidd af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning sem lög hafa að geyma.

5. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. orðist svo:

Tollgæslan gefur fari tollvegabréf til útlanda telji hún ástæðu til, enda hafi stjórnandi fars fullnægt öllum skyldum sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti og ber að senda tollgæslustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er. Hið sama gildir ef sérstök innsiglið er gerð.

6. gr.

2. mgr. 50. gr. orðist svo:

Nú er fleiri en ein vörusending skráð á sama farmbréf og er þá heimil greiðsla aðflutningsgjalda af hverri sendingu fyrir sig ef farmflytjandi skiptir upprunalega farmbréfinu með útgáfu nýrra bréfa.

7. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

- a. Úr 2. tölulið falli brott orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi“.

- b. Úr 3. tölulið falli brott orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum.“
- c. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðist svo:
4. að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endurseld er til útlanda.

8. gr.

Í stað tölunnar „500“ í 68. gr. laganna komi: 15 000.

9. gr.

2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976, falli brott.

10. gr.

2. mgr. 76 gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 31/1979, orðist svo:

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 40 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsíákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 80 000 kr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. mgr. 10. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:

Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

3. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár (í fullu starfi).

4. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónu-
uppbót samkvæmt kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagsins og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

5. gr.

1. og 2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.

6. gr.

2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátíð eða hafið

töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

7. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur vegna starfs í þjónustu launagreiðanda sem aðild á að sjóðnum miðast elli-, örorku- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

8. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 40% af heildarútlánnum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum skv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánnum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra.

Þeir sjóðfélagar, sem þegar hafa hafið töku lífeyris við gildistöku laga þessara, eiga rétt á að um lífeyri þeirra fari samkvæmt 4. og 6. gr. laga þessara. Þeir sjóðfélagar, sem óska að neyta þessa réttar, skulu tilkynna stjórn lífeyrissjóðsins þá ákvörðun sína fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sjóðfélagar, sem þegar hafa lokið greiðslu iðgjalda í 32 ár og enn eru í starfi, eiga rétt á því að kaupa sér lífeyrisrétt vegna hlutastarfs fyrir liðinn tíma sem ekki hafa verið greidd iðgjöld fyrir í samræmi við ákvæði 4. mgr. 10. gr. Tilkynningar um slík réttindakaup skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna (sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984) þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillags vegna rekstrarársins 1983 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1984. Innborgarnir á slíka reikninga í júnímánuði 1984 skulu bundnar í sex mánuði talið frá innborgunardegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.***LÖG****um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Áburðarverksmiðju ríkisins er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 80 millj. kr. sem ríkissjóður ábyrgist í samræmi við ákvæði 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1983. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða helming hvernar afborgunar og vaxta af láni þessu og skulu þær greiðslur metnar sem stofnframlag ríkissjóðs í Áburðarverksmiðju ríkisins vegna byggingar saltþéturssýruverksmiðju.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um lífeyrissjóð bænda

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Lífeyrissjóður bænda starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Bóndi í þessu sambandi, þ. m. t. aðili að félagsbúi, telst sá er stundar búskap á lögbylí þar sem hann á lögheimili, enda hafi hann náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð eiga bæði rétt á sjóðsaðild ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt eða eiga von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega.

Launþegar, er stunda störf við landbúnað, skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð 16 ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbylí ef um er að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum, sambúðarkonum eða sambúðarmönnum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila er um ræðir í þessari málsgrein.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Ráðherra, er fer með málefni lífeyrissjóða, skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórn skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn af stjórn Stéttarsambands bænda en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda er sjóðstjórn ræður og að auki af tveimur endurskoðendum sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af ráðherra sem fer með lífeyrismál. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambandi bænda sameiginlega. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um skipun endurskoðanda skal hann tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál.

Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við aðra aðila um reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánum er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn til ársloka 1985. Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteign.

Heimilt er sjóðstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa og fleiri stofnana er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðstjórn heimilt að víkja frá þessu í bygðarlögum sem Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfa kaup.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki tryggingafræðingi rannsókn leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því sem á vantar þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga vegna búrekstrar skulu innheimt af búvöruverði og vera 1,25% af verði til framleiðanda. Skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 40/1982. Ekki skal þó greiða herra iðgjald en sem svarar 4,2% af þreföldum viðmiðunarlaunum samkvæmt 8. gr. vegna bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra, sambúðarkvenna eða sambúðarmanna, sbr. 2. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að hálfum öðrum viðmiðunarlaunum. Mörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur og skal gjald þetta vera ákveðinn hundradshluti af verði til framleiðenda. Hundradshluti þessi skal ákveðinn þannig að heildarfjárhæð mótfamlags verði 50% hærri en samanlögð iðgjöld framleiðenda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo að það nemi 1,60% af heildarverðmæti búvara á almanaksárinu.

Nú hefur sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald samkvæmt 1. mgr., atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 2. gr., skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó gjald samkvæmt 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótfamlag vegna forstöðumanns búsinns og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumæðferðar, vinnslu eða endursölu, svo sem mjólkurbú, sláturhús, verslanir og veitingahús, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 2. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. mgr. Framleiðendur, sem selja búvörur sínar án milliliðar til neytenda, skulu annast innheimtu mótfamlags samkvæmt 2. mgr. og standa skil á því til sjóðsins ásamt iðgjöldum samkvæmt 1. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar. Nú innheimtist herra iðgjald samkvæmt 1. mgr. en greiða ber og

skal þá endurgreiða það, sem umfram er, eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Gjald dagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnar í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga ef skil eru ekki gerð innan 30 daga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8. gr.

Iðgjöld bónda og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns vegna búrekstrar, sbr. 1. mgr. 7. gr., skulu skiptast milli þeirra til helminga. Nái iðgjald þessara sjóðfélaga vegna búrekstrar ekki því hámarki er um getur í 1. mgr. 7. gr. og hafi annað hvort þeirra atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa rétt til lífeyris í þessum sjóði eða öðrum getur sjóðstjórn þá fallist á umsókn aðila um aðra skiptingu iðgjalda. Aldrei getur slík skipting þó leitt til þess að herra iðgjald sé reiknað sjóðfélaga vegna búrekstrar en nemur hámarki iðgjalds einhleyps bónda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. Falli iðgjöld annars niður vegna aldurs, töku ellilífeyris eða fráfalls skal með sömu takmörkunum reikna hinu iðgjöld vegna búrekstrarins. Verði annar sjóðfélaginn öryrki í þeim mæli sem í 10. gr. segir skal skipting ákveðin á ný í samræmi við orkutap, þó aldrei fyrir en frá byrjun þess árs er úrskurður um orkutap er kveðinn upp.

Að lokinni skiptingu samkvæmt 1. mgr. skulu samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilagrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 6 mánaða frá lokum almanaksárs og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaxsmánuð fast mánaðar-kaup miðað við næstlægsta texta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurs-hækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði á breytingar á almennum launakjörum í landinu skal hann að fengnum tillögum frá sjóðstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll svo og tengingu hans við eldri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

Stig hvers árs reiknast þannig að deilt skal með viðmiðunarlaunum ársins í 24-föld iðgjöld sjóðfélagens fyrir það árið.

Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig lengur en til upphafs þess almanaksárs er taka ellilífeyris hefst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 0,5 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,4% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins annaðhvort samfleytt undanfarna 18 mánuði eða undanfarin þrjú almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanförunum 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi til langframa er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu þrjú árin aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur óskertum þeim tekjum er hann hafði áður, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. mgr. 12. gr. verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs er hann nær 67 ára aldri miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, atvinnuleysis eða slæms árferðis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði á þeim tíma er örorka óx.

Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess almanaksárs er sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til loka þess almanaksárs er hann nær 67 ára aldri. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum sem af 1. mgr. 7. gr. leiðir.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarna 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum í þrjú ár eftir andlátið, enda hafi hjónabandið þá staðið a. m. k. í tvö ár. Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal makalífeyrir þó veittur til 18 ára aldurs barnsins án tillits til hjúskapartíma. Kjörbarn þeirra skapar sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagens áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést.

Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. mgr., enda hafi ósk um aðild að sjóðnum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. borist sjóðnum a. m. k. einu ári fyrir andlátið. Nú annast sambúðarmaður eða sambúðarkona eða systkini sjóðfélaga heimili hans án þess að vera sjálf sjóðfélagi og er þá stjórn sjóðsins heimilt að verða við skriflegri ósk sjóðfélagens um sams konar rétt hlutadeigandi manni til handa.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða makalífeyri að hluta eða að fullu að þeim tíma loknum sem tiltekinn er í 1. mgr. ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri eftir 67 ára aldur hins eftirlifandi maka. Aldrei skal makalífeyrir samkvæmt þessari málsgrein þó vera hærri en

svo að hann svari til 40 stiga að frádregnum þeim stigum sem hinum eftirlifandi maka hafa sjálfum verið reiknuð. Taka skal á hliðstæðan hátt tillit til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum.

Upphæð fulls makalífeyris er hundradshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stiga-fjöldi sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur í samræmi við ákvæði síðustu málsgreinar 10. gr., en síðan til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makalífeyrisþeginn gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð en gengur aftur í gildi ef hjúskapnum eða sambúðinni er slitnið án réttar til lífeyris.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem undanfarna 6 mánuði hefur greitt iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi er sér um framfærslu þess er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, átletuð í samræmi við 4. mgr. 11. gr., eru a. m. k. 0,5. Séu átletuð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga er nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundradshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma sé uppfyllt. Sama gildir ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af öðrum ástæðum en veikindum af starfi er veitti honum aðgang að sjóðnum telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, og hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur og öðlast a. m. k. 0,5 stig fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

14. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda til sjóðfélaga er óheimil nema þegar svo stendur á sem greinir í 5. mgr. 7. gr., sbr. enn fremur ákvæði 15. gr. um flutning milli lífeyrissjóða.

15. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er að lögum eða nýtkja viðurkenningar fjármálaráðuneytisins er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld sem greidd hafa verið hans vegna. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til.

16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess sem fer með málefni lífeyrissjóða.

II. KAFLI

17. gr.

Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- a. Hafi náð 70 ára aldri.
- b. Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.
- c. Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964—1969, brot úr ári til að ná fullum 10 árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum 10 árum.

Nú andast maður sem öðlast hafði rétt til lífeyris samkvæmt 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c-liðar 1. mgr. með áframhaldandi réttindavinnslu og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið a. m. k. í 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Sambúð, sbr. 2. mgr. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita systkini bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann þó reiknast lengri en 20 ár.

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði eldri laga um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframléiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbýli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbýlis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbýla.

18. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal viðmiðunarlauna, sbr. 3. mgr. 8. gr., næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár, en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5% að viðbættu 1% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu árana ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins er lokið.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris auk réttindatíma samkvæmt 3. mgr. 17. gr. taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir samkvæmt 9.—11. grein kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. mgr. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. og 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður auk réttindatíma sem bóndi jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu er nema 1/4 viðmiðunarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 3. mgr. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um 1/12 fyrir hvern 1/12 hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en 3/4 skal hann felldur niður með öllu.

19. gr.

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. og 18. gr. greitt að 37,5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 62,5% úr ríkissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

20. gr.

Peir bændur, sem telja sig eiga rétt til lífeyris samkvæmt 18. gr., skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar er sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri samkvæmt 18. gr.

Skylt er þeim, er nýtur lífeyris samkvæmt 18. gr. sem kvæntur bóndi, að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðarmaður eða sambúðarkona fellur frá ellegar hjúskap eða óvígðri sambúð er slitid. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

III. KAFLI

21. gr.

Skylt er sjóðfélaga að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef hann gengur í hjónaband eða skilur við maka sinn. Getur sjóðstjórn krafist dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 7. gr. ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess að tilkynning um hjúskap hefur ekki borist henni. Skilnaður að borði og sæng telst samkvæmt lögum þessum jafngilda lögskilnaði.

Upphaf sjóðsaðildar vegna óvígðrar sambúðar og skyldur þær og réttindi samkvæmt I. kafla, er af henni leiða, miðast við þann tíma er skrifleg ósk beggja aðila hefur borist sjóðstjórn. Úrganga úr sjóðnum vegna slita á óvígðri sambúð og brottfall slíkra réttinda og skyldna er af því leiða miðast við þann tíma er skrifleg tilkynning annars sambúðaraðila um sambúðarslitin berst sjóðstjórn.

22. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða lífeyri sjaldnar en mánaðarlega, en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

23. gr.

Óheimilt er að framselja eða vedsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

24. gr.

Árin 1984 og 1985 skal lífeyrir, bæði samkvæmt I. og II. kafla hvort ár fyrir sig, miðast við viðmiðunarlaun undanfarinna fimm almanaksára.

25. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla ef sjóðurinn er talinn þess megnugur með hliðsjón annars vegar af kaupgjaldsþróun og hins vegar af ávöxtun og verðtryggingu eigna hans.

Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón annars vegar af hækkun viðmiðunarlauna samkvæmt 8. gr. frá því sem þau voru á því tímabili er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við en hins vegar af ávöxtun og verðtryggingu eigna og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræðingurinn hefur lagt til.

Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á viðmiðunarlaunum. Lækki viðmiðunarlaun skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. mgr.

26. gr.

Stig, sem sjóðfélagar hafa áunnið sér til ársloka 1983 og miðuð eru við grundvallarlaun sjóðsins eins og þau hafa verið til þess tíma samkvæmt eldri lögum, skulu umreiknuð í stig samkvæmt 4. mgr. 8. gr. þannig að hvert stig samkvæmt eldri lögum jafngildi 1 1/3 stigi samkvæmt lögum þessum. Hundraðshlutar þeir, sem réttindi samkvæmt II. kafla miðast við, sbr. 1. mgr. 18. gr., skulu breytast í sama hlutfalli.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar skal áunnum stigum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin hefur staðið fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu, sbr. þó 5. mgr.

Um lífeyrisgreiðslur samkvæmt I. kafla fram til ársloka 1983 fer eftir eldri lögum. Þeir, sem njóta lífeyris í árslok 1983, skulu frá 1. janúar 1984 taka lífeyri samkvæmt lögum þessum, nema þeir eigi betri rétt samkvæmt eldri lögum.

Falli sjóðfélagi frá eftir árslok 1983 helst réttur til makalífeyris samkvæmt 11. gr. laga nr. 101/1970, sbr. lög nr. 67/1974, vegna stiga sem áunnin hafa verið til ársloka 1983, að því leyti sem hann er betri en réttur samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. mgr. Slíkur réttur skal þó einungis miðast við áunnin stig án framreiknings.

Nú óskar bóndi, sem fæddur er árið 1915 eða síðar, eftir skiptingu réttinda sem áunnin eru fyrir árslok 1983, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. og miðað við þann tíma er hjúskapur eða sambúð hefur staðið, sbr. síðasta málslíð 1. mgr. 7. gr., og skal þá orðið við slíkri ósk, enda berist hún stjórn sjóðsins ásamt samþykki maka eða sambúðaraðila fyrir árslok 1984. Það er enn fremur skilyrði fyrir slíkri skiptingu að taka lífeyris samkvæmt ákvæðum eldri laga hafi ekki átt sér stað. Við skiptinguna fellur niður réttur sá sem nefndur er í 4. mgr. og skiptingin veitir ekki rétt til lífeyris vegna orkutaps eða fráfalls sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1983.

27. gr.

Um skipulag sjóðsins og starfsemi má kveða nánar á í reglugerð er ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða, setur að fengnum tillögum sjóðstjórnar.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, svo og lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980, lög nr. 84/1980 og lög nr. 100/1982, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1984 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að í stað þess að reiknast af viðmiðunarlaunum árána 1979—1983, sbr. 1. mgr. 18. gr. og 24. gr., miðist lífeyrir frá 1. janúar 1984 við 80,1% af þágildandi viðmiðunarlaunum. Hinn 1. júlí 1984 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal reiknaður á sama hátt, þó þannig að miðist lífeyrir við fleiri stig en 40 verði einungis sá lífeyrir, er svarar til 40 stiga, reiknaður á þennan hátt, en um afganginn fer eftir ákvæðum 24. og 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri ef farið væri eftir þessum síðar nefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar á árinu 1984, sem greidd er lífeyrisþegum er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Til skattskyldra tekna og eigna aðila, skv. 1. gr. þessara laga, teljast þó ekki tekjur og eignir stofnlánasjóða og veðdeilda sem stofnuð eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum og í tengslum við innlánsstofnanir en sem fjárhagslega sjálfstæðar deildir. Fjárhagur þeirra sé greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana enda séu reglur þar um viðurkenndar af fjármálaráðuneytinu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Í stað heimildar til niðurfærslu viðskiptaskulda í 2. másl. 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. másl. 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 er skattskyldum aðilum samkvæmt lögum þessum heimilt að færa fjárhæð til gjalda í sérstakan afskriftareikning útlána sem nemur 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Heildarfjárhæð afskriftareiknings útlána skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en 1% af heildarfjárhæð útlána og veittra ábyrgða í árslok. Fari afskriftareikningurinn eitthvert ár fram úr þessum mörkum skal mismunurinn teljast til tekna.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Innlánsstofnanir með lægri heildarinnlán en 50 millj. kr. í lok næsta árs á undan tekjuári skulu undanþegnar skattgreiðslum samkvæmt lögum þessum, en skulu engu að síður framtalsskyldar.

Undanþága skv. 1. mgr. miðast við heildarinnlán 31. desember 1982 og skal viðmiðunarfjárhæð síðan breytast árlega í samræmi við útreikning verðbreytingarstuðuls samkvæmt 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, í fyrsta sinn miðað við 31. desember 1983 vegna skattlagningar tekna og eigna ársins 1984.

Verði aðili, sem myndað hefur skattalegan varasjóð eða fengið frestað skattlagningu söluhagnaðar meðan hann er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, síðar undanþeginn skattgreiðslu skv. 1. mgr. skal varasjóður og frestaður söluhagnaður, framreiknaður skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, teljast til skattskyldra tekna síðasta skattskylduárs án viðurlaga. Hafi aðili myndað fjárfestingarsjóð skal hann einnig teljast til tekna á síðasta skattskylduári framreiknaður en án viðurlaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1983 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánnum og veittum ábyrgðum í árslok 1982.

II.

Til ársloka 1985 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum greiða sérstaka fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar skatta skv. lögum þessum. Kemur hún í stað fyrirframgreiðslu skv. 110. gr. laga nr. 75/1981.

Stofn til sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu.

Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjaldþagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal skila mánaðarlega viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðast liðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt, að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra, skulu gilda um fyrirframgreiðslu skv. 2.–5. mgr. eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsla, sem innt var af hendi á árinu 1983, skal ganga upp í álagningu á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs. Mánaðarleg fyrirframgreiðsla á árinu 1984 skal vera 0,06% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984 og eigna í lok þess árs. Á árinu 1985 skal mánaðarleg fyrirframgreiðsla nema 0,03% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 og eigna í lok þess árs.

Komi í ljós við álagningu 1984 til 1986 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslu vegna viðkomandi tekjuárs en nemur álögðum gjöldum skv. lögum þessum skal ríkissjóður þegar endurgreiða án vaxta það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla fyrir viðkomandi tekjuár skal það, sem vangreitt er, innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum hinn 1. hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Frá og með gjaldárinu 1987 skal fara um greiðslur aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Ákvæði þess kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árunum 1984 til 1986 eftir því sem við getur átt.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1984 greiða ríkissjóði 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 45% af þóknun (próvision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir. — Seðlabankinn hefur eftirlit með því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða eða fella niður innheimtu á 1/3 hluta þess 60% gjalds af gengismun og umboðspóknun sem lagt var á gjaldeyrisbankana á árinu 1983 samkvæmt lögum nr. 40/1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1969, um umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um Ríkismat sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með og meta allan fisk, sem veiddur er úr sjó, annan en bræðslufisk, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða. Undanþeginn er þó eiginn afli er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Heimilt er, sbr. 2., 14., 18. og 19. gr., að fela sérstökum aðilum, með ákveðnum skilyrðum, eftirlit með vinnslu og mat á afurðum.

Fiskur er samkvæmt lögum þessum öll sjávardýr, önnur en spendýr, og hlutar hinna fyrrnefndu sem nýtt eru til manneldis. Fiskafurðir eru matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að meiri hluta til úr fiski.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrenni þeirra.

Ríkismat sjávarafurða skal veita leiðbeiningar er lúta að starfrækslu stofnunarinnar um fiskverkun og meðferð fisks.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur í reglugerð falið sérstökum rannsóknarstofnunum eftirlit og rannsóknir á tilteknum sjávarafurðum.

Ríkismat sjávarafurða hefur aðgang að nauðsynlegri efna- og gerlafræðilegri þjónustu hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem enn fremur þróar í samráði við Ríkismatið þær vísindalegu mælingaaðferðir sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirrar stofnunar.

Ríkismat sjávarafurða skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans.

II. KAFLI

Um Fiskmatsráð.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjö menn í fiskmatsráð til fjögurra ára er verði ráðherra til ráðuneytis varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Eigi skulu færri en fjórir þeirra, er í fiskmatsráði sitja, vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Ráðherra skipar formann ráðsins.

Tillagna fiskmatsráðsins skal leitað vegna setningar reglna er varða starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Fiskmatsráð skal vera umsagnaraðili um mál sem upp rísa vegna ágreinings um framkvæmd mats. Fiskmatsráð skal leitast við að koma á aukinni samvinnu Ríkismats sjávarafurða og hagsmunaaðila sjávarútvegsins um gæðamat sjávarafla og gera tillögur um rannsóknir og tilraunir er miða að bættri meðferð og nýjungum í vinnslu hans.

Fiskmatsráð kynnir sér erlend ákvæði eða reglur um lágmarksákvæði.

Fiskmatsráði ber að gera tillögur til ráðherra um hvað eina er það telur ástæðu til í sambandi við framkvæmd mats og eftirlits, svo og stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða.

Ráðherra getur óskað umsagnar fiskmatsráðs um hvað eina varðandi stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða, þar á meðal ráðningar í stöður innan stofnunarinnar.

4. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fjögurra ára í senn og nefnist hann fiskmatsstjóri. Við skipun í starfið skal tekið tillit til menntunar og starfsreynslu.

5. gr.

Skrifstofa fiskmatsstjóra annast fjárhags- og kostnaðaráætlanir, svo og önnur rekstrar- og starfsmannamál stofnunarinnar. Skrifstofan skal enn fremur annast söfnun og úrvinnslu matsgagna.

III. KAFLI

Um starfsmenn.

6. gr.

Ríkismat sjávarafurða starfar í tveimur deildum, afurðadeild og ferskfiskdeild. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn forstöðumann fyrir hvora deild. Við skipun í störfin skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar og starfsreynslu.

7. gr.

Hjá Ríkismati sjávarafurða skal starfa sérfræðingur í hreinlætismálum sem hefur yfirumsjón með hreinlætismálum sjávarafurða á vegum Ríkismatsins í samvinnu við og undir stjórn fiskmatsstjóra. Hann skal hafa á hendi faglegt hreinlætiseftirlit ferskfiskdeildar og afurðadeildar, svo og þjálfun þeirra starfsmanna er annast framkvæmd hreinlætiseftirlitsins samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Ráðherra skipar fulltrúa forstöðumanna er hafi með höndum stjórn og eftirlit með störfum yfirmatsmanna samkvæmt nánari fyrirmælum viðkomandi forstöðumanns.

9. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsögnum forstöðumanns viðkomandi deildar. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri matsgreina eftir ákvörðun forstöðumanns sem jafnframt getur fært þá milli umdæma.

10. gr.

Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi og reglugerðir, settar samkvæmt þeim, gera ráð fyrir.

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn, en þeir, sem lokið hafa prófi fiskiðnaðarmanna, skulu að öðru jöfnu njóta forgangs til löggildingar.

Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir muni rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær sem starfi þeirra fylgja.

Fiskmatsstjóra er heimilt að veita mönnum án tilskilinna réttinda undanþágu til matsstarfa, í allt að þrjá mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmenn löggildingu eða undanþágu um stundarsakir að fenginni umsögn Ríkismats sjávarafurða, enda hafi hann sýnt alvarlega vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi.

IV. KAFLI

Ferskfiskdeild.

11. gr.

Ferskfiskdeild skal annast gæða- og stærðarmat á öllum ferskum, nýjum eða ísuðum fiski við löndun hans. Hún skal enn fremur fylgjast með geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess er vinnsla hans hefst.

Ferskfiskdeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa.

12. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal hafa eftirlit með gæðum hráefnis og skal stöðva vinnslu, ef gæði hráefnis fullnægja ekki kröfum sem settar eru í reglum samkvæmt lögum þessum.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu fisks vegna ónógra gæða ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða í hvaða vinnslu heimilt sé að hagnýta fiskinn. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun vinnslu samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Ferskfiskmatsmönnum er óheimilt að þiggja laun frá kaupendum eða seljendum afla vegna framkvæmdar ferskfiskmats.

V. KAFLI

Afurðadeild.

14. gr.

Afurðadeild annast yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Enn fremur annast afurðadeild mat á afurðum og eftirlit með þeim á öllum stigum vinnslu og þar til þeim er skipað út að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt og ekki hefur verið falið öðrum aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Afurðadeild gefur út útflutningsvottorð sé þess krafist í reglugerð. Deildin skal gæta þess að ekki verði fluttar út sjávarafurðir sem ekki standast þær kröfur sem lög þessi og reglugerðir, settar samkvæmt þeim, setja.

Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis.

15. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi sjávarafurðir sem lög þessi ná til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar með hæfilegum fyrirvara.

16. gr.

Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningstækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

Ríkismati sjávarafurða er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi síni hann víta-verða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans. Verði meiri háttar mistök í meðferð sjávarafra og/eða framleiðslu sjávarafurða skal Ríkismat sjávarafurða framkvæma ítarlega rannsókn á orsökum þess og gefa sjávarútvegsráðherra og fiskmatsráði skriflega skýrslu um tildrög og orsakir mistakanna.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og endurveitingu vinnsluleyfis.

VI. KAFLI

Um skyldur útflytjenda.

17. gr.

Framleiðendur skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn sem samþykktir eru af afurðadeild eða fá til þess matsmenn sem Ríkismatið samþykkir.

18. gr.

Útflytjendum sjávarafurða er skylt að hafa starfandi eftirlitsmenn á sínum vegum sem jafnframt séu löggiltir matsmenn. Eftirlitsmenn þessir skulu sérstaklega kynna framleiðendum, verkstjórum þeirra, matsmönnum, eftirlitsfólki og starfsfólki, eftir því sem við á hverju sinni, kröfur erlendra viðskiptaaðila.

Eftirlitsmenn skulu vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og fylgjast með yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram.

Útflytjendum sjávarafurða, sem ekki hafa í þjónustu sinni löggilta eftirlitsmenn, er skylt að kaupa þessa þjónustu af aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

19. gr.

Peir, sem flytja út sjávarafurðir, eru skyldir til að hafa löggilta lestunarstjóra eða kaupa þessa þjónustu af Ríkismatinu eða aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

Lestunarstjórar skulu hlíta fyrir mælum yfirfiskmatsmanna afurðadeildar um hleðslu skipa að því er varðar magn, gæðaflokka, útlit, merkingar, umbúnað og þrif í lestum.

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir lestunarstjóra skv. tilnefningu forstöðumanns afurðadeildar.

20. gr.

Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða sem lög þessi ná til, ber, sé þess óskað, að láta fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfátt. Þá ber þeim og, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skadabóta-kröfur.

Pó er skylt að láta Ríkismati sjávarafurða í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna alvarlegra galla eða skemmda á vörum.

Ríkismat sjávarafurða fer með upplýsingar þessar sem trúnaðarmál.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsókna.

Skylt er framleiðanda og útflytjanda að veita starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og mats.

22. gr.

Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits úrskurða yfirfiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð. Skjóta má úrskurði um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til ráðherra.

23. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur um hvað eina er snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um meðferð og frágang afla um borð í veiðiskipum, meðferð og frágang hráefnis og sjávarafurða í vinnslustöðvum, geymslum og flutningatækjum, matsreglur og vörustaðla, enn fremur um menntun matsmanna og verkstjóra í vinnslustöðvum. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að kaupendur eða seljendur afla og/eða eigendur sjávarafurða skuli greiða kostnað af störfum matsmanna.

24. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Tekjur Ríkismats sjávarafurða af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum fara eftir lögum þar um eins og þau eru á hverjum tíma.

25. gr.

Hver sá, sem sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum eða sviptingu vinnsluleyfis, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

26. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, ásamt lögum nr. 19/1975, 4. gr. laga nr. 27/1976 og lög nr. 14/1981.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum og eldri lögum um sama efni, halda gildi sínu eftir því sem við á.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með 1. ágúst 1984 eru lagðar niður stöður forstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra, fulltrúa og yfirfiskmatsmanna hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða, fer eftir ákvæðum viðeigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG**um breyting á lögum nr. 62/1979, um landflutningasjóð.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Tekjur landflutningasjóðs eru þessar:

1. Framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

2. Tekjur af starfsemi sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans.

Landflutningasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Rétt til lána úr sjóðnum eiga þeir einir sem eru fullgildir félagar í Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 14 14. apríl 1980.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968, lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979 og lög nr. 44 11. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist og hljóði þannig:

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði með því að veita stofnlán og styðja við almennt umbótastarf í iðnaði.

2. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað „0,05%“ í 1. tl. 5. gr. komi: 0,25%.
2. Í stað orðanna „samkvæmt III. kafla laga nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1963“ í 1. tl. 5. gr. komi orðin: samkvæmt V. kafla laga nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og skal hækkun gjaldsins úr 0,05% í 0,25% koma til framkvæmda á árinu 1985 á gjaldstofn ársins 1984.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar sem verða 7., 8., 9. og 10. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

a. (7. gr.)

Stofna skal í Iðnlánasjóði vöruþróunar- og markaðsdeild er hafi eftirfarandi tilgang: að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins, að örva nýsköpun, að auka útflutning iðnaðarvara.

b. (8. gr.)

Hlutverk sitt skal vöruþróunar- og markaðsdeild rækja m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánnum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánnum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlagi til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, skv. 4. tl. 9. gr. laga þessara.
4. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði. Árleg framlög og/eða styrkir mega aldrei leiða til skerðingar á höfuðstól deildarinnar.
5. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.

Lán skv. 1. og 2. tl. er heimilt að hafa afborgunarlaus í allt að þrjú ár, og jafnframt er heimilt að afskrifa lánin heppnist verkefnið ekki. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

c. (9. gr.)

Ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs við gildistöku laga þessara.
2. $\frac{4}{7}$ hlutar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tl. 5. gr. laganna.
3. Framlag ríkissjóðs er skal að lágmarki vera jafnhátt gjaldi skv. 2. tl. þessarar greinar.
4. $\frac{2}{7}$ hlutar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 1. tl. 5. gr. laganna, og skal þeim hlut ráðstafað óskiptum til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
5. Afborganir, verðbætur og vextir af lánnum vöruþróunar- og markaðsdeildar.
6. Aðrar tekjur.

d. (10. gr.)

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita ábyrgðir á lánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eftir nánari reglum er stjórn sjóðsins setur. Ábyrgðir, sem kynnu að falla á Iðnlánasjóð, skulu dregnar frá ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr liður, 6. tl., er hljóði þannig: Til kaupa á tölvubúnaði og tölvukerfum.

5. gr.

3. málslíður 12. gr. laganna breytist og hljóði þannig: Gegn ríkisábyrgð eða ábyrgð þriðja aðila er sjóðsstjórn telur fullnægjandi.

6. gr.

Lög þessi skal fella að lögum nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, ásamt breytingum á þeim lögum, nr. 19 1968, nr. 42 1971, nr. 50 1973, nr. 68 1974, nr. 44 1977, nr. 59 1979 og nr. 44 1982, og skulu lögín þannig gefin út í heild. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 54 6. júní 1980, um Iðnrekstrarsjóð.

Ákvæði 1. tl. 5. gr., 3. tl. 8. gr., 2. tl., 3. tl. og 4. tl. 9. gr. skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1984. Frá og með þeim degi yfirtekur Iðnlánasjóður allar eignir og ábyrgist allar skuldir og ábyrgðir Iðnrekstrarsjóðs, og til hans skulu renna stofnframlög ríkisins vegna Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1984.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G**um heimild til að selja ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi,
Vestur-Ísafjarðarsýslu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Suðureyrarhreppi ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Námuréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin við sölu, sömuleiðis vatns- og hitaréttindi umfram heimilisþörf ábúanda Selárdals, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta hin undanskildu réttindi.

Jörðina eða hluta hennar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

Náist ekki samkomulag um söluverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Írafell í
Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði, eyðijörðina Írafell fyrir það verð sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG**um sjúkraliða.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðrum skóla hér á landi er heilbrigðisráðuneytið viðurkennir.

Einnig má veita þeim leyfi sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands.

3. gr.

Óheimilt er að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. þessum lögum.

4. gr.

Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

5. gr.

Sjúkraliðar skulu aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings.

6. gr.

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Ef sjúkraliði vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis skal landlæknir áminna hann. Komi áminningin ekki að haldi leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að hlutaðeigandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur sjúkraliði verið sviptur starfsleyfi samkvæmt 1. málsg. og er þá ráðherra heimilt að veita honum leyfið aftur, enda liggja fyrir meðmæli landlæknis.

8. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarлага, nr. 8/1974, að öðru leyti en þar sem kveðið er á um nám sjúkraliða.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 113 29. desember 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna falli niður og breytist röð annarra greina til samræmis við það.

2. gr.

5. gr. laganna, sem verður 4. gr., breytist og orðist svo:
Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara er kosnir skulu á sama hátt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið laganna.

1. gr.

Markmið laganna er:

- að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbýgginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum,
- að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði.

II. KAFLI

Hlutverk og skipulag stofnunarinnar.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Á vegum stofnunarinnar skal unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Stofnunin skal hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála skv. lögum þessum.

3. gr.

Húsnæðisstofnunin starfar sem ein heild, en skiptist í þrjár deildir:

Deild fyrir almenn íbúðaveðlán, sem fari með málefni Byggingarsjóðs ríkisins og lánveitingar úr honum.

Deild fyrir félagslegar íbúðir, sem annist málefni Byggingarsjóðs verkamanna og lánveitingar úr honum.

Tæknideild, sem hafi með höndum tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur.

Rekstrarbókhald stofnunarinnar skal ríkisbókhald annast.

4. gr.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, *húsnæðismálastjórn*, skipa 9 menn, sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum og tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt. Alþingi kýs tvo endurskoðendur og tvo til vara.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina skv. 7. gr.

5. gr.

Hlutverk húsnæðismálastjórnar er:

1. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að skera úr vafa- eða ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludaga þeirra.
4. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætl- anir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
5. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
6. Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana.

6. gr.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk stofnunar- innar skv. tillögum húsnæðismálastjórnar.

7. gr.

Kostnaður við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna.

Kostnaður við rekstur tæknideildar skal borinn uppi af sölu á þjónustu deildarinnar.

III. KAFLI

Byggingarsjóður ríkisins.

8. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins er að veita lán til íbúðabygginga og kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum, til viðhalds og endurbóta á notuðu íbúðarhúsnæði og til nýjunga í byggingariðnaði í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra.

9. gr.

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár sem samþykkt er af félagsmálaráð- herra og fjármálaráðherra.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingarsjóðs og lífeyrissjóða skv. lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977 og á almennum markaði skv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnar hverju sinni.
4. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VII. kafla þessara laga.

10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands.

Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta fer fram í almennum lánastofnunum sem húsnæðismálastjórn semur við um þá þjónustu.

11. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. 1.—9. tölulið, enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram:

1. Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á notuðum íbúðum.
3. Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflökka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

12. gr.

Umsóknir um lán skulu sendar á sérstöku umsóknareyðublaði sem stofnunin lætur í té. Með umsókn skal senda öll þau gögn sem tilskilin eru.

Þegar gögn hafa borist skal senda umsækjanda staðfestingu á úrskurði stofnunarinnar um umsókn hans.

Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.

13. gr.

Lán skv. 1. tl. 11. gr. er heimilt að veita til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Lánsfjárhæð til hvernar íbúðar fer eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúða, sbr. 32. gr.

Ef umsækjandi um lán ætlar að byggja leiguíbúð eina eða fleiri eða leigja sína fyrri íbúð þegar byggingu er lokið skal hann undirrita skuldbindingu um að hann leigi hana til íbúðar þegar nýja íbúðin er fullgerð.

Standi lántakandi ekki við skuldbindingu sína skv. framansögðu, sameinar íbúðina annarri íbúð eða tekur til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara.

Skv. þessari grein skal einnig veita lán til þeirra sem byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða til einkaeignar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til umsækjenda sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð er talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera allt að 31 ári. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til kaupa á notuðum íbúðum.

14. gr.

Lán skv. 2. tl. 11. gr. er heimilt að veita til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda. Lánsfjárhæð skal vera visst hlutfall af láni til nýbyggingar og skal hlutfallið ákveðið til eins árs í senn af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, sbr. og ákvæði 13. gr.

Þó má lán, sem veitt er skv. þessari grein, að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán er á hverjum tíma.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 21 ári en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.

15. gr.

Lán skv. 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita þeim sem byggja leiguíbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum eða öldruðum.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða hámarkshlutfall lána skv. þessari grein. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fókheld.

Heimilt er að selja lífeyrisþegum hlutdeild í íbúð sem byggð er skv. þessari grein með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta. Nánari reglur um slíka hlutareign leigutaka verði settar í reglugerð.

Að fengnu leyfi Seðlabanka Íslands er sveitarfélögum eða öðrum, sem byggja skv. þessari grein, heimilt að selja verðtryggð skuldabréf til einstaklinga sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili. Skuldabréfin skulu tryggð með öðrum veðrétti í viðkomandi íbúð næst á eftir veði Byggingarsjóðs ríkisins og vera verðtryggð skv. lánskjaravísitölu en vaxtalaus.

Heimilt er að setja í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra flytur úr íbúðinni eða vistheimilinu svo og við andlát hans.

Ekki er heimilt að ráðstafa meira en helmingi íbúða eða vistrýma í hverjum byggingaráfanga gegn sölu á skuldabréfum nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar.

16. gr.

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu leiguíbúða fyrir aldraða eða dvalarheimilis skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkar leiguíbúðir eða heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Umsókn um lán til byggingar leiguíbúða, dagvistarstofnana eða dvalarheimila skv. niðurstöðum slíkrar könnunar skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytis. Umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar fyrir börn skal fylgja umsögn menntamálaráðuneytis. Er það skilyrði lánveitingar að þessar umsagnir mæli með henni.

Óheimilt er að selja leiguíbúðir sem byggðar eru skv. ákvæðum þessarar greinar meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

17. gr.

Heimilt er að greiða út lán skv. 3. tl. 11. gr. í samræmi við framkvæmdahraða og gera sérstakan framkvæmdalánssamning þess efnis. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

Lán þessi eru til allt að 21 árs og veitt gegn 1. og 2. veðrétti. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.

18. gr.

Lán skv. 4. tl. 11. gr. er heimilt að veita til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar en ekki til almenns viðhalds.

Lán til viðbyggingar eða endurbóta má nema allt að 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu. Ef um viðbyggingu er að ræða og jafnframt eldra húsið endurbyggt og hvor verkþáttur um sig uppfyllir reglur húsnæðismálastjórnar um lánshæfni má lánið nema samtals allt að 80% af fullu láni til nýbyggingar.

Umsóknum um lán til endurnýjunar og viðbygginga skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og skulu umrædd gögn hljóta samþykki Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Umsóknum skal einnig fylgja samþykki viðkomandi sveitarstjórnar ef um útlitsbreytingar er að ræða.

Lán skv. 4. tl. 11. gr. til meiri háttar endurbóta má ekki veita út á sömu íbúð oftari en á 10 ára fresti.

19. gr.

Heimilt er að greiða fyrri hluta láns til framkvæmda skv. 18. gr. meðan á þeim stendur. Síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrir en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni stofnunarinnar. Greiðslu láns til meiri háttar viðbygginga má þó haga í samræmi við reglur um greiðslu nýbyggingarlána.

Þessi lán skal að jafnaði veita gegn 2. veðrétti, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats viðkomandi íbúðar. Lánstími skal vera allt að 21 ár, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

Lán skv. þessari grein mega koma til viðbótar lánnum skv. 2. tl. 11. gr., en samtals mega þau þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán til nýbyggingar.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

20. gr.

Lán skv. 5. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarstjórnnum og öðrum sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

- Lán skv. 1. tl. 11. gr. til byggingar íbúða handa fólki sem býr í heilsuspillandi íbúðum. Lánskjör eru hin sömu og á öðrum lánnum skv. þeim tölulíð.
- Viðbótarlán skv. 21. gr. þessara laga.
- Lán til byggingar leiguíbúða samkv. IV. kafla þessara laga um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 58. gr. varðandi lánskjör og aðra skilmála.

Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti og greinir í 1. mgr. 17. gr.

21. gr.

Nú sækir sá sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. b-lið 20. gr. til þess að byggja eða kaupa íbúð handa fólki sem býr í heilsuspillandi húsnæði, að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að jafnhárrí fjárhæð og hámarkslán er á því ári samkv. 1. tl. 11. gr., enda verði það lán að fullu notað. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði. Lán samkv. þessari mgr. skal greiða í tvennu lagi ef um nýbyggingar er að ræða. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er foheld en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutadeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni skv. 1. tl. 11. gr. en gegn 2. veðrétti að jafnaði ef keypt er notuð íbúð.

Lánstími skal vera allt að 26 ár. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

22. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja að mati byggingarfróðra manna sem Húsnæðisstofnun ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 80% af viðgerðarkostnaði. Þó má lán til endurbóta á heilsuspillandi íbúð aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 16 árum en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.

23. gr.

Lán skv. 6. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar íbúðarhúsnæðis vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar lánnum skv. 1. tl. 11. gr.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á íbúðarhúsnæði og er þá heimilt að þau komi til viðbótar lánnum samkv. 2. tl. 11. gr.

Lán skv. þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsókn um lán skv. þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

24. gr.

Fjárhæð láns skv. 6. tl. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdirnar nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar. Þó má lán aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 16 árum, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Ef lántaki er 70 ára eða eldri eða er fatlaður og fjárhag hans þannig varið að sýnt þykir að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu er heimilt að fresta afborgunum um óákveðinn tíma. Gildir þá ekki ákvæði 3. mgr. um hámarkslánstíma. Lánið fellur þó í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr. um lánskjör.

Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.

25. gr.

Lán skv. 7. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita til orkusparandi endurbóta á íbúðum, enda liggja fyrir verklýsing og kostnaðaráætlun sem gerð sé af sérstökum trúnaðarmanni stofnunarinnar.

26. gr.

Fjárhæð láns má nema allt að 80% endurbótakostnaðar. Þó má lán aldrei nema hærri fjárhæð en 50% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu.

Heimilt er að greiða fyrri hluta láns til slíkra framkvæmda meðan á þeim stendur, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni stofnunarinnar.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera allt að 16 árum, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.

27. gr.

Lán skv. 8. tl. 11. gr. er heimilt að veita til þess að gera tilraunir með tækninýjungar sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, enda fylgi staðfesting á því að umsóknin sé ekki láns hæf hjá sérsjóðum iðnaðarins. Heimilt er að hafa fyrirgreiðsluna í formi styrks.

28. gr.

Matthías Á. Mathiesen.

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5/1962, sbr.
lög nr. 5/1966, nr. 7/1978, nr. 8/1982 og nr. 10/1982.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Inn komi ný grein, 13. gr., er orðist svo:

Þegar kosning er hlutbundin skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur samkvæmt 2. tölulið og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 2. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.

2. gr.

Inn komi ný grein, 14. gr., er orðist svo:

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

3. gr.

13.—16. gr. verði 15.—18. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

STJÓRNARSKIPUNARLÖG

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

31. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

1. Reykjavíkurbjördæmi.

Til þess telst Reykjavík.

2. Reykjaneskjördæmi.

Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurbjörkaupstaður, Keflavíkurbjörkaupstaður, Njarðvíkurbjörkaupstaður, Kjósarsýsla, Gardakaupstaður, Hafnarfjarðarkjörkaupstaður, Kópavogsbjörkaupstaður og Seltjarnarnesbjörkaupstaður.

3. Vesturlandskjördæmi.

Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akranesbjörkaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.

4. Vestfjarðakjördæmi.

Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurbjörkaupstaður, Ísafjarðarkjörkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

5. Norðurlandskjördæmi vestra.

Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkróksbjörkaupstaður og Siglufjarðarkjörkaupstaður.

6. Norðurlandskjördæmi eystra.

Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkjörkaupstaður, Dalvíkurbjörkaupstaður, Ólafsfjarðarkjörkaupstaður, Suður-Pingeyjarsýsla, Húsavíkurbjörkaupstaður og Norður-Pingeyjarsýsla.

7. Austurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkjörkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkjörkaupstaður, Nesbjörkaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

8. Suðurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjabjörkaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

Pingsæti skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurbjörkaupstaður	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

- b. Að minnsta kosti 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverja kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.
- c. Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu. Sama á við um úthlutun þingsætis samkvæmt c-lið sömu málsgreinar.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld stjórnarskipunarlög nr. 51/1959 og nr. 9/1968, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. lög nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa átt lögheimili hér á landi á fjórum síðustu árum fyrir kjördag.

2. gr.

2. og 3. gr. falli niður.

3. gr.

4. gr. verði 2. gr. og orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á samkvæmt 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

4. gr.

3. gr. orðist svo:

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

5. gr.

5. gr. verði 4. gr. og orðist svo:

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurbjördæmi.

Til þess telst Reykjavík.

2. Reykjaneskjördæmi.

Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurbjördæmi, Keflavíkurbjördæmi, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Gardakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.

3. Vesturlandskjördæmi.

Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Ólafsvíkurbjördæmi og Dalasýsla.

4. Vestfjarðakjördæmi.

Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

5. Norðurlandskjördæmi vestra.

Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

6. Norðurlandskjördæmi eystra.

Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Pingeyjarsýsla, Húsavíkurbjördæmi og Norður-Pingeyjarsýsla.

7. Austurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

8. Suðurlandskjördæmi.

Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnassýsla og Selfoss.

6. gr.

Við bætist ný grein, 5. gr., er orðist svo:

Þingsæti eru 63 og skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurborgkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfirðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Sudurlandskjördæmi	6 þingsæti

b. 8 þingsætum skal ráðstafa fyrir hverjar kosningar með því að skipta þeim á milli kjördæma. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu alþingiskosningum á undan.

Um skiptingu þingsætanna gilda þessar reglur:

1. Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu alþingiskosningum á undan með tölunum 11, 15, 19, 23 o. s. frv. eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
2. Nú hefur kjördæmi hlotið, samkvæmt a-lið, fleiri þingsæti en 5 og skal þá fella niður hæstu útkomutölur kjördæmisins, eina fyrir hvert þingsæti umfram 5.
3. Ráðstafa skal einu þingsæti í senn. Fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsætið kemur í hlut þess kjördæmis sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv. uns öllum sætunum hefur verið ráðstafað.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.

c. Einu þingsæti er ráðstafað til kjördæmis samkvæmt ákvæðum 5. töluliðar 114. gr.

Að loknum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu kosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

7. gr.

15. gr. (sbr. 2. gr. laga nr. 48/1968 og 1. gr. laga nr. 90/1981) breytist svo:

- a. Orðin „20 ára“ í 2. tölulið 1. mgr. verði: 18 ára.
- b. 3. töluliður orðist svo:

3. Þeir, sem eiga ekki lögheimili hér á landi en eiga samt kosningarrétt samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast heimilisfesti samkvæmt þjóðskrá. Heimilt er þó að taka þá annars staðar á kjörskrá sé gild ástæða til.

8. gr.

26. gr. breytist svo:

Orðin „4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag“ verði: 3 vikum og 3 dögum fyrir kjördag.

9. gr.

27. gr. breytist svo:

- a. 2. mgr. orðist svo:

Með landsframboði er í lögum þessum átt við framboðslista þá sem saman eiga þegar þingsætum er úthlutað samkvæmt 113. og 114. gr. Framboðslistarnir geta verið úr

einu kjördæmi eða fleirum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórn málasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar hverra stjórn málasamtaka um sig teljast til sama landsframboðs. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt landsframboð.

b. 3. mgr. (sbr. 4. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:

Ef sá, sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórn málasamtaka, ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki til landsframboðs þeirra.

10. gr.

34. gr. orðist svo:

Þeir, sem að landsframboði standa, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er landskjörstjórn úrskurðar samkvæmt 42. gr. hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þess landsframboðs sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

11. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um landsframboð, um viðtöku kjörgagna, atkvæðasamtölur landsframboða, um úthlutun þingsæta o. s. frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar, undirkjörstjórnir um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

12. gr.

40. gr. orðist svo:

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista hinna eldri landsframboða sama bókstaf og þeir höfðu síðast og nýja framboðslista í beinu framhaldi eins og stafrófsröð býður. Þó er meðmælendum framboðslista heimilt að velja listanum bókstaf sem enginn þingflokkur notar, en slíkt val skulu þeir samstundis tilkynna landskjörstjórn. Ef ágreiningur rís um valið sker landskjörstjórn úr.

Landskjörstjórn skal sjá um að samræmi sé í merkingu framboðslista þannig að hvert landsframboð hafi sama listabókstaf í öllum kjördæmum. Sjá einnig 41. gr.

13. gr.

41. gr. orðist svo:

Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA . . . , B, BB . . . , o. s. frv., eftir því sem við á.

14. gr.

42. gr. orðist svo:

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar hvers landsframboðs séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum, sbr. 40. og 41. gr. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur afgreitt framboðslistana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétttri röð. Auglýsingu samkvæmt þessari málsgrein skal birta eigi síðar en einum sólarhring áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst, sbr. 64. gr.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

15. gr.

52. gr. orðist svo:

Þegar yfirkjörstjórn hefur fengið framboðslista kjördæmisins endursenda frá landskjörstjórn samkvæmt 3. mgr. 42. gr. skal hún láta fullgera kjörseðla þá sem notaðir verða á kjörfundi ef kosning á að fara fram í kjördæminu. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

16. gr.

1. mgr. 55. gr. orðist svo:

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórnin, eins fljótt og verða má, afhenda til flutnings á næstu pósthöndun sem ábyrgðarsendingu þá seðla sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

17. gr.

1. mgr. 64. gr. orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að framboðslistar hafa verið auglýstir samkvæmt 2. mgr. 42. gr. og eigi seinna en tveim vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags eiga kjósendur rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Fari kosning fram áður en framboðslistar eru auglýstir er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

18. gr.

3. mgr. 84. gr. orðist svo:

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

19. gr.

2. mgr. 102. gr. orðist svo:

Sé kosningu frestað samkvæmt 120. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

20. gr.

109. gr. orðist svo:

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans, sbr. 2. mgr. 115. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur um atkvæðatölur, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 102. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar

um atkvæðatölur til landskjörstjórnar samkvæmt 2. mgr. fyrir en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

21. gr.

110.—117. gr. falli niður.

22. gr.

XIV. kafli fái heitið: **Úthlutun þingsæta.**

23. gr.

118. gr. verði 110. gr. og orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 109. gr.) skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

24. gr.

119.—125. gr. falli niður en í stað þeirra komi eftirtaldar greinar nr. 111 til 117.

25. gr.

111. gr.

Í hverju kjördæmi skal reikna atkvæðahlutfall hvers lista með því að deila atkvæðatölu hans með tölu gildra atkvæða í kjördæminu.

Þá skal finna þingsætahlut hvers lista í hverju kjördæmi. Það er gert með því að margfalda þingsætatölu kjördæmisins, sbr. 2. mgr. 5. gr., með atkvæðahlutfalli listans.

Nú er einungis einn listi í kjöri og verður þá þingsætahlutur hans jafn þingsætatölu kjördæmisins. Gildir einu hve mörg atkvæði listanum hafa verið greidd eða hvort nokkur hefur greitt honum atkvæði.

26. gr.

112. gr.

Þingsætum hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 5. gr., skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem á stærstan þingsætahlut. Þann þingsætahlut skal síðan lækka um 1 og telst afgangurinn þá vera þingsætahlutur listans. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur stærstan þingsætahlut o. s. frv.
2. Úthluta skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi $\frac{3}{4}$ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heilu tölu fyrir ofan.
3. Nú nær listi ekki nema 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu og á hann þá ekki tilkall til þingsætis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þetta nær þó ekki til lista er falla kunna undir ákvæði 3. mgr. 111. gr.
4. Nú er þingsætahlutur lista minni en 0,8 og skal þá ekki úthluta þeim lista fleiri þingsætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nema hann teljist til landsframboðs sem hlotið hefur a. m. k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.
5. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar að þeim kemur samkvæmt 1. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.
6. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt 1. tölulið og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

27. gr.

113. gr.

Þeim þingsætum samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 5. gr., sem hefur ekki enn verið úthlutað, svo og þingsæti samkvæmt c-lið sömu málsgreinar, skal úthluta eftir ákvæðum þessarar greinar og 114. gr. Við þá úthlutun koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa a. m. k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.

Til þess að finna hvernig skipta ber umræddum þingsætum milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Heildartölu þeirra atkvæða, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Fella skal niður hæstu útkomutölur hvers framboðs, jafnmargar og nemur heildartölu þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið samkvæmt ákvæðum 112. gr.
3. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv. uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið og skal þá hluta um röð þeirra.

28. gr.

114. gr.

Þeim þingsætum, sem þegar hefur verið skipt á milli landsframboða samkvæmt 113. gr., skal úthluta í fjórum áföngum þannig:

1. Við úthlutun hvers þingsætis koma einungis til álita listar þeirra landsframboða sem hafa ekki enn hlotið rétta þingsætatölu samkvæmt 113. gr. Þá skal einungis úthluta þingsæti til kjördæmis sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 2. mgr. 5. gr. Frá þessu er þó vikið í fjórða áfanga, sbr. 5. tölulið þessarar greinar. Að lokinni úthlutun hvers þingsætis skal lækka þingsætahlut þess lista sem sætið hlaut, sbr. 1. tölulið 112. gr.
2. Í fyrsta áfanga koma einungis til álita þeir listar sem hafa a. m. k. 0,8 í þingsætahlut. Úthlutun í þeim áfanga fer þannig fram að fundinn er stærsti þingsætahlutur þeirra kjördæma og landsframboða sem rétt eiga á frekari úthlutun, og fer þingsæti fyrst til þess lista sem þann hlut á. Næst fer sæti til þess lista sem nú á stærstan þingsætahlut o. s. frv. Gæta skal ákvæða í 1. tölulið.
3. Í öðrum áfanga koma einungis til álita listar sem hlotið hafa a. m. k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu. Ráðstafa skal einu þingsæti til hvers þeirra kjördæma sem hafa ekki þá þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 2. mgr. 5. gr. Byrja skal í því kjördæmi þar sem fæstir kjösendur eru á kjörskrá. Þar skal finna stærsta þingsætahlut þeirra landsframboða sem til álita koma, sbr. 1. tölulið, og fer þingsæti fyrst til þess lista sem þann hlut á. Næst skal úthluta sæti í því kjördæmi sem hefur næstfæsta kjösendur, enda hafi kjördæmið ekki enn hlotið fulla þingsætatölu o. s. frv. Að öðru leyti skal fara að samkvæmt ákvæðum í 1. tölulið.
4. Úthlutun í þriðja áfanga fer fram eftir sömu ákvæðum og gilda um fyrsta áfanga, sbr. 2. tölulið. Þó er úthlutun ekki háð því skilyrði að þingsætahlutur lista sé 0,8 hið minnsta.
5. Í fjórða áfanga er úthlutað þingsæti samkvæmt c-lið 1. mgr. 5. gr. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta samkvæmt 113. gr. Umræddu þingsæti skal úthluta til þess lista framboðsins sem stærstan hefur þingsætahlut. Telst þingsætið til þess kjördæmis sem þann hlut á. Gildir einu í hvaða kjördæmi það er.

6. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar þeir eru bornir saman samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skal þá hluta um röð þeirra.
7. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

29. gr.

115. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.

Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

30. gr.

116. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum samkvæmt 112., 114. og 115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

31. gr.

117. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur og úthlutun þingsæta, ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

32. gr.

126. gr. verði 118. gr. og breytist svo:

- a. Í stað orðanna „umboðsmanna stjórn málaflökks“ komi: umboðsmanna stjórn mála samtaka.
- b. Í stað orðsins „uppbótarþingsæta“ komi: þingsæta.

33. gr.

127. gr. verði 119. gr. og orðist svo:

Nú hefur Alþingi úrskurðað — eftir almennar alþingiskosningar — að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram (sbr. 128. og 129. gr.) og skal þá landskjörstjórn endurúthluta þingsætum í kjördæmi þar sem uppkosning hefur farið fram samkvæmt ákvæðum 112. gr. og endurúthluta þingsætum samkvæmt ákvæðum 113. gr. og 114. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

34. gr.

128. gr. verði 120. gr.

35. gr.

129. gr. verði 121. gr. og breytist svo:

Í stað orðanna „sbr. 136. og 137. gr.“ komi: sbr. 121. og 122. gr.

36. gr.

130.—137. gr. verði 122.—129. gr.

37. gr.

138. gr. verði 130. gr. og orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

Í nefndum innan Alþingis skal varamaður taka sæti þess þingmanns sem hann leysir af hólmi.

38. gr.

139.—140. gr. verði 131.—132. gr.

39. gr.

141. gr. verði 133. gr. og breytist 12. töluliður greinarinnar svo:

Í stað orðanna „133. gr. 6. tölulið“ komi: 6. tölulið 125. gr.

40. gr.

142.—145. gr. verði 134.—137. gr.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 45/1961.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LJÓSMÆÐRALÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig ljósmóður og stunda ljósmóðurstörf hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa prófi frá Ljósmæðraskóla Íslands.

Ráðherra getur veitt öðrum leyfi er lokið hafa jafngildu námi erlendis, að dómi ljósmæðraráðs sem ráðherra skipar. Ljósmæðraráð skal skipað þremur aðilum til 5 ára, og skal einn tilnefndur af heilbrigðisráðuneyti, einn af Ljósmæðrafélagi Íslands og einn af Ljósmæðraskóla Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu, skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

3. gr.

Hverjum þeim, sem hefur rétt samkv. 1. gr. og hefur fengið leyfi skv. 2. gr. til ljósmóðurstarfa, er frjálst að stunda ljósmóðurstörf hvar sem er hér á landi.

Ljósmóðir, sem stundar fæðingarhjálp í heimahúsum á eigin vegum, skal þó tilkynna það viðkomandi héraðslækni og leggja fyrir hann skilríki sín.

4. gr.

Ljósmæður annast eftirlit með barnshafandi konum og foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu. Ljósmæður starfa að fæðingarhjálp og mæðravernd.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til ljósmóðurstarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

6. gr.

Ljósmóður ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Ljósmóður er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hún fær vitnesku um í starfi sínu og leynt skulu fara að lögum eða skv. eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

8. gr.

Um ljósmæður gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga, nr. 80/1969, með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda og um refsingu vegna brota ljósmæðra.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög með sama heiti, nr. 17/1933, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖGRÆÐISLÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði, og fjárráða 18 ára gamall, nema sviptur sé fjárræði. Sá sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

2. gr.

Nú gengur maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, í hjónaband, og er hann þá lögráða upp frá því, nema sviptur sé lögræði.

II. KAFLI

3. gr.

Svipta má mann lögræði, sjálfræði einu saman, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

- a. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms.
- b. Ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslusemi, annarri ráðlausri breytni eða hirðuleysi um eignir sem eru í umráðum hans.
- c. Ef hann sökum ofdrykkju, notkunar ávana- og fíkniefna eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrði, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfaldlega opinberum hagsmunum.
- d. Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.
- e. Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubreysts eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

Veita skal lögræðissviptum manni á ný sjálfræði, fjárræði eða hvort tveggja eftir því sem við á ef aðstæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi.

4. gr.

Mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skulu rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi.

5. gr.

Sóknaraðili að lögræðissviptingarmáli getur verið:

- a. Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkin.
- b. Lögráðamaður aðila.
- c. Sá sem skyldur er að lögum að framfæra aðila og sá sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.
- d. Sá sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk.
- e. Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila.
- f. Dómsmálaráðuneytið, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er það hefur fengið á annan hátt.

Enn fremur getur maður sjálfur óskað eftir úrskurði dóms um að hann skuli vera sviptur lögræði.

6. gr.

Kröfu um lögræðissviptingu skal bera upp við héraðsdómara (í Reykjavík borgardómara) þar sem maður sá, er krafan varðar, á heima eða dvelst. Nú er hvorki kunnugt um heimili hans né dvalarstað og skal þá með mál farið þar sem varnaraðili átti síðast heimili eða dvalarstað.

Krafa skal vera skrifleg og tilgreina hvort krafist sé sviptingar sjálfæðis, fjárræðis eða hvors tveggja. Þar skal grein gerð fyrir aðild sóknaraðila, ástæðum sem taldar eru vera til sviptingarinnar og öðru því sem máli skiptir. Kröfugerð fylgi skrifleg gögn eftir því sem við verður komið.

Sóknaraðili getur afturkallað kröfu sína á hvaða stigi máls sem er.

7. gr.

Dómari skal taka málið fyrir svo fljótt sem unnt er. Hann kallar varnaraðila fyrir dóm og kynnir honum kröfuna nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði yfirlæknis á sjúkrahúsi eða annars embættislæknis að það sé tilgangslaust.

Dómari skipar varnaraðila verjanda og gefur honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði. Óskylt er þó að skipa verjanda ef varnaraðili samþykkir kröfu um lögræðissviptingu, nema svo standi á sem í a-lið 1. mgr. 3. gr. segir. Þá er óskylt að skipa verjanda ef varnaraðili hefur sjálfur ráðið sér lögmann til þess að gæta réttar síns, svo og ef maður óskar þess sjálfur að hann verði sviptur lögræði.

Dómari getur krafíð sóknaraðila um gögn til stuðnings kröfu hans. Hann getur einnig aflað gagna af sjálfsdádum. Ef sérstök ástæða er til getur hann leitað aðstoðar lögreglustjóra til öflunar gagna.

Nú hefur maður sjálfur óskað eftir lögræðissviptingu og metur dómari allt að einu hvort ástæða sé til sviptingar.

Eftir að gagnaöflun er lokið og varnaraðila eða verjanda hans hefur verið gefinn kostur á að flytja eða leggja fram vörn kveður dómari upp úrskurð í málinu.

8. gr.

Nú er maður sviptur lögræði og birtir dómari þá eða lætur birta úrskurð fyrir varnaraðila eða verjanda hans.

Dómari skal geta lögræðissviptingar á skrá er hann heldur um lögræðissvipta menn í lögsagnarumdæmi sínu. Hann skal og þegar senda dómsmálaráðuneytinu eftirrit af úrskurðinum, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.

Ef um fjárræðissviptingu er að tefla skal dómari einnig annast um að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign eða hér skrásett skip eða hann rekur atvinnu sem geta ber eða getið er á verslanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skips og á verslanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum yfirlögráðanda og öðrum þeim stjórnvöldum sem um hann þurfa að vita.

9. gr.

Nú telur sá, sem lögræðissviptingar krafðist, að ástæður til sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram tilmæli til héraðsdómara, þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst, um að lögræðissvipting verði úr gildi felld. Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskylt er að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.

Tilmæli skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum er greinir í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt nema þeim fylgi meðmæli læknis.

Dómari gefur þeim, er málið varðar, kost á að tjá sig um tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar og að afla gagna er málið varða, og er einnig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Að gagnaöflun lokinni kveður dómari upp úrskurð um það hvort lögræðissvipting skuli úr gildi felld eða ekki.

Þegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

10. gr.

Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, má skjóta til æðra dóms með kærú, og fer um hana eftir reglum II. kafla laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, eftir því sem við á.

Eigi frestar kera framkvæmd úrskurðar.

Eftirrit af dómi Hæstaréttar skal senda dómsmálaráðuneytinu og héraðsdómara málsins. Nú er úrskurði héraðsdóms breytt í Hæstarétti og gerir héraðsdómari þá þegar þær ráðstafanir sem við eiga, sbr. 4. mgr. 9. gr.

11. gr.

Í málum samkvæmt þessum kafla skal engin dómgjöld greiða.

Eigi skal greiða gjald fyrir birtingu úrskurðar né skráningu hans eða afskráningu. Þóknun skipaðs verjanda og annan málskostnað skal greiða úr ríkissjóði.

Ef kera til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaus má þó gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærúmálskostnaðinn.

III. KAFLI

12. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg.

13. gr.

Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Þó má hefta frelsi manns ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsskerðing má eigi standa lengur en tvo sólarhringa nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Með samþykki dómsmálaráðuneytisins má vista mann gegn vilja sínum til meðferðar í sjúkrahúsi ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og vistun þykir óhjákvæmileg að mati læknis. Um slíka vistun fer skv. 14.—17. gr. hér á eftir.

14. gr.

Beiðni um sjúkrahúsvistun manns gegn samþykki hans geta þeir aðilar lagt fram sem taldir eru í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. hér að framan.

15. gr.

Beiðni um vistun skal beina til dómsmálaráðuneytis.

Beiðni skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja gögn um aðild beiðanda, sbr. 5. gr., um ástæður fyrir kröfugerð og annað er máli skiptir. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð þar sem gerð er grein fyrir sjúkdómnum og nauðsyn vistunar. Læknisvottorð skal að jafnaði eigi vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu.

16. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal þegar í stað taka beiðni um vistun til afgreiðslu. Það skal kanna málavexti, og getur eftir því sem ástæða er til aflað skýrslna þeirra manna sem málinu eru kunnugir.

Dómsmálaráðuneytið skal án óþarfs dráttar ákveða hvort vistun skuli heimiluð eða ekki. Ákvörðun skal vera skrifleg og skal tilkynnt þeim er beiðni ber fram, en þar að auki yfirlækni á hlutaðeigandi stofnun ef beiðni er samþykkt.

17. gr.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

18. gr.

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.—17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina og skal trúnaðarlæknir ráðuneytisins sjá um að sjúklingsnum sé gerð grein fyrir þeim rétti.

Krafa skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara sem greinir í 1. mgr. 6. gr. hér að framan.

Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann kynnir beiðnina dómsmálaráðuneytinu sem skal láta dómaraum í té gögn þau sem vistunin er reist á ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta. Dómari skal gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt.

Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort vistun skuli haldast eða hún falli niður. Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt II. kafla laga þessara eftir því sem við á.

19. gr.

Vistun manns í sjúkrahúsi má eigi gegn vilja hans haldast lengur en nauðsyn krefur.

Vistun lýkur þegar yfirlæknir telur hennar ekki lengur þörf, og eigi síðar en 15 sólarhringum frá því hún hófst, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði.

IV. KAFLI

20. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum.

21. gr.

Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptinguna.

Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með taldar dánargjafir, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði ræður hann þó aðeins því gjafafé sem hann hefur fengið eftir að úrskurðurinn gekk um sviptingu fjárræðis.

Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla eða fari hinn ófjárráða maður ráðlauslega með féð getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé meðan sú ráðstöfun helst.

Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé, svo og verðmætis er í stað þess kemur. Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni.

22. gr.

Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

Nú hefur maður verið sviptur lögræði og binda hann þá ekki löggerningar sem fara í báგ við lögræðissviptingu og hann gerir eftir uppkvaðningu úrskurðar, enda hafi úrskurðurinn, ef um fjárræðissviptingu er að tefla, verið birtur í Lögbirtingablaði innan tveggja vikna frá uppkvaðningu. Gildir skulu eldri löggerningar, nema sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt.

23. gr.

Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning sem hann skorti heimild til að gera og getur þá hinn aðili samningsins riftað honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

Nú veit maður að hann semur við ólögráða mann og hefur ekki ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi og getur hann þá ekki riftað samningnum fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar.

Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann og svo er ástatt sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar þá getur hann ekki riftað samningnum meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

Ákvörðun um riftun samnings má jafnt tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum sem lögráðamanni hans.

24. gr.

Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings og skal þá hvor aðila skila aftur þeim verðmætum sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur skal aðili greiða verð hans eftir því sem hér segir:

- a. Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans sem fyrir hendi voru þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni má færa niður bætur úr hendi hans eftir því sem sanngjarnt þykir.
- b. Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum.

Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta eða hann hefur á saknæman hátt valdið því að hlutur hefur farið forgörðum er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar samningsins að skila aftur og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar

geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólöggráða manns og annarra atvika.

Nú sannast í opinberu máli að hinn ólöggráða maður hefur gerst sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

V. KAFLI

25. gr.

Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir æsku sakir, og þeir, sem barni koma í foreldris stað, ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsja, og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga, nr. 9/1981.

26. gr.

Peir, sem fara með forsja barns samkvæmt því sem segir í 36., 37. og 38. gr. laga nr. 9/1981, skulu einnig hafa á hendi fjárhald þess meðan það er ófjárráða fyrir æsku sakir.

27. gr.

Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði (sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja) og skal þá yfirlöggráðandi skipa honum lögráðamann.

Svo skal og yfirlöggráðandi skipa þeim manni lögráðamann sem ófjárráða er fyrir æsku sakir er lögborins lögráðamanns nýtur eigi eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum sem yfirlöggráðandi metur gildar, svo og er fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

28. gr.

Skipa má ólöggráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur lögráðamaður hefur eiginna hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

29. gr.

Skipaður lögráðamaður skal vera lögráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

Nú hefur foreldri ákveðið hver vera skuli að því látnu lögráðamaður barns er það hefur forsja fyrir og skal þá skipa hann lögráðamann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins.

30. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógetar, eru yfirlöggráðendur, hver í sínu lögsagnarumdæmi, en dómsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lögráð varða.

Lögráðamönnum er skylt að hegða sér eftir fyrirmælum yfirlöggráðenda og dómsmálaráðuneytisins.

31. gr.

Lögráðamaður ósjálfráða manns ræður persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða mann svo sem sjálfráða hefði hann gert.

32. gr.

Lögráðamaður ófjárráða manns ræður fyrir fé hans, nema lög mæli um á annan veg. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann svo sem fjárráða hefði hann gert.

33. gr.

Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðingi sínum tjón af lögráðamanns-
störfum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

34. gr.

Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé skjólstæðings síns sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörslur.

35. gr.

Ekki er unnt að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann. Dómsmálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

36. gr.

Lögráðamaður skal leita samþykkis yfirlögráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, svo sem kaup og sölu á lausafé ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, leigu á fasteign um óvenjulega langan tíma eða með öðrum óvenjulegum kjörum og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Samþykki yfirlögráðanda þarf og til þess að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.

37. gr.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip, svo og til kaupa eða sölu á atvinnufyrirtæki.

Fasteign, skip eða atvinnufyrirtæki ófjárráða manns skal eigi láta af hendi nema honum sé auðsýnilegur hagur að því.

38. gr.

Reiðufé ófjárráða manna skal ávaxta tryggilega eins og best er á hverjum tíma að mati dómsmálaráðuneytis.

Lána má fé ófjárráða manna gegn fyrsta veðrétti í fasteign, en ekki má lánsfjárhæðin fara fram úr $\frac{2}{3}$ hlutum af fasteignamati eignarinnar.

39. gr.

Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal meðal annars taka fram að lánið sé allt þegar afturkræft ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana, og má þá bjóða veðið upp án dóms eða sáttar og aðfarar.

40. gr.

Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu og ráðstöfunum sínum hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi slítur.

Ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið getur yfirlögráðandi með samþykki dómsmálaráðuneytisins ákveðið honum þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstæðings hans.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari fyrirsmáli um störf lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðanda með þeim.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 95 5. júní 1947, um lögræði, og lög nr. 26 21. maí 1979, um breytingu á þeim lögum, svo og 4. tl. 2. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

28. maí 1984

Nr. 69

HAFNALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Hafnasambandi sveitarfélaga og tveir fulltrúar tilnefndir af samgönguráðherra. Skal annar þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytisins og er hann jafnframt formaður ráðsins. Tveir varamenn, sinn frá hvorum aðila, eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnaráð skal skipa til 4 ára í senn.

Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hafnaráð skal fjalla um öll meiri háttar skipulags-, rekstrar- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

Hafnaráð skal vera ráðgefandi um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og um fjármál hafnanna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem hann telur falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir. Skal það gert áður en hafnamálastjóri sendir viðkomandi erindi til samgönguráðherra ef því verður við komið.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum.

Hafnamálastjóri skal, að fenginni umsögn hafnaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann

gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa. Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill.

Ráðherra skipar einnig yfirmenn deilda, sbr. 6. gr. Leita skal tillagna hafnaráðs og hafnamálastjóra um skipun í þessi störf.

Hafnamálastjóri ræður annað starfsfólk Hafnamálastofnunar samkvæmt ráðningar-samningi.

5. gr.

Hafnamálastofnun skal hafa umráð yfir tækjum sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni sem henni eru falin og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslíð og sérhæfð tæki. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknarbúnaði.

6. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

7. gr.

Höfn tákna í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara, hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð samkvæmt staðfestu deiliskipulagi er tilgreini mörk hennar auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

8. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitar- eða sýslufélög annaðhvort ein sér eða sem sameigendur.

9. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt sem eigendur hennar ákveða og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af eigendum hafnar. Séu þeir fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt samningi.

Eigandi hafnar ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans að fengnum tillögum hafnarstjórnar.

10. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m. a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Hafnsögu.
6. Viðurlög við brotum.

11. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota höfnina:
 - a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
 - b. Fastagjöld fiskiskipa í heimahöfn.

- c. Hafnsögugjöld.
- d. Gjöld af ferjuflutningum.
- e. Önnur þjónustugjöld.

2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld eftir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið samkvæmt 18. gr.
5. Lóðargjöld.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og váttryggingafé þess ef það skyldi farast. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskráteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda.

Vörugjald af útflutningi og aflagjald skulu auk þess tryggð með veði í útflutningsbirgðum þess aðila sem skuldar vörugjald.

Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá samkvæmt 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 30 brúttórúmllestum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Lóðargjöld af löndum hafna skulu almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar.

13. gr.

Hafnaráð skal, að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga, gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a. m. k. einu sinni á ári, um gjaldskrá samkvæmt 1. tl. a—b og 2 tl. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir er lög þessi ná til. Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn.

Ráðuneytið getur heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

14. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar.

Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.

Eigandi hafnar ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

15. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og sendi hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis eigenda.

16. gr.

Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð er Hafnamálastofnun lætur gera.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni allar aðrar upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

17. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

18. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og hafnamálastjóra við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í 5 ár eða lengur.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

19. gr.

Frumkvæði um hafnargerðir er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir við þær á ábyrgð hans.

20. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfangi.

21. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati og getur hann þá krafist yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma af þremur dómkvöddum mönnum og greiðist kostnaður vegna þess samkvæmt venju.

22. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins, og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Hafnamálastofnunin annast framkvæmd verkþátta sem kostaðir eru að fullu af ríkissjóði, sbr. 26. gr., í samráði við viðkomandi hafnarstjórn.

Framkvæmd annarra verkþátta annast viðkomandi hafnarstjórn beint með eigin starfslíði eða með samningum við verktaka á grundvelli útboðs eða á annan hátt.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

23. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

24. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, dýpkanir og uppfyllingar.
3. Dreifikerfi rafmagns, skólps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar, samkvæmt sérstakri ákvörðun hverju sinni.
4. Lagning varanlegs slitlags á umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt sérstakri ákvörðun hverju sinni.
5. Stofnkostnaður við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir við upptökumannvirki fyrir skip.
7. Stofnkostnaður við hafnarvogir, hafnsögubáta og fasta krana til löndunar úr smábátum.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd enda sé það liður í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkid í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkid hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárveitinganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna njóta ekki ríkisstyrks.

Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast.

Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

25. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt 24. gr. eru:

1. Að sveitarfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkvæmt 9. gr., endurskoðun og úrskurð reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigandi hafnar hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.

26. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum:

1. Ríkissjóður greiðir 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingarleiðar að höfn samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 75% stofnkostnaðar við eftirtaldir framkvæmdir:
Hafnargarða (öldubrjóta).
Bryggju- og viðlegukanta.
Dýpkanir, uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði innan marka sem ákveðin eru af ráðuneytinu.
Siglingamerki.
Mengunar- og slysavarnir.
Vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin.
4. Ríkissjóður greiðir allt að 40% af stofnkostnaði við upptökumannvirki fyrir skip, hafnarvogir, hafnsögubáta og fasta krana til löndunar úr smábátum.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar ráðuneytinu sem leitar álits hafnaráðs og hafnamálastjóra og sendir síðan tillögur sínar til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fjárveitinganefnd Alþingis getur ákveðið, að fengnum tillögum ráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag samkvæmt 26. gr. verði lægra en þar greinir til hafna sem metnar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku.

Mismunur framlaga úr ríkissjóði, sem þannig myndast, skal renna sem tekjur til Hafnabótasjóðs, sbr. 2. tl. 31. gr. þessara laga. Ákvæði þessarar mgr. tekur þó ekki til Reykjavíkurhafnar.

28. gr.

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um skiptingu fjárlagsins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

IV. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

29. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórnir, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI

Um Hafnabótasjóð.

30. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

31. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, eigi lægra en 15% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs.
2. Mismunur á fullu framlagi ríkissjóðs og því sem hafnarsjóði er ákveðið, sbr. ákvæði 27. gr.
3. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 12. gr.
4. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

32. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 200 millj. kr.

33. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt, að fengnum tillögum hafnamálastjóra og hafnaráðs og með samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þ. m. t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 15% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

34. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

35. gr.

Seðlabanki Íslands annast í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

36. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af eigin lántökum.

37. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til samgönguráðuneytisins. Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þ. á m. reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

39. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

Til tryggingar greiðslum sektar og vangoldinna gjalda samkvæmt lögum þessum er kyrretning heimil.

40. gr.

Ráðherra skal fyrir árslok 1984 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög, nr. 45 24. apríl 1973, og lög nr. 83 31. maí 1976, um breytingu á þeim lögum, nema ákvæði laganna um greiðsluþátttöku ríkissjóðs sem falla úr gildi 31. desember 1984.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Samgönguráðuneytið skal taka upp viðræður við hreppsnefndir Neshrepps utan Ennis og Ölfushrepps, sem og bæjarstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur, um afhendingu mannvirkja landshafnanna í Rífi, Þorlákshöfn og Keflavík—Njarðvík til viðkomandi sveitarstjórna til eignar og reksturs samkvæmt hafnalögum. Heimilt er í viðræðum þessum að ákveða að framkvæmdaskuldir téðra hafnarsjóða verði yfirteknar af ríkissjóði.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma hafnamálastjóra skal skipun núverandi hafnamálastjóra halda gildi sínu.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. bætist ný setning svohljóðandi:

Dreifingaraðila er heimilt að áskilja sér hæfilega þóknun úr hendi viðtakanda húsaleigusamningseyðublaða.

2. gr.

Í stað orðsins „forleiguréttur“ í 8. gr., 1., 2., 3. og 4. mgr., komi: forgangsréttur.

3. gr.

1. málslíður 10. gr. hljóði þannig:

Ef aðilar hafa vanrækt að gera skriflegan leigumála eða notað óstaðfest eyðublað við gerð hans teljast aðilar hafa gert ótímabundinn leigumála og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.

4. gr.

14. gr. hljóði þannig:

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send leigutaka. Þegar hið leigða er atvinnuhúsnæði eða húsnæði samkv. 13. gr., 1. tl., skal leigutaki hafa lokið rýmingu og frágangi þess eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þegar hið leigða húsnæði er í íbúð, sbr. 13. gr., 2. tl., skal leigutaki ljúka rýmingu og frágangi þess kl. 13.00 næsta fardag eftir að uppsagnarfrestur er liðinn.

5. gr.

Upphaf 15. gr. breytist og verður þannig:

Fardagar íbúðarhúsnæðis eru . . .

6. gr.

Í stað orðsins „forleiguréttur“ í 16. gr., 2. og 3. mgr., komi: forgangsréttur.

7. gr.

Aftan við við 2. mgr. 37. gr. komi ný setning svohljóðandi: ef um íbúðarhúsnæði er að ræða.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 51. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Nú greiðir leigutaki leigusala samkvæmt samkomulagi þeirra húsaleigu fyrirfram í upphafi leigutímans eða síðar fyrir meira en 3 mánuði og hefur leigutaki þá rétt til leiguafnota í fjórfaldan þann leigutíma sem hann greiðir fyrir með þeim kjörum sem um var samið milli aðila.

9. gr.

1. mgr. 56. gr. hljóði svo:

Óheimilt er leigutaka að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Í 2. mgr. 56. gr. komi orðin „eða framleigja“ næst á eftir orðunum „framsal á leigurétti“.

10. gr.

Á eftir XIII. kafla laganna komi nýr kafli, XIV. kafli, er beri yfirskriftina: **Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda og fl.**

Í XIV. kafla, eins og hann er þá orðinn, komi ný grein, 77. gr., svohljóðandi, en aðrar greinar og kaflaskipti færast aftur sem þessu nemur:

Bæjarstjórnir í öllum kaupstöðum landsins skulu í samvinnu við húsaleigunefndir láta fram fara á fjögurra ára fresti könnun á fjölda leigjenda í íbúðarhúsnæði og framboði á leiguhúsnæði til íbúðar. Niðurstöður slíkrar könnunar skal senda til félagsmálaráðuneytisins.

11. gr.

1. mgr. 77. gr. hljóði þannig:

Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á húsaleigulögum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þó getur ráðherra ákveðið að fela Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyr-

irtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Þó skulu 4% af þessum kostnaðarhlut koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmllestir eða minni, en 25% ekki.

Frá og með 1. febrúar 1984 skulu þó 2% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru yfir 240 brúttórúmllestir, en 27% ekki, og 6% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmllestir og minni, en 23% ekki.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 9% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, auka-aflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Þegar skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir sem framleiddar eru fyrir 1. júní 1983 skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádrægnum 10% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um til hvaða afurða ákvæði þetta taki.

Gengismunur skv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

Áður en umræddu fé er ráðstafað skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem þessi lög taka til.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður og endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum útgerðar allt að 560 milljónum króna sem veitt hafa verið á tímabilinu frá 1. nóvember 1982 til 31. maí 1983.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 2. gr. taka þó aðeins til afla sem landað er frá og með 1. júní 1983. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1/1983, um Olfusjóð og olflugjald o. fl., að öðru leyti en því að 1.—4. gr. þeirra laga gilda um afla sem landað er til maíloka 1983, og er ríkissjóði heimilt að veita allt að 50 milljón króna sjálfskuldarábyrgð umfram heimild í 3. gr. þeirra laga fyrir láni sem Olfusjóður fiskiskipa kynni að þurfa að taka vegna greiðsluskuldbindinga til þess tíma. Skal lán þetta undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

III. kafli laganna, sem ber heitið **Hafrannsóknastofnunin**, verði svohljóðandi:

10. gr.

Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnar.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og tekur ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um skipulag stofnunarinnar og skipun ráðgjafarnefndar skv. 15. gr. Stjórnin skal staðfesta áætlun um rannsóknaleiðangra að fengnum tillögum forstjóra og umsögn ráðgjafarnefndar.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann skipar einnig tvo aðstoðarforstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu skipaðir til 5 ára í senn.

Forstjóri ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Einnig ræður hann annað starfslið stofnunarinnar. Forstjóri og annar aðstoðarforstjórinn skulu hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróðir um hafrannsóknir. Hinn aðstoðarforstjórinn skal hafa háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun og vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

Annar aðstoðarforstjórinn, sbr. 13. gr., skal vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar og hinn um fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skiparekstur og starfsmannahald. Aðstoðarforstjórar eru fulltrúar forstjóra og aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar.

15. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kys sér formann og á hann rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og er m. a. tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis. Hún skal fjalla um starfsáætlanir stofnunarinnar og gerir tillögur varðandi verkefnaval og starfshætti hennar.

Sjávarútvegsráðherra setur ráðgjafarnefndinni erindisbréf.

16. gr.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Leita skal samstarfs við hagsmunaaðila og menntastofnanir á viðkomandi svæði og er ráðherra í því skyni heimilt að setja á stofn starfsnefndir við útibúin.

Hafrannsóknastofnunin skal leita samstarfs við aðrar rannsóknastofnanir um rekstur og samnýtingu útibúa eftir því sem kleift þykir.

17. gr.

Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.
2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar umhverfis Ísland, einkum með tilliti til áhrifa á lífríkið.
3. Að afla þekkingar um lögum, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnins, einkum með tilliti til fiskveiða.
4. Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmiða.
6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.
7. Að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera.
8. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs.
9. Að veita stjórnvöldum, sjávarútvegi og öðrum aðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum Íslandsmiða.
10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknarstarfseminnar.

18. gr.

Til að ná markmiðum, sem um getur í 17. gr., skal stjórn gera tillögur um skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar sem skal staðfest af ráðherra. Leitast skal við að skipulag stofnunarinnar sé sveigjanlegt og stuðli að sem bestri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármagni stofnunarinnar á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um fjarskipti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: Það sem nefnt er „Télécommunication” í alþjóðafjarskiptasamningum (nú Convention Internationale des Télécommunications, Nairobi 1982) og þýðir hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með rafsegulöldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum eða með sjónmerkjum.

Fjarskiptavirki: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

Notendabúnaður: Hvers konar tæki innan húsrýmis eða starfsstöðvar notenda, svo og tækjahlutir og leiðslur sem tengdar eru hinu opinbera fjarskiptakerfi.

Fjarskipti, sem fara ekki um hið opinbera fjarskiptakerfi, þegar eingöngu er um að ræða boðmiðlun eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laga þessara.

II. KAFLI

Réttur til reksturs fjarskipta.

2. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að stofna til og reka á Íslandi og í íslenski landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti, svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki, þó ekki í atvinnuskyni að því er varðar fjarskiptin sem slík. Leyfið skal veitt um ákveðinn tiltekinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til í hverju tilviki.

3. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra.

Einkaréttur ríkisins skv. þessari grein nær þó ekki til notendabúnaðar.

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar notendabúnað er tengja á við fjarskiptakerfi ríkisins, skal fyrir fram fá yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um að hver og ein tegund eða gerð tegundar notendabúnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tækniröfur sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma.

Innflytjandi eða framleiðandi skal ætíð sjá til þess að fyrir hendi séu varahlutir og viðhaldsþjónusta fyrir þann búnað sem hann flytur inn eða smíðar. Enn fremur skulu þeir, sem annast uppsetningu og tengingu notendabúnaðar, hafa til þess tilskilin réttindi sem nánar skulu skilgreind í reglugerð er ráðherra setur.

Póst- og símamálastofnunin skal ætíð hafa til sölu allan almennan notendabúnað.

Nú synjar Póst- og símamálastofnunin um viðurkenningu á notendabúnaði og skal hún þá láta fylgja synjuninni tilvitnun í þá reglugerð sem synjunin er byggð á. Sá sem synjun fær getur skotið henni til þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu málskotsaðila, annar eftir tilnefningu Póst- og símamálastofnunar, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

Kostnað við málskot úrskurðar ráðherra og greiðist hann að jöfnu af málskotsaðila og Póst- og símamálastofnuninni.

Ráðherra setur reglugerð um tilhögun málskots, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

4. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki sem ekki eru í notkun eða hluta þeirra eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki rjúfa án heimildar ráðherra.

5. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

III. KAFLI

Skylda til þess að hafa fjarskiptabúnað í farartækjum.

6. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum og setur hann nánari reglugerð þar um.

Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða eru skyldugir til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir svo sem um tíðni og útgeislað afl.

Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

IV. KAFLI

Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

7. gr.

Póst- og símamálastofnunin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins til fjarskipta, nema lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

Stofnunin hefur eftirlit með því að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum sé fylgt.

8. gr.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að láta framkvæma breytingar og endurbætur á fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast.

9. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunarinnar, gjaldskrá fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur.

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta óskerta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.

V. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl.

10. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa Póst- og símamálastofnunni að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn mannvirkja um hvar leiðslur, sem snerta eign þeirra, séu lagðar eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Menn, sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar þurfa að fara um lendur eða híbýli vegna starfa sinna, skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

11. gr.

Þar sem fjarskiptavirki ríkisins eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samkomulag fengist við Póst- og símamálastofnunina um tilhögun framkvæmda. Þeir sem ákveða slíkar framkvæmdir eða þeir sem annast þær bera allan kostnað sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa óvænt eða af gáleysi valdið skemmdum á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra skal sá, er þeim hefur valdið, þegar í stað tilkynna það Póst- og símamálastofnuninni og jafnframt greiða allan kostnað sem af því leiðir, bæði beinan og óbeinan, t. d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi.

Hafi einhver umráð yfir einhvers konar mannvirkjum, tækjum, pípum, raflögnum, leiðslum og því um líku sem valdið geta truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir бага þann sem af þessu hlýst eða getur hlotist á fjarskiptavirkjum.

12. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufli verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja og skulu skip þá halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

13. gr.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar af gáleysi, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef

unnt er skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðarskýrslu um tjónið í fyrstu höfn sem því verður við komið. Formaður dóms, er við sjóferðarskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

14. gr.

Ef aflla þarf lóðar eða annarrar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins og samningum um kaup verður ekki við komið má, að fengnu samþykki ráðherra, taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi sem metið sé eftir eignarnámslögum.

Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum sem hlotist hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við skulu bæturnar metnar skv. lögum (nú lögum nr. 11/1973).

VI. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

15. gr.

Allir starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Ekki má án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

16. gr.

Enginn starfsmaður fjarskiptavirkja ríkisins má ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin eða liðsinna öðrum í þess konar athæfi.

17. gr.

Í leyfisbréfum, er Póst- og símamálastofnunin gefur út samkvæmt 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 15. og 16. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

18. gr.

Sá sem með einhverjum hætti án heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl má ekki skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. KAFLI

Stöðvun fjarskipta.

19. gr.

Ríkisstjórnin getur stöðvað skeyti, símtöl eða önnur fjarskipti sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða brjóta í bága við lög landsins og almennt velsæmi.

VIII. KAFLI

Fjarskiptavirki á hættutímum.

20. gr.

Á ófríðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins getur ríkisstjórnin fyrirskipað að engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá Póst- og símamálastofnuninni, megi eiga eða hafa í vörslum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti sem eru sérstaklega ætlaðir í þau og ekki heldur aðrar tilteknar tegundir tækja sem nota má til þess að koma á fjarskiptum.

21. gr.

Nú á maður eða hefur í vörslum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki sem nefnd eru í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar samkvæmt 20. gr. og skal hann þá þegar í stað tilkynna Póst- og símamálastofnuninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því sem hún mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði skv. mati dómkvaddra manna.

IX. KAFLI

Milliríkjasamningar.

22. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir og Alþingi staðfestir, skulu ásamt þar að lútandi reglugerðum gilda sem lög.

X. KAFLI

Viðurlög við brotum á lögum þessum o. fl.

23. gr.

1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. varðar sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum þá varðar það sektum, nema verki sé svo farið að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá sem skemmdum eða truflun hefur valdið skal bæta allt tjón sem af því hefur hlotist, þar með talið viðskiptatap.
3. Brot gegn 15. gr. (sbr. og 17. gr.) varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefur gerst, frá starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar sem í 3. gr. getur, sbr. 17. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar ef ráðherra krefst þess. Hafi brot gegn 15. gr. (sbr. 17. gr.) verið framið af gáleysi varðar það sektum.
4. Brot gegn 16. gr. (sbr. og 17. gr.) varðar refsingu samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. tölulíðar hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefur gerst, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi varðar það sektum.
5. Brot gegn 18. gr. varðar sektum samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.
6. Brot gegn 20. og 21. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varðar varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Brot gegn 22. gr. varðar sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru.
8. Pann, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma, þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.

9. Ákveða má í reglugerðum sem settar verða samkvæmt lögum þessum að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögnum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 24 frá 23. maí 1975.

Lög nr. 95 14. maí 1940, um lántöku fyrir ríkissjóð til talstöðva í fiskiskip o. fl.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um tóbaksvarnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

- 1.1. Markmið laga þessara er að draga úr tóbaksneyslu, og þar með því heilsutjóni sem hún veldur, og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

2. gr.

- 2.1. Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.
- 2.2. Lög þessi taka einnig til varnings sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak þótt hann innihaldi ekki tóbak, enda gildi ekki um hann önnur lög.
- 2.3. Lög þessi gilda ekki um tóbak sem notað er sem lyf, skv. lyfjalögum, nr. 49/1978, eða sem eiturefni, skv. lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

3. gr.

- 3.1. Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og útbúnað, tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur, tæki til að vefja sígarettur svo og annan slíkan varning.

4. gr.

- 4.1. Yfirstjórn mála skv. lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

- 5.1. Ráðherra skipar tóbaksvarnanefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, og skulu a. m. k. tveir vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann.
- 5.2. Hlutverk tóbaksvarnanefndar er fyrst og fremst:
 1. Að vera ríkisstjórn, heilbrigðismálaráðherra, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
 2. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks í samræmi við lög þessi.
 3. Að hvetja aðra aðila til átaks í reykingavörnum og leitast við að samræma störf þeirra.
 4. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi tóbaksvarnir, m. a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn.
 5. Að fylgjast með tóbaksneyslu í landinu.
 6. Að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.
- 5.3. Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnanefnd um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks.
- 5.4. Leita skal álits nefndarinnar um allar reglugerðir sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.
- 5.5. Tóbaksvarnanefnd starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.
- 5.6. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um hlutverk og störf tóbaksvarnanefndar í reglugerð.

II. KAFLI

Sala og auglýsingar.

6. gr.

- 6.1. Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráð sé aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.
- 6.2. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þ. á m. um aðvörunartexta, stærð hans, letur og annað sem máli kann að skipta.
- 6.3. Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari grein.

7. gr.

- 7.1. Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. Þetta nær þó ekki til auglýsinga í ritum sem út eru gefin utanlands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur.
- 7.2. Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.
- 7.3. Með auglýsingum er í lögum þessum m. a. átt við hvers konar tilkynningar til almennings, eftirlíkingar af tóbaksvarningi, skilti og svipaðan búnað, ústillingar og notkun tóbaksvöruheita og auðkenna.

8. gr.

- 8.1. Tóbak má ekki selja einstaklingum yngri en 16 ára.
- 8.2. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.
- 8.3. Ekki má selja tóbak í skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.

III. KAFLI

Takmörkun á tóbaksreykingum.

9. gr.

- 9.1. Tóbaksreykingar eru óheimilar í þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningur leitar aðgangs í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu sem þessir aðilar veita. Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði. Þó skulu þeir á hverjum tíma hafa afmarkaðan fjölda veitingaborða fyrir gesti sína sem séu sérstaklega merkt að við þau séu tóbaksreykingar bannaðar.
- 9.2. Þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar skv. 1. tl. skal það gefið til kynna með merki eða á annan greinilegan hátt.

10. gr.

- 10.1. Tóbaksreykingar eru óheimilar:
1. Í grunnskólum, dagvistun barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglíngum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa.
 2. Á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn eða unglíngja hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að þeim.
 3. Í heilsugæslustöðvum.
- 10.2. Yfirmanni stofnunar, skv. 1. og 3. mgr., er þó heimilt samkvæmt tillögu starfsmannafundar eða starfsmannaráðs að leyfa reykingar í hluta þess húsnæðis sem ætlað er starfsfólki sérstaklega, enda skal þess gætt að það valdi ekki óþægindum þeim starfsmönnum sem ekki reykja.
- 10.3. Á sjúkrahúsum má einungis leyfa reykingar á tilteknum stöðum þar sem þær eru ekki til óþæginda fyrir þá sem reykja ekki.

11. gr.

- 11.1. Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt látið greinilega í ljós á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á samkvæmt 1. mgr. 17. gr. og gilda þá ákvæði þessara laga þar sem við á.

12. gr.

- 12.1. Um tóbaksreykingar á vinnustöðum, öðrum en skv. 9. og 10. gr., fer skv. nánari reglum sem setja skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Skal þess gætt sérstaklega að þeir, sem ekki nota tóbak, verði ekki fyrir óþægindum.

13. gr.

- 13.1 Tóbaksreykingar eru óheimilar í farþegarými almenningsfarartækja sem rekin eru gegn gjaldtöku.
- 13.2. Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja.
- 13.3. Setja skal sérreglugerð í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins um tóbaksreykingar um bord í skipum.

IV. KAFLI
Fræðslustarfsemi.

14. gr.

- 14.1. Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu:
1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
 2. Í ríkisfjölmíðlum.
- 14.2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gengst fyrir aðstoð við þá sem hætta vilja að reykja:
1. Á vegum heilsugæslustöðva.
 2. Með námskeiðum í samvinnu við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.

- 15.1. Skyld er að verja 2% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.
15.2. Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárlins.

16. gr.

- 16.1. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

17. gr.

- 17.1. Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.
17.2. Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981.

18. gr.

- 18.1. Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því eftir því sem við á að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og laga nr. 46/1980.

19. gr.

- 19.1. Sá sem brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sektir miklar eða brot ítrekað.
19.2. Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. varða sektum. Fella má refsingu niður ef málsbætur eru miklar.
19.3. Brot gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 8. gr. varða sektum.
19.4. Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

20. gr.

20.1. Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja skv. 9., 10. og 13. gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

20.2. Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum láti hann ekki segjast.

21. gr.

21.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

22.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 27/1977, um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal skipa í tóbaksvarnanefnd sem annast skal tóbaksvarnastarf skv. lögum nr. 27/1977 og undirbúning að gildistöku laga þessara.
2. Reglugerð skv. 2. mgr. 6. gr., um merkingar á tóbaki, skal samin þegar í stað og öðlast gildi um leið og lögin.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við a-lið 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um breyting á lögum um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

20. gr. laganna falli niður.

2. gr.

23. gr. (verður 22. gr.) orðist svo:

Skógrækt ríkisins er heimilt að styrkja þá sem vilja koma upp trjálundum á landi sínu og ekki eiga kost á stuðningi skv. öðrum greinum laganna, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Má slíkur styrkur nema allt að 30 hundraðshlutum af girðingar-kostnaði á hvern lengdarmetra girðingar, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. að land innan girðingar sé minnst einn hektari;
2. að fyrir liggi yfirlýsing skógræktarstjóra um að landið sé vel fallið til skógræktar.

3. gr.

Á eftir III. kafla komi nýr kafli, sem verði IV. kafli, með fyrirsögninni: **Um ræktun nytjaskóga á bújörðum** og orðist svo:

a. (24. gr.)

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeiganda.

b. (25. gr.)

Styrkur samkvæmt 24. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ. m. t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning. Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

- a) Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
- b) Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

c. (26. gr.)

Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 25. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað má taka hann lögtaki.

Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 25. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.

d. (27. gr.)

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 25. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, en styrkur skv. þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Telji landeigandi að ræktun nytjaskógar hafi mistekist getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 25. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi, enda endurgreiði landeigandi $\frac{4}{5}$ af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

e. (28. gr.)

Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 25. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

- a) að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafi styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið.
- b) að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 25. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 25. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 25. gr. Líði 8 ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánnum til jarðakaupa hverju sinni.

f. (29. gr.)

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 25. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignaslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir

lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum styrk skv. þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverðið er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 28. gr. og 1. mgr. 29. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

g. (30. gr.)

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði sem skógræktaráætlunin tekur til skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

h. (31. gr.)

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.

4. gr.

IV. kafli laganna (**Um Skógræktarfélag Íslands**) verður V. kafli, V. kafli verður VI. kafli og VI. kafli verður VII. kafli.

Töluröð greina í lögnum breytist í samræmi við framantaldar breytingar, svo og tilvitnanir í þær greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um fjölda vélstjóra og vélavarða o. fl.

1. gr.

Fjöldi vélavarða og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

- A. Á skipi með vél 75—220 kw. (102—299 hö.) einn vélavörður.
- B. Á skipi með vél 221—750 kw. (300—1019 hö.) einn vélstjóri og einn vélavörður.
- C. Á skipi með vél 751—1500 kw. (1020—2038 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri.
- D. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (2038 hö.) þrjú vélstjórar, yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar, þ. e. 2. og 3. vélstjóri.

Á farþega- eða flutningaskipum með vél 1300 kw. (1766 hö.) og stærri skal auk upptalinnna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

II. KAFLI

Um atvinnuréttindi vélstjóra.

2. gr.

1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi, þar af a. m. k. 5 mánuði á fiskiskipi með vél 400—750 kw. (543—1019 hö.), hefur hann öðlast rétt til að vera vélstjóri á skipi með 750 kw. (1019 hö.) vél og minni. Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS. III).
3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með vél 400—750 kw. (543—1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera vélstjóri á skipi með vél 750 kw. (1019 hö.) og minni og undirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni. Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS. II).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með vél 750—1500 kw. (1019—2038 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni. Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS. I).
4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur), hefur öðlast rétt til að vera undirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð. Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF. II).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með vél stærri en 750 kw. (1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS. I).

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með stærri vél en 750 kw. (1019 hö.), þar af a. m. k. 6 mánuði sem 2. vélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 kw. (2038 hö.), hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF. I).

5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

3. gr.

Starfstími vélstjóra, samkvæmt 2. gr., telst sá tími sem hann er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma má einnig telja störf við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein.

III. KAFLI

Um eldri vélstjóraréttindi.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

- a. Þeir sem lokið hafa hinu minna mótórvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands eða 1. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélfræðinámi 2. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
- b. Þeir sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands eða 2. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélstjóranámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
- c. Þeir sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
- d. Þeir sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

IV. KAFLI

Um undanþágur og mönnunarnefnd.

5. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjód sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem sigla á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

6. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavörða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, til fjölgunar eða fækkunar.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.
3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 5. liðar 2. gr. og 2. mgr. 3. gr.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. þessarar gr. skal nefndin leita umsagnar Siglingamála- stofnunar ríkisins um öryggi og búnað skips.

7. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

V. KAFLI

Skírteini og læknisvottorð.

8. gr.

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 2. gr. laganna, á rétt til eftirtalinnna atvinnuskírteina:

- | | | |
|--------------|----------------|---|
| Vélfræðingur | I. (VF. I) | Réttindi: Yfirvélstjóri, hö. ótakmörkuð. |
| Vélfræðingur | II. (VF. II) | Réttindi: Undirvélstjóri, hö. ótakmörkuð. |
| Vélstjóri | I. (VS. I) | Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. (2038 hö.) og minni. |
| Vélstjóri | II. (VS. II) | Réttindi: Undirvélstjóri, 1500 kw. (2038 hö.) og minni. |
| Vélstjóri | III. (VS. III) | Réttindi: Vélstjóri, 750 kw. (1019 hö.) og minni. |
| Vélavörður | (VV.) | Réttindi: Vélavörður. |

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess nema skírteinishafi fyrirgeri því.

9. gr.

Til þess að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum. Læknisvottorð skal endurnýjað á 10 ára fresti, en þó má krefjast endurnýjunar oftar ef sérstök ástæða er til.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði vélstjóra.

10. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

11. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóránámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlenda skóla, að fá útgefið víðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóránámi við erlenda skóla, að fá útgefin víðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Við útreikning á afli véla í skipum skal farið eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar ríkisins.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72/1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða

myndbönd til einkanota með heimild í 1. mgr. þessarar greinar. Greiða skal gjald af tækjum til upptöku verka á hljóð- og myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til slíkra nota. Gjaldið skal greitt af tækjum og böndum sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og hvílir skylda til að svara gjaldi þessu á innflytjendum og framleiðendum. Gjald af tækjum nemi 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Gjald af auðum hljóðböndum nemi kr. 10,00 en kr. 30,00 ef um auð myndbönd er að ræða. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjald þetta, þ. á m. um verðtryggingu gjaldsins.

Sameiginleg innheimtumiðstöð samtaka rétthafa, þar með talinna listflytjenda og framleiðenda, innheimtir höfundaréttargjald samkvæmt næstu málsg. hér á undan og ráðstafar því. Innheimtumiðstöðinni skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.

2. gr.

Í stað orðanna „1. málsg. 11. gr.“ í 2. mgr. 45. gr. komi: 1. og 3.—4. málsg. 11. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „Óheimil er eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum“ í upphafi 1. málsg. 46. gr. komi: Óheimil er eftirgerð á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum.

4. gr.

Í stað orðanna „1. málsg. 11. gr.“ í 2. mgr. 46. gr. komi: 1. og 3.—4. málsg. 11. gr.

5. gr.

Upphaf 2. málsg. 54. gr. orðist svo:
Sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum, varða:

6. gr.

Við 2. málsg. 54. gr. bætist nýr tölul. sem verður 6. tölul. og hljóðar svo:

6. Innflutningur og framleiðsla tækja og hljóð- eða myndbanda í því skyni að dreifa þeim til almennings og dreifing slíkra tækja eða banda til almennings án þess að greitt sé af þeim höfundaréttargjald samkvæmt 3. og 4. málsg. 11. gr. eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. 3. málsg. 11. gr.

7. gr.

2. málsg. 56. gr. orðist svo:

Dæma skal höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess sem raskað hefur rétti þeirra með ólögumháttsemi.

8. gr.

1. og 2. málsg. 59. gr. orðist svo:

Brot á lögum þessum sæti opinberri ákæru, en jafnan skal málshöfðun heimil þeim sem misgert er við. Brot sæta aðeins opinberri ákæru eftir kröfu þess sem misgert er við nema mikilvægir almannahagsmunir krefjist málshöfðunar.

Nú er höfundur látinn og getur þá enn fremur tilsjónaraðili, sem nefndur hefur verið eftir 2. málsg. 31. gr., en ella eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn og systkin, krafist opinberrar ákæru eða höfðað mál út af brotum gegn 1. og 2. málsg. 4. gr., 2. og 3. málsg. 26. gr., 1. málsg. 28. gr. og fyrirmælum höfundar samkvæmt 2. málsg. 31. gr. eða listflytjanda samkvæmt sama ákvæði, sbr. 2. málsg. 45. gr.

9. gr.

B-liður 61. gr. orðist svo:

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds samkvæmt 3. og 4. málsg. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar eru hér á landi eða í ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Menntamálaráðuneytinu er þó heimilt að fresta því að setja reglur samkvæmt 1. gr. um innheimtu gjalds af myndböndum og tækjum til upptöku á myndbönd.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal útflutningsgjald af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum vera 1,70% af f.o.b.-verðmæti.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Útflutningsgjald skv. 3. tl. 3. gr. skal greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands uns skuld Samtaka grásleppuhrognafurðendanna við bankann er að fullu greidd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um Íslenska málnefnd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð í samvinnu við Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.
2. Málnefndin er stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Leita skal umsagnar nefndarinnar áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu, að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum.
3. Nefndin skal hafa samvinnu við stofnanir sem afskipti hafa af íslenskum manna- og staðanöfnum. Hún skal enn fremur leitast við að hafa góða samvinnu við þá sem mikil áhrif hafa á málfar almennings, svo sem fjölmiðla og skóla.
4. Íslenskri málnefnd ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málfræðileg efni á fræðilegum grundvelli. Fyrirspurnir og svör skulu geymd í plögum nefndarinnar.

Ef ástæða þykir til getur málnefndin átt frumkvæði að athugasemdum um meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.

5. Íslensk málnefnd gefur út rit til fræðslu og leiðbeiningar um íslenskt mál, þ. á m. stafsetningarorðabók og önnur hagnýt orðasöfn.

Nefndin getur beitt sér fyrir fræðslu um málið og meðferð þess í opinberum stofnunum eða annars staðar, bæði með fundarhöldum og námskeiðum.

6. Íslensk málnefnd skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýrra orða og við nýyrðasmíð. Auk þess skal nefndin leitast við að fylgjast með því hvaða nýyrði ná festu í málinu.

Málnefndin skal vinna að skipulagðri nýyrðastarfsemi í landinu. Hún skal hafa samvinnu við orðanefndir sem félög eða stofnanir hafa komið á fót og vera þeim til aðstoðar. Hún skal stuðla að samræmingu í vinnubrögðum þeirra sem fást við myndun orða til útgáfu í sérstökum orðasöfnum eða gefa út staðla.

7. Íslensk málnefnd skal hafa samstarf við aðrar málnefndir á Norðurlöndum, m. a. með aðild að Norrænni málstöð, og eiga fulltrúa á hinum árlegu þingum þeirra ef við verður komið.

Nefndin skal einnig, eftir ástæðum, hafa samvinnu við erlendar stofnanir sem gefa út sérhæfð orðasöfn, þ. á m. staðla.

Að öðru leyti skal málnefndin leitast við að kynna sér starfsemi erlendra málræktarstofnana og alþjóðlegt starf til eflingar þjóðtungum.

3. gr.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar ber heitið Íslensk málstöð og er miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum.

4. gr.

Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérfróður forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu. Um veitingu starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti. Enn fremur skal leita álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur áður en embættið er veitt.

Að fengnum tillögum málnefndar skipar menntamálaráðherra annað fastráðið starfsfólk eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, lausræður starfsfólk í samráði við málnefndina, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.

5. gr.

Starfsemi Íslenskrar málnefndar er kostuð af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er í fjárlögum og hefur hún sjálfstæðan fjárhag.

Aðrar tekjur málnefndar eru:

- a. styrkir til einstakra verkefna,
- b. greiðslur fyrir aðstoð eða verk sem unnin eru á vegum málnefndar,
- c. tekjur af útgáfu rita,
- d. gjafir.

6. gr.

Fimm menn eiga sæti í Íslenskri málnefnd, skipaðir af menntamálaráðherra. Háskólaráð, heimspekideild Háskólans og Orðabók Háskólans tilnefna einn mann hvert en tveir eru skipaðir án tilnefningar.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

7. gr.

Íslensk málnefnd kemur saman þegar formaður boðar til fundar eða þrír nefndarmenn hið fæsta óska þess.

Málnefndin er ályktunarfær ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi.

Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns.

8. gr.

Ef ágreiningur verður innan málnefndarinnar um túlkun þessara laga sker menntamálaráðherra úr.

9. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um Íslenska málnefnd og starfsemi Íslenskrar málstöðvar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingátíma, aldur og heilsufar, er heimilt að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

- a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi fram tekið, hvert það far sem er 6 metra langt eða meira og skráð er í skipaskrár.
- b. Rúmlest er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2,83 teningsmetrar.
- c. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem að jafnaði er notað til veiða, hafrannsóknna eða til flutninga á eigin afla.
- d. Flutningaskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.
- e. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
- f. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
- g. Önnur skip merkir hvert það skip sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í staflíðum c-f.
- h. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
- i. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.

II. KAFLI

Um fjölda skipstjórnarmanna.

2. gr.

Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

3. gr.

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Fiskiskip og önnur skip:

- a. á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
- b. á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn.

II. Flutningaskip:

- a. á skipum 31—400 rúmlestir og minni einn stýrimaður,
- b. á skipum 401—1500 rúmlestir tveir stýrimenn,
- c. á skipum stærri en 1500 rúmlestir þrjú stýrimenn.

III. Farþegaskip og varðskip:

- a. á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
- b. á skipum stærri en 400 rúmlestir þrír stýrimenn.

Eigi er skylt að hafa stýrimenn á skipum sem eru 40 rúmlestir eða minni ef þeim er ætlað að leggja afla á land daglega.

III. KAFLI

Um atvinnuréttindi stýrimanna.

4. gr.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eru grundvöllur atvinnuréttinda sem hér segir:

I. Fiskiskip og önnur skip:

- a. **1. stig:** 240 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.
- b. **2. stig:** Ótakmörkuð stærð.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:

- a. **1. stig:** 240 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.
- b. **2. stig:** 1. 400 rúmlestir og minni.
2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð.
- c. **3. stig:** Ótakmörkuð stærð.

5. gr.

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 4. gr., eru bundin eftirfarandi siglingatíma með vísun til samsvarandi staflíða í 4. gr.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf.

I. Fiskiskip og önnur skip:

- a. 24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 40 rúmlestir.
- b. 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir, eða 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og auk þess minnst 6 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:

- a. 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
- b. 1. 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða 30 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
- 2. 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
- c. 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

Af siglingatíma þeim, sem getið er í a-, b- og c-liðum, þarf minnst 6 mánaða hásetatíma á viðkomandi tegund skipa. Siglingatími á flutningaskipi gildir sama og siglingatími á farþegaskipi.

6. gr.

Siglingatími telst aðeins sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

Sé skip lagt upp án þess að lögskráning úr skiprúmi fari fram skal geta þess í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en $\frac{1}{5}$ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími, sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

IV. KAFLI

Um atvinnuréttindi skipstjóra.

7. gr.

Til að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi 40 rúmlestir eða minna þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

- a. Kunna skil á siglingatækjum, stefnuleiðréttingum og að setja stefnu og miðanir á sjó-kort, alþjóðareglum til að forðast árekstur, flóði og fjöru, vitakerfi, björgunarstöðvum og björgunartækjum og lífgun úr dauðadáí.
- b. Hafa verið í 12 mánuði háseti á skipi yfir 6 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum, sbr. 6. gr.

Vottorð um kunnáttu samkvæmt a-lið skal gefið af siglingafróðum manni, tilnefndum af samgönguráðuneytinu. Ráðuneytið tilnefnir, eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, einn eða fleiri siglingafróða menn fyrir afmörkuð umdæmi til 5 ára í senn til að veita skipstjóraefnum leiðbeiningar og halda próf samkvæmt framangreindu.

8. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á skipum yfir 40 rúmlestum að stærð hefur sá einn sem hefur rétt til að gegna 1. stýrimannsstöðu á tilgreindum skipum, sbr. 4. og 5. gr., og hefur eftir öflun stýrimannsskírteinis verið:

I. Fiskiskip og önnur skip:

- a. 12 mánuði stýrimaður á fiskiskipi yfir 40 rúmlestir.
- b. 18 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 40 rúmlestir og þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II. Flutningaskip og farþegaskip:

- a. Engin réttindi.
- b. 18 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma minnst 4 mánuði í utanlandssiglingum.
- c. 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma minnst 6 mánuði í utanlandssiglingum.
- d. Heimilt er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum samkvæmt staflíðum b og c án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Varðskip:

Hefur lokið 4. stigi stýrimannaskóla.

24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði sem 1. stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir.

V. KAFLI

Um aldursskilyrði og læknisvottorð.

9. gr.

Enginn getur öðlast stýrimannsréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

10. gr.

Til þess að skipstjórnarmaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum. Læknisvottorð skal endurnýjað á 10 ára fresti en þó má krefjast endurnýjunar oftar ef sérstök ástæða er til.

VI. KAFLI

11. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru skv. III. og IV. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini sem veita videigandi atvinnuleyfi.

Skírteininu skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð og skulu skírteininu árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteinið úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð sem lögð voru fram við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en tveggja mánaða.

12. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerdist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

13. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu svo að tjón hlýst af má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngrir refsing við að lögum.

14. gr.

Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

15. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið videigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóra-skírteini.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið videigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

16. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna, eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

Í framangreindum tilvikum skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar varðandi öryggi og búnað skips.

17. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

18. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

19. gr.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði um atvinnuréttindi samkvæmt 4., 7. og 8. gr. taka gildi frá og með 1. janúar 1985.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.***LÖG****um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna, 26. gr., komi nýr X. kafli svohljóðandi:

X. kafli

Um nám fullorðinna.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungu kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

Tölusetning lokaákvæða laganna breytist til samræmis, þannig að núverandi X. kafli verður XI. kafli og núverandi 27. gr. verður 28. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um erfðafjárskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Af öllum fjárverðmætum og fjármunaréttindum, er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans, skal greiða skatt til erfðafjár sjóðs eftir lögum þessum, enda fari búskiptin fram hér á landi, þó með þeim undantekningum er lög þessi greina.

Af fasteignum hér á landi, sem tilheyra dánarbúum sem skipt er erlendis, skal einnig greiða skatt eftir lögum þessum, enda sé ekki innheimtur af viðkomandi fasteign hliðstæður skattur í því ríki þar sem búskiptin fara fram.

Á sama hátt skal greiða skatt eftir lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrir fram greiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér not eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er á enda við fráfall hans.

2. gr.

Eftirtalin hugtök eru í lögum þessum notuð sem hér segir:

A. Sambýlismaður: Sá sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við persónu af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hana samkvæmt arfleiðsluskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleiðandans er ótvírætt getið.

B. Stjúpbarn: Barn maka, enda hafi það alist upp á heimili arfleiðanda.

C. Fósturbarn: 1) Barn annars manns er alist hefur upp á heimili arfleiðanda frá barnæsku til sjálfræðisaldurs, 2) barn sambýlismanns arfleiðanda, 3) barn maka arfleiðanda, ef það telst ekki stjúpbarn arfleiðanda.

3. gr.

Fjárhæð erfðafjárskatts ræðst af sifjatengslum erfingja við arfleiðanda, hvort heldur sem arfur fellur til erfingja samkvæmt beinum lagaákvæðum, erfðaskrá eða dánargjafargerðingni.

Nú afsalar maður sér arfi eftir annan mann og skal þá erfingi, sem við arfsafsalið fær stærrí arfshluta en hann ella hefði fengið, greiða af hinum aukna arfi sama erfðafjárskatt og hinum hefði borið að greiða er afsalaði sér arfi. Sé sá undanþeginn erfðafjárskatti, sem afsalar sér arfi, skal sá er þann arf hlýtur greiða af honum sama erfðafjárskatt og honum hefði borið að greiða ef hann hefði tekið þann arf beint.

4. gr.

Af arfi, sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og arfi sambýlismanns, sbr. 2. gr., skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr.

Af arfi, sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga, skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr. Sama gildir um handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi sé hlutum þessum ánafnað eða þeir gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Fjárhæð erfðafjárskatts af arfi annarra erfingja en að framan greinir ákveðst þannig, sbr. þó 5. gr.:

A. Af arfi, sem fellur til niðja hins látna, kjörbarna, stjúpbarna eða fósturbarna eða niðja þeirra, svo og af arfshluta sem ráðstafað hefur verið með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum 35. gr. erfðalaga nr. 8 1962, skal greiða af arfi hvers erfingja um sig: Af fyrstu 140 000,00 krónum 5 af hundraði, af næstu 140 000,00 krónum 6 af hundraði, og svo áfram þannig að skatturinn eykst um einn af hundraði af hverjum 140 000,00 krónum er arfur hækkar um, allt til þess að skatturinn nær því að verða 10 af hundraði.

B. Af arfi, sem fellur til foreldra hins látna eða niðja þeirra er ekki falla undir A-lið þessarar málsgreinar, skal greiða af arfi hvers erfingja: Af fyrstu 140 000,00 krónum 15 af hundraði, af næstu 140 000,00 krónum 17 af hundraði, og svo áfram þannig að skatturinn eykst um tvo af hundraði af hverjum 140 000,00 krónum er arfur hækkar um, allt til þess er skatturinn nær því að verða 25 af hundraði.

C. Af arfi, sem fellur til afa eða ömmu hins látna eða barna þeirra eða fjarskyldari eða óskyldra aðilja, skal greiða af arfi hvers erfingja: Af fyrstu 140 000,00 krónum 30 af hundraði, af næstu 140 000,00 krónum 33 af hundraði og svo áfram þannig að skatturinn eykst um þrjá af hundraði við hverjar 140 000,00 krónur er arfur hækkar um, allt til þess er skatturinn nær því að verða 45 af hundraði.

Nú byrja búskipti eftir lát beggja hjóna og skal þá leggja erfðafjárskatt á arf erfingjanna eins og um eitt bú sé að ræða án tillits til þess hvort erfingjar beggja hjónanna séu hinir sömu eða ekki.

5. gr.

Af þeim réttindum, sem lög þessi taka til samkvæmt 1. gr. og afhent eru sem greiðsla til erfingja fyrir fram upp í arf, skal greiða erfðafjárskatt sem hér segir:

Erfingjar, sem falla undir A-lið 3. mgr. 4. gr., skulu greiða 10 af hundraði.

Erfingjar, sem falla undir B-lið 3. mgr. 4. gr., skulu greiða 25 af hundraði.

Erfingjar, sem falla undir C-lið 3. mgr. 4. gr., skulu greiða 45 af hundraði.

Erfingjar, sem falla undir 1. eða 2. mgr. 4. gr., þurfa ekki að greiða erfðafjárskatt af fyrir fram greiddum arfi.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð, sem samtals fellur í arf, lægri fjárhæð en kr. 10 000,00 og eru erfingjar þá undanþegnir erfðafjárskatti.

Erfðafjárskattur skal talinn í heilum krónum, en lægri fjárhæð sleppt.

7. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða við lok skipta viðkomandi dánarbús og skal hann reiknaður út miðað við verðmæti arfs hvers erfingja á gjalddaga skattsins.

Sé búi skipt einkaskiptum eða af löggiltum skiptaforstjóra skal búskiptum lokið og erfðafjárskatturinn greiddur eigi síðar en innan 12 mánaða frá andláti arfleiddanda. Skiptaráðandi getur þó lengt þennan frest um allt að sex mánuði í senn séu fyrir hendi sérstakar ástæður er geri slíka framlengingu nauðsynlega fyrir erfingjana.

Sé búi skipt opinberum skiptum skal erfðafjárskattur greiddur við lok skipta.

Nú eru búskipti mjög umfangsmikil og getur skiptaráðandi þá með úrskurði heimilað að skiptum verði lokið í tilteknum áföngum og erfðafjárskattur greiddur af hverjum áfanga fyrir sig. Slíka heimild má þó ekki veita nema um sé að ræða fullnaðaruppgjör á arfi tiltekinna erfingja með hverjum áfanga.

Ekki er heimilt að gefa erfingjum út yfirlýsingu um eignarheimild þeirra að tiltekinni eign dánarbús fyrr en erfðafjárskattur af viðkomandi eign hefur verið greiddur.

Réttaráhrif fyrirframgreiðslu upp í arf miðast við það tímamark er erfðafjárskattur er greiddur eða, ef ekki þarf að greiða erfðafjárskatt vegna afhendingar viðkomandi eignar, þegar skiptaráðandi hefur áritað erfðafjárskýrslu varðandi fyrirframgreiðsluna.

8. gr.

Nú deyr maður sem tæmst hefur arfur áður en skiptum á því búi er lokið og skal þá dánarbúi hans taka þann arf er hinn látni ella hefði hlotið og greiða þann erfðafjárskatt er honum hefði borið að greiða.

9. gr.

Við ákvörðun gjaldstofns skal um eftirfarandi eignaliði miða við eftirfarandi, enda séu eignirnar ekki seldar á opinberu uppboði:

A. Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði sem í gildi er þegar erfðafjárskattur er greiddur. Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjárskatt með sama hætti. Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarrétt tiltekins aðilja og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverðið sé það lægra en fasteignamatsverðið.

B. Bifreiðir skulu taldar á áætluðu markaðsverði.

C. Innbú, málverk og bækur, safngripir, aðrir listmunir og þess háttar skal talið á matsverði.

D. Vélar, verkfæri og áhöld skulu talin á matsverði.

E. Búpeningur skal talinn á því verði sem lagt hefur verið til grundvallar landbúnaðarskýrslu til skattfyrivalda á því ári sem erfðafjárskattur er greiddur.

F. Inneignir hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum, sem og aðrar inneignir og útistandandi skuldir, skulu taldar að meðtöldum tilföllum vöxtum og/eða verðbótum.

G. Skuldabréf til tveggja ára eða lengri tíma með bundnum vöxtum og óverðtryggð skulu talin á áætluðu markaðsverði.

H. Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs og happdrættisskuldabréf ríkissjóðs skulu talin á nafnverði að viðbættum áföllum vöxtum og verðbótum á höfuðstól.

I. Hlutabréf skulu talin á nafnverði að meðtöldum jöfnunarhlutabréfum sem réttur hefur stofnast til fyrir lok skipta.

J. Hugverkarréttindi hvers konar skulu talin á matsverði ákveðnu af aðiljum sem skiptaráðandi telur til þess hæfa.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um ákvörðun gjaldstofna samkvæmt lögum þessum.

Nú kemur við skipti á búi fram eign og ekki er til að dreifa í lögum þessum né reglugerð ákvæði er við getur átt um hana og ákveður þá skiptaráðandi hvernig fundið verði á hana matsverð sem erfðafjárskattur greiðist af.

10. gr.

Skuldir arfleiddanda, þar með talin væntanleg opinber gjöld, skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleiddanda og kostnaður sem nauðsynlegur reynist til að ákvarða gjaldstofna samkvæmt 9. gr. Þessir liðir skulu sundurliðaðir á erfðafjárskýrslu og studdir gögnum.

11. gr.

Nú skipta erfingjar dánarbúi einkaskiptum og skulu þeir þá, innan þeirra tímamarka er í einkaskiptaleyfi greinir, skila til skiptaráðanda útfylltri erfðafjárskýrslu í þremur eintökum á eyðublöðum sem félagsmálaráðuneytið leggur til í þessu skyni. Skal skýrslan vera skilmerkilega útfyllt og gögn fylgja henni til skýringar þeim fjárhæðum sem þar eru greindar. Skulu allir erfingjar undirrita erfðafjárskýrsluna.

Skiptaráðandi skal yfirfara erfðafjárskýrslu og gæta þess sérstaklega að hún sé í samræmi við skiptagerð viðkomandi dánarbús. Telji skiptaráðandi skýrslu áfátt að einhverju leyti getur hann veitt viðkomandi aðiljum tiltekinn frest til að bæta úr eða leiðrétt sjálfur séu ágallar smávægilegir.

12. gr.

Skiptaráðandi skal yfirfara hvort eignir séu réttilega fram taldar á erfðafjárskýrslu, svo og annað það sem áhrif hefur á fjárhæð erfðafjárskatts.

Pegar skiptaráðandi hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu og telur hana fullnægjandi skal hann reikna út erfðafjárskatt hvers erfingja og rita fjárhæð hans í þar til ætlaðan reit á skýrslunni. Síðan áritar hann öll eintök skýrslunnar um að hann hafi yfirfarið hana.

13. gr.

Nú greinir erfingja á við skiptaráðanda um gjaldstofn vegna tiltekinnar eignar eða annað sem áhrif hefur á fjárhæð erfðafjárskattsins og skal skiptaráðandi þá veita þeim allt að tveggja vikna frest til að leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum og að því búnu kveða upp rökstuddan úrskurð um ágreiningsefnið. Sætir slíkur úrskurður kæru til Hæstaréttar.

Ef sérstaklega stendur á getur skiptaráðandi lengt frest samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar um allt að tvær vikur.

Pegar endanleg niðurstaða um ágreiningsefnið liggur fyrir áritar skiptaráðandi skýrsluna samkvæmt ákvæði 2. mgr. 12. gr.

14. gr.

Pegar dánarbúi er skipt opinberum skiptum skal skiptaráðandi útfylla erfðafjárskýrslu og leggja hana fram sem fylgiskjal með frumvarpi að úthlutunargerð. Um andmæli erfingja gegn útreikningi erfðafjárskattsins skal farið að hætti 13. greinar.

15. gr.

Gjalddagi erfðafjárskatts er sá dagur er skiptaráðandi áritar erfðafjárskýrslu samkvæmt 2. mgr. 12. gr., ef um er að ræða einkaskipti eða skipti sem löggiltur skiptaforstjóri stýrir, en sé um önnur opinber skipti að ræða er gjalddagi sá dagur er skiptagerð búsin liggur fyrir í endanlegri gerð.

Ef erfðafjárskattur hefur eigi verið greiddur innan tveggja vikna frá gjalddaga skulu innheimtir til viðbótar dráttarvextir. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

16. gr.

Skiptaráðendur skulu fyrir 15. janúar ár hvert senda skattstjóra í sínu skattumdæmi eitt eintak af öllum erfðafjárskýrslum sem þeir hafa afgreitt á næstliðnu ári.

17. gr.

Skiptaráðendur skulu fyrir 15. janúar ár hvert senda ríkisendurskoðun eitt eintak af öllum erfðafjárskýrslum sem þeir hafa afgreitt á næstliðnu ári.

18. gr.

Nú kemur í ljós við endurskoðun skattyfirvalda að eign er ekki talin fram á erfðafjárskýrslu sem gögn skattyfirvalda benda til að þar ætti að vera og skal skattstjóri þá gera viðkomandi skiptaráðanda viðvart um það skriflega, og fer um slík mál að hætti 20. gr. laga þessara.

Nú kemur í ljós við endurskoðun ríkisendurskoðunar að fjárhæð erfðafjárskatts þykir ekki hafa verið réttilega út reiknuð og skal ríkisendurskoðun þá skriflega krefja skiptaráðanda um skýringar. Úrskurðar ríkisendurskoðun síðan, að fenginni umsögn skiptaráðanda, til hvaða ráðstafana skuli grípa í viðkomandi máli.

19. gr.

Allir embættismenn og aðrir, sem opinberum störfum gegna, svo og stjórnendur banka, sparisjóða, váttryggingarféлага, hlutafélaga, kaupfélaga eða annarra félaga eða stofnana, þ. m. t. skattstjórar, eru skyldugir til að gefa án endurgjalds hvers konar upplýsingar er skiptaráðandi leitar eftir í sambandi við framkvæmd laga þessara, t. d. skýrslur um bankaviðskipti og inneignir, skuldabréf, hlutabréf o. s. frv.

Nú skorast einhver undan að gefa þær skýrslur sem hann er krafinn um samkvæmt þessari grein og getur skiptaráðandi þá kveðið upp úrskurð um skyldu hans í þessu sambandi. Þann úrskurð má kæra til Hæstaréttar.

20. gr.

Nú hafa eignir vísitandi verið vantaldar á erfðafjárskýrslu eða rangar upplýsingar verið gefnar er áhrif hafa haft á álagningu erfðafjárskatts til lækkunar og skal erfingi þá greiða allt að fimmfaldri þeirri fjárhæð í viðbótarerfðafjárskatt er skatturinn að réttu lagi hefði orðið hærri en hann varð.

Skiptaráðandi, sem fær upplýsingar um atriði sem fyrri málsgrein þessarar greinar kann að taka til, skal tafarlaust boða erfingja á sinn fund og leita skýringa hans eða þeirra um sakarefnið. Telji hann skýringar erfingja afsakanlegar skal hann veita þeim stuttan frest til að skila viðbótarerfðafjárskýrslu. Telji skiptaráðandi skýringar viðkomandi aðilja ófullnægjandi skal hann með rökstuddum úrskurði leggja á erfingjana viðbótarerfðafjárskatt samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar. Jafnframt skal skiptaráðandi tilkynna ríkissaksóknara um málið, sbr. 24. grein.

21. gr.

Skiptaráðandi er innheimtumaður ríkissjóðs að því er erfðafjárskatt varðar og getur hann látið taka skattinn lögtaki samkvæmt lögum nr. 29 1885.

Erfingjar eru ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts einn fyrir alla og allir fyrir einn, með þeirri takmörkun þó að ekki verður innheimt hjá neinum meira en sem svarar heildararfi hans samkvæmt skiptagerð viðkomandi dánarbús.

22. gr.

Fjárhæðir þær, sem um er rætt í 4. og 6. gr. laga þessara, skulu vera grunnfjárhæðir er breytast skulu hinn 1. desember ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá 1. október á næstliðnu ári til jafnlengdar á næsta ári, í fyrsta sinn 1. desember 1984. Heimilt skal að færa fjárhæðir þessar, standi þær ekki á heilu hundraði króna, upp í næsta heilt hundrað, standi þær á 50 krónum eða meira, en ella skal færa þær niður í næsta heilt hundrað fyrir neðan.

Félagsmálaráðuneytið skal með hæfilegum fyrirvara fyrir 1. desember ár hvert auglýsa opinberlega þær breytingar sem verða á viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

23. gr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, enda liggi ekki við brotinu þyngri viðurlög samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og taka til allra þeirra búa sem skipt er eftir gildistöku þeirra.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, svo og lög nr. 50 26. maí 1972 og lög nr. 46 12. maí 1978, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG**um veitingu ríkisborgararéttar.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adal, Myrtle Rosina, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 4. júlí 1962 í Guyana.
2. Akasheh, Mahshid, verkfræðingur í Garðakaupstað, f. 21. maí 1957 í Íran.
3. Anna Björg Michaelsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 21. ágúst 1957 á Íslandi.
4. Assmann, Wolfgang, verkamaður í Reykjavík, f. 25. maí 1940 í Þýskalandi.
5. Bang, Anne Lise, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. okt. 1942 á Íslandi.
6. Berman, Robert Clive, kennari í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 í Bretlandi.
7. Björn Ryel Ólafsson, námsmaður í Kaupmannahöfn, f. 24. júlí 1955 í Danmörku.
8. Boulter, Fred, nuddari í Reykjavík, f. 22. febr. 1956 í Bandaríkjunum.
9. Bui, Thuy Xuan, mælingamaður í Reykjavík, f. 14. júlí 1952 í Víetnam.
10. Campbell, Duncan Wilson, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 5. nóv. 1950 í Skotlandi.
11. Chau, Minh Chi Tran, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 22. des. 1956 í Víetnam.
12. Chinotti, Gerard Marcel Fernand Henri, kennari í Reykjavík, f. 13. júní 1941 í Frakklandi.
13. Christiansen, Johan Sophus Dahl, nemi í Reykjavík, f. 6. mars 1955 á Íslandi.
14. Coënca, Carol, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. jan. 1953 í Frakklandi.
15. Czizmouski, Waldemar Anton, f. 21. desember 1952 í Póllandi.
16. Czizmouski, Jolanta Banach, f. 11. maí 1953 í Póllandi.
17. David, Marie Ivy Doris, húsmóðir á Akureyri, f. 7. apríl 1960 á Mauritius.
18. Du, Cuong Quoc, verkamaður í Reykjavík, f. 22. júní 1956 í Víetnam.
19. Du, Le Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. sept. 1961 í Víetnam.
20. Du, Minh Phuoc, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 29. júní 1960 í Víetnam.
21. Du, Quang Phuoc, verkamaður á Stöðvarfirði, f. 9. des. 1958 í Víetnam.
22. Edna María Michaelsdóttir, listakona í Svíþjóð, f. 18. júlí 1958 á Íslandi.
23. Foulger, Gillian Rose, jarðeðlisfræðingur í Reykjavík, f. 19. des. 1952 í Bretlandi.

24. Gaziza, Shanaz Taherali Yusufali, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 9. apríl 1955 í Tansaníu.
25. Guldhammer, Lea Hjorth, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 27. sept. 1940 í Danmörku.
26. Hua, Hiep Vinh, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. jan. 1955 í Víetnam.
27. Huijbens, Hermanus Henricus, matreiðslumaður á Akureyri, f. 18. ágúst 1948 í Hollandi.
28. Huynh, Can Kien, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 10. júlí 1949 í Víetnam.
29. Huynh, De, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 5. jan. 1946 í Víetnam.
30. Huynh, Nam De, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 28. apríl 1954 í Víetnam.
31. Huynh, Nuoi Nhut, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. des. 1951 í Víetnam.
32. Hwang, Jin Soon, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. okt. 1954 í Suður-Kóreu.
33. Ilić, Dusan, vörubílstjóri í Reykjavík, f. 28. júní 1955 í Júgóslavíu.
34. Ivan Kári Sveinsson, Reykjavík, f. 19. sept. 1978 á Spáni.
35. de Jesus, Justiniano Halili, verslunarmaður í Reykjavík, f. 4. mars 1938 á Filippseyjum.
36. Jones, Ellen Rósa, húsmóðir í Grundarfirði, f. 8. jan. 1953 á Íslandi.
37. Lareau, Jean Noel, flugvirki í Reykjavík, f. 28. maí 1956 á Íslandi.
38. Lentz, Walter Ludwig, gleraugnafræðingur á Seltjarnarnesi, f. 6. ágúst 1934 í Þýskalandi.
39. Lewis, Joan, starfsþjálfari á Akureyri, f. 9. nóv. 1946 í Englandi.
40. Loewenstein, Hope Nancey, iðjupjálfi í Reykjavík, f. 8. sept. 1943 í Bandaríkjunum.
41. Lozanov, Malgorzata, húsmóðir Reykjavík, f. 24. febr. 1949 í Póllandi.
42. Maloney, Róberta Bára, verkakona í Keflavík, f. 9. ágúst 1963 í Bandaríkjunum.
43. Marth, Jochen Wilhelm Paul Otto, verkfræðingur í Reykjavík, f. 24. júní 1953 í Þýskalandi.
44. Marth, Ulrike Eleonore, fóstura í Djúpárhreppi, Rang., f. 12. mars 1955 í Þýskalandi.
45. McQueen, Frances Jane Milne, húsmóðir á Akureyri, f. 27. nóv. 1942 í Skotlandi.
46. Miljević, Stanko, aðstoðarmaður í brauðgerð í Kópavogi, f. 28. sept. 1952 í Júgóslavíu.
47. Nguyen, Chien Van, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1957 í Víetnam.
48. Nguyen, Ho Van, nemandi í Kópavogi, f. 17. maí 1954 í Víetnam.
49. Nguyen, Man Ngoc, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. des. 1955 í Víetnam.
50. Nilssen, Julianne Marie, húsmóðir í Keflavík, f. 2. okt. 1949 á Íslandi.
51. Papazian, Berjouhi, kennari í Reykjavík, f. 24. okt. 1936 í Írak.
52. Pescia, Enrico Emanuel, verkamaður í Njarðvík, f. 18. sept. 1954 í Bandaríkjunum.
53. Pham, Hang Le, nemandi í Reykjavík, f. 19. jan. 1955 í Víetnam.
54. Renner, Margo Jeanne, listamaður í Vestmannaeyjum, f. 29. des. 1953 í Bandaríkjunum.
55. Romo, Julio Cesar Ocares, rafsudumaður í Reykjavík, f. 21. okt. 1952 í Chile.
56. Salas, Jose Manuel Salvador, forstjóri í Reykjavík, f. 14. des. 1949 á Spáni.
57. Schaaber, Ursula Lore, lækni í Reykjavík, f. 17. ágúst 1946 í Þýskalandi.
58. de Sousa, Ruben Araújo, rafsudumaður í Reykjavík, f. 17. febr. 1953 í Brasilíu.
59. Stefán Brandur Stefánsson, viðskiptafræðingur í Hafnarfirði, f. 29. okt. 1954 í Bandaríkjunum.
60. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, f. 6. mars 1932 í Þýskalandi.
61. Tamimi, Suleiman, nemi í Reykjavík, f. 1. mars 1955 í Jórdaníu.
62. Tran, Trieu Di, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 22. maí 1949 í Víetnam.
63. Vestergaard, Ingibjörg, matræðskona í Garðakaupstað, f. 24. apríl 1938 í Færeyjum.
64. Webster, Decarsta Unson, körfuboltaþjálfari í Hafnarfirði, f. 7. maí 1955 í Bandaríkjunum.

65. Wilhelmsen, Willy Peter, verkamaður í Keflavík, f. 11. okt. 1952 í Noregi.
 66. Wilkinson, Bernard Stephen Wilmot, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. mars 1951 í Englandi.
 67. Young, Neville, málari í Keflavík, f. 17. maí 1945 í Englandi.
 68. Zak, Marjan, verkamaður í Kópavogi, f. 18. júlí 1953 í Júgóslavíu.
 69. Zarioh, Mohamed Hamadi, rafsuðumaður á Akureyri, f. 17. okt. 1950 í Marokkó.
 70. Þórunn Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 22. jan. 1947 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný 7. gr. svohljóðandi (núverandi 7. gr. verður 8. gr.):

Heimila má fjölbrautaskóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Slíka heimild veitir menntamálaráðuneytið að fengnu samþykki annarra aðila að rekstri skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungu kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 1. gr. orðist svo:

Lyfjanefnd (sbr. VIII. kafla), lyfjaverðlagsnefnd (sbr. IX. kafla), stjórn lyfsölusjóðs (sbr. X. kafla), Lyfjaeftirlit ríkisins (sbr. XI. kafla), landlæknir og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Vítamín og/eða steinefni ætluð mönnum til inntöku teljast ekki lyf nema magn þeirra í hverri mældri einingu (t. d. skömmtuðu lyfjaformi, g, ml) eða dagsskammti sé umfram mörk er kveða skal á um í reglugerð, sbr. 5. gr. Við ákvörðun marka skal taka mið af ráðleggingum manneldisráðs um það hver sé dagsskammtur vítamína og/eða steinefna við íslenskar aðstæður (sbr. lög nr. 45/1978). Heimilt er þó að kveða svo á í reglugerð að ákveðin vítamín og/eða steinefni teljist ávallt lyf enda þótt magn þeirra í einingu sé ekki umfram venjulegan dagsskammt, enda sé talið líklegt að langvinn neysla geti valdið heilsutjóni.

3. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsg. er verði 2. málsg. og hljóði svo:

Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um skráningu, árgjöld, innflutning og sölu vítamína og/eða steinefna, ýmist einna sér eða blandaðra dýra- eða plöntuefnum (náttúruvörur), sbr. 4. gr., og skal um þau haft samráð við landlækni. Lyfjaeftirlit ríkisins og Hollustuvernd ríkisins.

4. gr.

2. málsg. 6. gr. orðist svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um staðla fyrir lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Óheimilt er að flytja inn til sölu eða afhendingar önnur lyf en 2. tl. 7. gr. tekur til.

Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum í einstaka tilvikum:

1. Leyfi til innflutnings staðlaðra forskriftarlyfja, sbr. 1. tl. 7. gr., að fengnum tillögum lyfjanefndar, og fer um afhendingu þeirra samkvæmt gildandi ákvæðum hverju sinni.
2. Leyfi til innflutnings óskráðra sérlyfja ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli lyfjanefnd með því. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau. Mæli lyfjanefnd gegn því að leyfi til innflutnings verði veitt getur viðkomandi læknir, sem æskir innflutnings lyfsins, óskað eftir því að ráðuneytið leiti álits landlæknis um synjunina.

Lyf þau, sem undanþáguheimild 2. tl. 2. mgr. nær til, má einungis láta úti gegn lyfseðli.

6. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Heimilt er að hafna umsókn um skráningu sérlyfs ef hið virka efni er svo líkt fánlegu lyfi að það, sem skilur, getur ekki haft teljandi þýðingu.

7. gr.

1. málsg. 14. gr. orðist svo:

Lyfjagerðir skulu framleiða stöðluð forskriftarlyf og sérlyf, sbr. 1.—2. tl. 7. gr. Einnig er þeim heimilt að framleiða forskriftarlyf lækna sem ekki er á færi lyfjabúða að framleiða handa einstökum sjúklingum. Sé um meira magn að ræða en svari þörfum örfárra sjúklinga þarf að koma til heimild ráðherra, enda mæli lyfjanefnd með því.

8. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein er verði 10. mgr. og hljóði svo:

Ef fyrirtæki eða rannsóknastofnun fæst við framleiðslu á ónæmisefnum handa dýrum má víkja frá ákvæðum 1. tl. 3. mgr., enda sé tryggt að mati yfirdýralæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins að hlutaðeigandi forstöðumaður hafi til að bera nægilega menntun og reynslu til að veita framleiðslunni forstöðu.

9. gr.

1. málsg. 16. gr. orðist svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins og landlækni.

10. gr.

26. gr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga er um ræðir í þessum kafla. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

11. gr.

27. gr. orðist svo:

Lyfjanefnd skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði, svo sem lyfjaefnafræði, lyflæknisfræði, lyfjagerðarfræði, eiturefnafræði (toxicology) og lyfjafræði (pharmacology).

Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann.

Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varðar dýralækningar, taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt.

Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera lyfjanefnd til ráðgjafar þegar þurfa þykir og skulu nánari ákvæði um það sett í reglugerð, sbr. 31. gr.

Nefndarmenn mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja. Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjanefnd jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða skráð lyf og lyf sem eru í skráningarmedferð.

12. gr.

9. tölul. 28. gr. orðist svo:

Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf (klínískar prófanir), svo og reglugerð þar um er taki m. a. til nánari skilgreiningar á hvernig að slíkum tilraunum skuli staðið, svo og til heimildar, framkvæmdar, ábyrgðar og bótaskyldu þeirra er þær annast.

13. gr.

1. tölul. 29. gr. orðist svo:

1. Tillögur að lyfjastöðlum, sbr. 6. gr.

14. gr.

4. tölul. 29. gr. orðist svo:

Að vera landlækni til ráðuneytis við skráningu hjáverkana lyfja hér á landi, sbr. 54. gr., og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

15. gr.

30. gr. orðist svo:

Kostnaður af starfsemi lyfjanefndar, þar á meðal laun nefndarmanna og starfslíðs, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49/1978 og gefa þau út svo breytt. Jafnframt skulu þá lagatiltvitnanir í 14. gr., 54. gr., 56. gr. og 58. gr. færðar til samræmis við gildandi lög.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í
Iðnaðarbanka Íslands hf.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 113/1951, um Iðnaðarbanka Íslands hf.,
sbr. lög nr. 31/1963, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. ml. 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu vera háð staðfestingu ráðherra þess er fer með bankamál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 28 1976, um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög
nr. 39/1983, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. ml. 8. gr. laganna orðist svo:
Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á jarðalögum nr. 65 31. maí 1976 með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. tl. 5. gr. falli niður.

2. gr.

Niður falli orðin: „og Landnáms ríkisins“ í 3. mgr. 6. gr.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústaði á landi sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr., nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa.

Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða skal afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. áður en bygging sumarbústaða hefst.

Ekki þarf að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum) sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr.

Sumarbústaður skv. grein þessari er bygging sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til veiðihúsa.

Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

4. gr.

Í stað orðanna: „og Landnáms ríkisins“ í 2. mgr. 11. gr. komi: og umsagnar Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Land, sem við gildistöku laga þessara er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af viðkomandi jarðanefnd og sveitarstjórn, og fyrir liggja umsögn Skipulags ríkisins og Búnaðarfélags Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal þinglýst.

Óski stéttarfélag eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.

Til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta þarf samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ákvæði þessarar málsg. taka einnig til landskipta skv. lögum nr. 46 27. júní 1941.

Stofnun nýrra býla eða fleirbýlis á jörð er háð samþykki viðkomandi jarðanefndar, sveitarstjórnar og landbúnaðarráðuneytisins, skv. III. kafla laganna.

6. gr.

Í stað orðsins: „landnámsstjórnar“ í 13 gr. komi: stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Niður falli úr sömu grein: „Skulu þá skipti gjörð af Landnámi ríkisins að fengnum tillögum jarðanefndar.“

7. gr.

Í stað orðsins: „landnámsstjórn“ í 14. gr. komi: stjórn Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Í stað orðsins: „landnámsstjórn“ í 15. gr. komi: stjórn Búnaðarfélags Íslands.

9. gr.

Á eftir 20. gr. komi ný grein, 21. gr., er orðist svo:

Þar sem samþykki eða meðmæli jarðanefndar er áskilið í lögum þessum nægir samþykki bæjarstjórnar þegar um er að ræða land eða réttindi skv. 3. gr. sem löggin taka til innan lögsagnarumdæma kaupstaða.

10. gr.

Á eftir II. kafla komi nýr kafli sem verði III. kafli með fyrirsögninni: **Um viðurkenningu á nýjum býlum, félagsbú og jarðaskrá** og orðist svo:

a. (22. gr.)

Til þess að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, þar með talið til ylræktar, garðræktar, fiskræktar og loðdýraræktar eða til smáíðnaðar og þjónustu sem tengd er landbúnaði, þarf heimild landbúnaðarráðuneytisins, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun býlisins.

Umsókn um stofnun nýs býlis skal senda landbúnaðarráðuneytinu ásamt upplýsingum um hvers konar búskap fyrirhugað er að stunda á býlinu. Þá skulu fylgja umsókn gögn er sýni að umsækjandi hafi tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu.

Ráðuneytið leitar umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins á hverri umsókn. Búnaðarfélagið lætur gera úttekt á búrekstrarskilyrðum býlisins.

b. (23. gr.)

Ef um er að ræða býli þar sem stofna skal til sauðfjárræktar, nautgriparæktar og/eða hrossaræktar skal að jafnaði miða við að ræktanlegt land sé eigi minna en 100 ha. Þó er heimilt að víkja frá þeirri landstærð ef í staðinn koma t. d. beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar.

Um landstærð og önnur skilyrði við stofnun nýrra býla af öðru tagi, sbr. 22. gr., skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

Við stofnun nýs býlis skal þess gætt að ekki sé raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða.

c. (24. gr.)

Jörð, sem ekki hefur verið nytjuð með fastri búsetu þess, sem á lögheimili á jörðinni, í tvö ár eða lengur, telst eyðijörð nema sveitarstjórn hafi veitt samþykki sitt samkvæmt 21. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976.

Samþykki landbúnaðarráðuneytisins, sveitarstjórnar og jarðanefndar þarf til þess að endurbyggja eyðijörð. Umsókn um það skal senda ráðuneytinu sem fer með hana eins og um stofnun nýs býlis væri að ræða, sbr. 22. og 23. gr.

d. (25. gr.)

Heimild landbúnaðarráðuneytisins þarf til að stofna félagsbú til búvöruframleiðslu á býli, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun félagsbúsins. Fara skal eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 22. gr. um umsókn og meðferð hennar.

Það telst vera félagsbú þegar tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning skv. 27. gr. um að standa sameiginlega að búrekstri á einni eða fleiri jörðum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu allir búsettir á viðkomandi býli (býlum).

Hjón ein sér eða með ófjarráða barni (börnum) geta ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og hefur átt eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár.

Um stærð á landi félagsbús skal fara eftir 23. gr. þannig að landið sé ekki minna en hver aðili félagsbúsins hefði stofnað nýtt býli.

e. (26. gr.)

Séu aðilar félagsbús ekki allir eigendur að jörð sem félagsbúið er stofnað á skal gera sérstakt byggingarbréf skv. ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976, milli aðila félagsbúsins og jarðareiganda og skal því þinglýst. Í slíku byggingarbréfi er heimilt að víkja frá ákvæðum 11.—16. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976.

f. (27. gr.)

Aðilar félagsbús skulu gera með sér skriflegan félagsbússamning þar sem getið sé stofnframlaga aðilanna til búsins, eignarhluta hvers þeirra, hvernig háttað sé ábyrgð á skuldum búsins, skiptingu tekna þess, ákvarðanatöku um málefni búsins og hvernig slitum félagsbúsins skuli háttað.

Heimild til stofnunar félagsbús öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðuneytið hefur áritað félagsbússamning um samþykki sitt.

Landbúnaðarráðuneytið skal við hver áramót birta í Lögbirtingablaði skrá yfir samþykkt félagsbú á árinu.

g. (28. gr.)

Samþykkt á félagsbúi veitir hverjum aðila félagsbús sama rétt og ábúanda nýs býlis nema annað sé ákveðið í lögum.

Félagsbú, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu fyrir 1. janúar 1985 senda landbúnaðarráðuneytinu til samþykktar félagsbússamning skv. 27. gr. Eftir 1. janúar 1985 skulu þau bú ein njóta réttinda sem félagsbú sem landbúnaðarráðuneytið hefur samþykkt félagsbússamning fyrir. Ráðherra getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt aðilum félagsbús, sem stofnað hefur verið fyrir gildistöku þessara laga, frest í tiltekinn tíma til að samræma félagsbússamning sinn ákvæðum 27. gr. og fá hann samþykktan.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um stofnun félagsbúa.

h. (29. gr.)

Landbúnaðarráðuneytið lætur árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið. Í jarðaskrá skulu tilgreindar allar jarðir eða lögbyli skv. skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, ásamt eigendum og ábúendum og öðrum þeim upplýsingum sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Eigendum og ábúendum jarða skv. 1. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, hreppstjórum, sveitarstjórnnum, jarðanefndum, bæjarfógetum og sýslumönnum er skylt að láta í té upplýsingar um ábúð, eignarhald og annað er jarðir varðar vegna jarðaskrárinnar. Haft skal samráð við Fasteignamat ríkisins um öflun upplýsinga og gerð jarðaskrár.

Ráðherra úrskurðar um ágreining sem rísa kann um skráningu á jörð í jarðaskrá, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um gerð og útgáfu jarðaskrár, öflun gagna til hennar og varðveislu. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að fela öðrum aðila að annast gerð jarðaskrár í umboði ráðuneytisins.

Upplýsingar úr jarðaskrá skulu látnar í té gegn gjaldi sem ráðherra ákveður árlega.

11. gr.

III. kafli laganna (Forkaupsréttur) verður IV. kafli, IV. kafli verður V. kafli, V. kafli verður VI. kafli og VI. kafli verður VII. kafli. Töluröð greina í III. kafla (verður IV. kafli) — VI. kafla (verður VII. kafli) breytist í samræmi við framantaldar breytingar svo og tilvitnanir í þær greinar.

12. gr.

Við 28. gr. (sem verður 37. gr.) bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að veita ábúanda jarðar í ríkiseign, sem byggð er skv. ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976, leyfi til að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni.

13. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 74. gr. og orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið skal við gildistöku þessara laga taka við verkefnum Landnáms ríkisins og landnámsstjórnar nema annað sé ákveðið með lögum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1984.

Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði:

- a) Konungsbréf um sölu kirkjueigna frá 30. júní 1786.
- b) 8.—11. gr. laga nr. 46 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta.
- c) Lög nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.
- d) IX.—XI. kafli laga nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul o. fl.
- e) 25.—54. gr., 61.—62. gr., e- og g-liðir 67. gr., 71. gr. og 75. gr. ásamt tilheyrandi kaflafyrirsögnum laga nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þá skal töluröð greina og kafla í lögum nr. 45/1971, sbr. breytingar með lögum nr. 68/1973 og lögum nr. 60/1978, breytast í samræmi við framantaldar breytingar og skulu lögina gefin út á ný undir heitinu: Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingastofnun landbúnaðarins.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

- a. Orðið „hitaveitufyrirtæki“ í 1. mgr. verði: fyrirtæki.
- b. 2. og 3. mgr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna breytist og orðist þannig:

Tilgangur Hitaveitu Suðurnesja skal vera a) að virkja jarðhita í Svartsengi og annars staðar á Reykjanesi ef hagkvæmt þykir, b) að reisa og reka orkuver, aðveitur og orkudreifikerfi á starfssvæði hennar og annast sölu á orku til notenda, c) önnur nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Enn fremur veitir iðnaðarráðherra Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði hennar eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfum þeirra.

4. gr.

Við 13. gr. laganna (sbr. lög nr. 26/1980) bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Heimild til Hitaveitu Suðurnesja um að standa að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu skal háð því skilyrði að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun er tryggi að slíkt orkuver falli á hagkvæman hátt að heildarrekstri raforkukerfisins. Nái aðilar ekki samkomulagi skal ágreiningi skotið til iðnaðarráðherra.

5. gr.

Við lögina bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja háspennulínur í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur, svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur innan sveitarfélaga þeirra sem aðild eiga að fyrirtækinu. Á sama hátt er sveitarfélögum þeim, sem aðild eiga að fyrirtækinu, heimilt að selja því raforkuveitukerfi sín eða leggja þau fram sem stofnframlög og breytist þá eignarhlutdeild eigenda í samræmi við það.

Náist ekki samkomulag um mat á verðmætum þessum skal gerðardómur þriggja manna skera úr. Tilnefnir stjórn Hitaveitu Suðurnesja einn mann í gerðardóminn, seljandi einn, en oddamaður skal skipaður af Hæstarétti.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
- 5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.
 - 5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðunum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg.
 - 5.3. Hver svæðisnefnd skal fyrir 1. október ár hvert hafa gert tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár, og skal þá þegar senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum tillöguna til umfjöllunar.
 - 5.4. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 15. október ár hvert hafa sent hlutaðeigandi sveitarstjórnnum tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár ásamt áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu.
 - 5.5. Tillögur heilbrigðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvers sveitarfélags.
 - 5.6. Heimilt er sveitarstjórnnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 2. gr., tl. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.

2. gr.

1. tl. 17. gr. orðist svo:
- 17.1. Stofnuninni skal skipt í fjórar deildir:
Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og geislavarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.

3. gr.

4. tl. 17. gr. orðist svo:
- 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnarreglugerðar, sbr. 2. tl. 3. gr.
Mengunarvarnir annast enn fremur:
 1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
 2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna eftir nánari ákvörðun stjórnar.

4. gr.

- Við 17. gr. bætast nýir töluliðir er verði 5. og 6. töluliður og orðist svo:
- 17.5. Geislavarnir hafa yfirumsjón með starfsemi geislavarnaeftirlits skv. lögum nr. 95/1962, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.
 - 17.6. Ráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu og fyrir sérhæft eftirlit sem stofnuninni er falið að annast samkv. ákvörðun ráðherra, sbr. 4. tl. 13. gr. Skal upphæð slíkra gjalda við það miðuð að þau standi undir allt að helmingi kostnaðar við hverja tegund rannsóknar eins og hann er áætlaður í upphafi hvers árs.

5. gr.

Upphaf 19. gr. orðist svo:

19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.

6. gr.

Við 1. tl. 19. gr. bætist nýr liður er verði 4. liður og orðist svo:

19.1.4. Forstöðumaður geislavarna skal hafa háskólamenntun á sviði eðlisfræði og sérþekkingu og reynslu á sviði geislavarna.

7. gr.

Orðin „Áfengisvarnaráði, skv. lögum nr. 82/1969“ í 1. tl. 21. gr. falli niður.

8. gr.

34. gr. orðist svo:

34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem stofnuninni er ekki kleift að annast þær og fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Að lokinni staðfestingu skulu þau feld inn í meginmál laga nr. 50/1981 og gefin út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.***LÖG****um breyting á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur býli sem hlotið hafa samþykki landbúnaðarráðuneytisins sem ný býli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1984.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um kvikmyndamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kvikmyndasjóður Íslands starfar undir sérstakri stjórn. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hans.

2. gr.

Verkefni Kvikmyndasjóðs eru m. a. þessi:

1. Úthlutun styrkja og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina. Með íslenskri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.
2. Aðgerðir til að efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
3. Öflun og útgáfa upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.
4. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við íslenska kvikmyndaframleiðendur á kvikmyndahátíðum og öðrum vettvangi.
5. Rekstur Kvikmyndasafns Íslands.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeygenda og Bandalags íslenskra listamanna.

Pegar fjallað er um málefni Kvikmyndasafns skulu auk þess stjórnarmenn tilnefndir af Þjóðminjasafni Íslands og Námsgagnastofnun taka þátt í stjórnarstörfum.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra sjóðsins að fengnum tillögum sjóðs-stjórnar. Annað starfsfólk ræður framkvæmdastjóri í samráði við stjórnina og eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

Kvikmyndasjóður Íslands tekur við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs samkvæmt lögum nr. 14/1978.

6. gr.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði annast þriggja manna nefnd, kosin af stjórn sjóðsins, og mega nefndarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina. Nefndarmenn skulu kosnir árlega og nánari reglur settar um kosningu þeirra og starfssvið í reglugerð.

7. gr.

Kvikmyndasafn Íslands starfar innan vébanda Kvikmyndasjóðs, en um starfsemi þess skal sett sérstök reglugerð þar sem nánar skal kveðið á um verksvið safnsins og starfsemi.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins en fela skal a. m. k. einum af starfslíði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.

8. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi.

Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þar sem m. a. skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við skylduskilin.

9. gr.

Kvikmyndasafn fær fé til starfsemi sinnar samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Safninu er einnig heimilt að afla fjár með kvikmyndasýningum og útgáfustarfsemi eða öðrum viðlíka hætti.

Einnig er heimilt að veita fé til starfsemi safnsins úr Kvikmyndasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

10. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum stjórnar Kvikmyndasjóðs.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 14/1978, um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila á Íslandi að undangenginni ítarlegri athugun.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. töluliður 3. gr. laga nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, er breytt var með 1. gr. laga nr. 45 11. maí 1982, breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „allt að jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum“ komi orðin: allt að jafnvirði 33 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum.

2. gr.

Við 7. tölulið 3. gr. laganna bætast orðin: svo og stimpilgjald af hlutabréfum.

8. töluliður 3. gr. laganna, sem bætt var inn með 2. gr. laga nr. 45 11. maí 1982, fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðni. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Fyrirtæki og einstaklingar, sem um getur í 1. til og með 5. tl. 1. mgr. 5. gr., mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru upp í 2. tl., mega einungis selja eiturefni svo fremi að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra eða séu hluti af birgðum eiturefna sem flutt hafa verið inn til eigin þarfa fyrirtækjanna. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning sem inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla er lúta að þessu og sett verða í reglugerð skv. 16. gr. Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur frá 5. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi við birtingu.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um bókasafnsfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að kalla sig bókasafnsfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita:

1. þeim sem lokið hafa B.A.-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafnsfræði sem aðalgrein (það er a. m. k. 60 einingar skv. núgildandi reglugerð Háskóla Íslands, nr. 78/1979, eða 3 stig skv. eldri reglugerð).
2. þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a. m. k. 60 einingar í bókasafnsfræði við Háskóla Íslands.
3. þeim sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað.
4. þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafnsfræði til viðbótar.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt 3. og 4. lið skal leita umsagnar Félags bókasafnsfræðinga og fastra kennara í bókasafnsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

3. gr.

Bókasafnsfræðingi ber að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn sem í gildi eru á hverjum tíma.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Með mál út af brotum gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG**um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. mgr. 16. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 97/1980) orðist svo:

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða tvíburafæðingu og einn mánuð fyrir hvert barn að auki ef fæðast fleiri í einu. Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um fæðingar frá 1. janúar 1983.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1984

18. júní 1984

193

Nr. 99

AUGLÝSING

um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1983—1986.

Alþingi hefur hinn 17. maí 1984 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir um vegáætlun fyrir árin 1983—1986.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 6/1977, að árin 1983—1986 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

 6. Íbúðarhúsnæði.
 7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
 8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaíðnað, þar með talin notkun aukaefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglugerð nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.
 9. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.
 10. Meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.
 11. Skóla og aðra kennslustaði.

12. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
13. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.
14. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarendi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða skv. lögum þar um og aðrar slíkar stofnanir.
15. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almenna baðstaði o. þ. u. l.
16. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
17. Samkomuhús, þ. á m. kirkjur.
18. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
19. Bata og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. þ. u. l.
20. Gripahús og alifuglabú.
21. Hávaða og titring, m. a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.
22. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnareglugerð skv. 3. gr.
23. Þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.
24. Önnur sambærileg atriði.
Ennfremur skal setja ákvæði um:
25. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
26. Viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
27. Reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.
28. Undanþágur og heimildir til slíks og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.

3. gr.

- 3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka, er snerta umhverfismál.
- 3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:
 1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, þar sem m. a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
 2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
 3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
 4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
 5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
 6. Frárennsli og skolp.
 7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
 8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
 9. Geislun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur um takmörkun geislunar.
 10. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
 11. Önnur sambærileg atriði.
Ennfremur skal setja ákvæði um:
 12. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
 13. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

II. KAFLI

Stjórn og skipan.

4. gr.

- 4.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.
- 4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

5. gr.

- 5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.
- 5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg.
- 5.3. Hver svæðisnefnd skal fyrir 1. október ár hvert hafa gert tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár, og skal þá þegar senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum tillöguna til umfjöllunar.
- 5.4. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 15. október ár hvert hafa sent hlutaðeigandi sveitarstjórnnum tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár ásamt áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu.
- 5.5. Tillögur heilbrigðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvers sveitarfélags.
- 5.6. Heimilt er sveitarstjórnnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 2. gr., tl. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.

6. gr.

- 6.1. Í landinu skulu starfa 47 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan heilbrigðisnefnda og kosningar í þær fer sem hér segir:
- 6.2. **Reykjavíkursvæði:**
 Þar starfa 2 nefndir:
 - 1) **Reykjavík**, skipuð sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
 - 2) **Seltjarnarnes**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður.
- 6.3. **Vesturlandssvæði:**
 Þar starfa 5 nefndir:
 - 1) **Akranes**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
 - 2) **Borgarnes**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtisdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhliðahreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

- 3) **Ólafsvík**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ólafsvíkurbhreppur, Fróðárbhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurbhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurbhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 4) **Stykkishólmur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmsbhreppur, Skógarstrandarbhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarbhreppur. Stykkishólmsbhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 5) **Búðardalur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalshreppur, Haukadalsbhreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarbhreppur, Klofningsbhreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarbhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

6.4. Vestfjarðasvæði:

Þar starfa 6 nefndir:

- 1) **Austur-Barðastrandarsýsla**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
- 2) **Patreksfjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Barðastrandarbhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarbhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðarbhreppur. Patrekshreppur skal eiga tvo fulltrúa. Tálknafjarðarbhreppur einn og Suðurfjarðarbhreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 3) **Vestur-Ísafjarðarsýsla**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Þingeyrarbhreppur, Mýrabhreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarbhreppur og Suðureyrarbhreppur. Þingeyrarbhreppur á einn fulltrúa. Flateyrarbhreppur einn og Suðureyrarbhreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 4) **Bolungarvík**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.
- 5) **Ísafjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurbhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarbhreppur, Nauteyrarbhreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 6) **Hólmavík**, skipuð þrem fulltrúum.
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurbhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarbhreppur. Hólmavíkurbhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.5. Norðurlandssvæði vestra:

Þar starfa 4 nefndir:

- 1) **Hvammstangi**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Staðarbhreppur, Fremri-Torfustaðarbhreppur, Ytri-Torfustaðarbhreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Pverárbhreppur, Porkels-

hólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa komi sér saman um þrjá.

2) **Blönduós**, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfulækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svinavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn, kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3) **Sauðárkrókur**, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðahreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

4) **Siglufjörður**, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn, kosna af sveitarstjórn.

6.6. **Eyjafjarðarsvæði:**

Þar starfa 3 nefndir:

1) **Ólafsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.

2) **Dalvík**, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

3) **Akureyri**, skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Grýtbakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.7. **Norðurlandssvæði eystra:**

Þar starfa 4 nefndir:

1) **Húsavík**, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútu-
staðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2) **Kópasker**, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Kelduneshreppur, Öxarfjarðahreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3) **Þórshöfn**, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

4) **Raufarhöfn**, skipuð fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

6.8. Austurlandssvæði:

Þar starfa 9 nefndir:

- 1) **Vopnafjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.
- 2) **Seyðisfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.
Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
- 3) **Egilsstaðir**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótaldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
- 4) **Neskaupstaður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 5) **Eskifjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðarkaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaðahreppur einn kosinn af sveitarstjórn.
- 6) **Reyðarfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.
- 7) **Fáskrúðsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 8) **Djúpivogur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 9) **Höfn, Hornafirði**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.9. Suðurlandssvæði:

Þar starfa 9 nefndir:

- 1) **Kirkjubæjarklaustur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 2) **Vík í Mýrdal**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Hver hreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af hreppsnefnd.

- 3) **Hvolsvöllur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 4) **Hella**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
- 5) **Laugarás**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
- 6) **Selfoss**, skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakka-hreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfoskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakka-hreppur einn og Stokkseyrar-hreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
- 7) **Hveragerði**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Hveragerðishreppur.
- 8) **Þorlákshöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.
Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.
- 9) **Vestmannaeyjar**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

6.10. **Suðurnesjasvæði:**

Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Keflavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Hvert sveitarfélag kys einn fulltrúa.

6.11. **Hafnarfjarðarsvæði:**

Þar starfa 2 nefndir:

- 1) **Hafnarfjörður**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.
- 2) **Garðabær**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastadahreppur. Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastadahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

6.12. **Kópavogssvæði:**

Þar starfa 2 nefndir:

- 1) **Kópavogur**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.
- 2) **Mosfellssveit**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Mosfellshreppur skal eiga þrjá fulltrúa, Kjalarneshreppur einn og Kjósarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.

- 6.13. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu álit Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð, breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.
- 6.14. Þau sveitarfélög sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.
- 6.15. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m. a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.
- 6.16. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.
- 6.17. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram.

7. gr.

- 7.1. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þessara laga, heilbrigðisreglugerðar, mengunareglugerðar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga, sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á.

Heilbrigðisnefndir skulu sérstaklega vinna að:

1. Bættri heilbrigðisvernd í héraðinu.
2. Bættum mengunarvörnum í héraðinu.
3. Fræðslu um hollustuháttamál.
4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila er vinna að þessum málum beint eða óbeint.

8. gr.

- 8.1. Sveitarstjórnir, bygginganefndir og önnur yfirvöld héraðanna skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarnareglugerð og samþykktir sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum taka til.

9. gr.

- 9.1. Heilsugæslulæknar (yfirlæknar) skulu vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir, þegar þeim þykir þörf, og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.
- 9.2. Héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.
- 9.3. Heilbrigðisnefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórnnum og héraðslæknum afrit fundargerða þegar að loknum fundum.
- 9.4. Heilbrigðisfulltrúar (framkvæmdastjórar) skulu sitja fundi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og tekin verði þar fyrir tiltekin mál.
- 9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og að tiltekin mál verði tekin fyrir.
- 9.6. Heilbrigðisnefnd getur leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila, sem hún telur þörf á.
- 9.7. Formaður heilbrigðisnefndar skal sjá um að nefndarmenn og aðrir, sem sækja eiga fundi nefndarinnar séu boðaðir.

10. gr.

- 10.1. Heilbrigðisnefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
- 10.2. Afgreiðsla í heilbrigðisnefnd telst fullnægjandi sé helmingur nefndarmanna viðstaddur.
- 10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu máls.
- 10.4. Um vanhæfni heilbrigðisnefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

11. gr.

- 11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík), sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði tilnefnir heilbrigðisráð 3 fulltrúa og heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 1 fulltrúa. Á Suðurnesjasvæði fer heilbrigðisnefnd með störf svæðisnefndar auk héraðslæknis, sem er formaður.
- 11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
- 11.3. Verkefni svæðisnefndar er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.

12. gr.

- 12.1. Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almannaksár á undan og um áformaða starfsemi. Skýrslur þessar skulu gerðar á þar til gerð eyðublöð, sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

III. KAFLI

Hollustuvernd ríkisins.

13. gr.

- 13.1. Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
- 13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdar og sér um framkvæmd þeirra í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna, er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
- 13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu alls heilbrigðiseftirlits í landinu, m. a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana, er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á sviði hollustuháttamála, m. a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
- 13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint heilbrigðiseftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það, og að höfðu samráði við hlutadeigandi heilbrigðisnefndir.
- 13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum, sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.
- 13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi skipulegri fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustuhætti.
- 13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila, er að þessum málum starfa í landinu.
- 13.8. Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands, sem annast kennslu, er því tengist, og aðra sérfróða aðila.

- 13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál, sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
- 13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.
- 13.11. Stofnunin annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla. Skulu þær vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki líði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

14. gr.

- 14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kys tvo, landlæknir tilefnir einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn. Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.
- 14.2. Stjórn stofnunarinnar hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

15. gr.

- 15.1. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og/eða reynslu á sviði hollustuháttamála og í stjórnun.
- 15.2. Forstjóri annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Hann undirbýr fundi stjórnar og sér um framkvæmd ákvarðana hennar.

16. gr.

- 16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við deildir stofnunarinnar.
- 16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum bókakosti.

17. gr.

- 17.1. Stofnuninni skal skipt í fjórar deildir: Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og geislavarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.
- 17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar, sbr. 2. gr. 2. tl., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum deildum stofnunarinnar, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl. Heilbrigðiseftirlit annast ennfrémur framkvæmd laga nr. 27/1977 um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum.
- 17.3. Rannsóknastofa annast þær efna- og gerlafræðilegar rannsóknir, sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Ennfrémur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.
- 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnareglugerðar, sbr. 2. tl. 3. gr. Mengunarvarnir annast ennfrémur:
 1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
 2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna eftir nánari ákvörðun stjórnar.

17.5. Geislavarnir hafa yfirumsjón með starfsemi geislavarnaeftirlits skv. lögum nr. 95/1962, með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

17.6. Ráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu og fyrir sérhæft eftirlit sem stofnuninni er falið að annast samkv. ákvörðun ráðherra, sbr. 4. tl. 13. gr. Skal upphæð slíkra gjalda við það miðuð að þau standi undir allt að helmingi kostnaðar við hverja tegund rannsóknar eins og hann er áætlaður í upphafi hvers árs.

18. gr.

18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

19. gr.

19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.

1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og hafa reynslu á sviði mengunarvarna.

2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði gerla- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á því sviði.

3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og reynslu á sviði geislavarna.

4. Forstöðumaður geislavarna skal hafa háskólamenntun á sviði eðlisfræði og sérþekkingu og reynslu á sviði geislavarna.

19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

19.3. Forstöðumenn skulu sitja stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

20.1. Forstjóri ræður starfsfólk á skrifstofu.

20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu að deildum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.

20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk hinna einstöku deilda.

21. gr.

21.1. Eiturefnanefnd, skv. lögum nr. 85/1968 og Manneldisráði, skv. lögum nr. 45/1978, skal sköpuð aðstæða innan stofnunarinnar og vinna í nánu samstarfi við hana, en halda fullu sjálfstæði skv. fyrrgreindum lögum.

21.2. Stofnunin skal, eftir því sem við á, hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit og Siglingamálastofnun um öll mál, er varða mengunarvarnir við atvinnurekstur, skipulag mengunarvarna og skyld málefni.

IV. KAFLI

Samþykktir sveitarfélaga.

22. gr.

22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. Bann eða takmörkun hundahalds.

2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.

3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.

4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

- 22.3. Upphæð gjalda skv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar.
- 22.4. Hlutadeigandi heilbrigðisnefnd semur drög að slíkum samþykktum og breytingum þar á og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn, sem afgreiðir þau til ráðherra í formi samþykktar. Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hvað þurfi til að til staðfestingar komi.
- 22.5. Samþykktir og gjaldskrá samkvæmt þessum kafla skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI

Heilbrigðiseftirlitssvæði og heilbrigðisfulltrúar.

23. gr.

- 23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðisskiptingu 2.—12. tl. 6. gr.

24. gr.

- 24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.
- 24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.
- 24.3. Um skiptingu kostnaðar milli viðkomandi sveitarfélaga á eftirlitssvæði fer samkvæmt íbúafjölda.
- 24.4. Starf heilbrigðisfulltrúa telst fullt starf. Að jafnaði skulu ekki koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama fulltrúann.
- 24.5. Einn heilbrigðisfulltrúi hvers svæðis skal vera framkvæmdastjóri eftirlitsins á svæðinu.

25. gr.

- 25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að ósk viðkomandi sveitarfélaga, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr. Skal þá tekið tillit til þess að ekki komi að jafnaði fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama heilbrigðisfulltrúa. Ennfremur skal taka tillit til umfangs og nauðsynjar á heilbrigðiseftirliti, stærð svæða og samgangna.

26. gr.

- 26.1. Svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða skipuleggja heilbrigðiseftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutadeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.
- 26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins. Skal áður leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins um hæfni þeirra.
- 26.3. Svæðisnefndir setja heilbrigðisfulltrúum erindisbréf að höfðu samráði við hlutadeigandi heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins.
- 26.4. Eingöngu má ráða sem heilbrigðisfulltrúa menn með sérmenntun á sviði heilbrigðiseftirlits.
- 26.5. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur Hollustuvernd ríkisins heimilað að ráðinn sé annar maður til bráðabirgða, en hafa skal hann reynslu á þessu sviði.
- 26.6. Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

VI. KAFLI

Valdsvið og þvingunarúrræði.

27. gr.

A. HEILBRIGÐISNEFNDIR

- 27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum skv. þessum ákvæðum, getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:
1. Veitt áminningu.
 2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
 3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.
- 27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða, getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.
- 27.3. Þar sem innsigliun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli, er auðkenni þær.
- 27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.
- 27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutadeigandi.
- 27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.
- 27.7. Sé vinna sú, sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tl., til komin vegna vanhírðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.
- 27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir, og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.
- 27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.
- 27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita heilbrigðisnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er vegna heilbrigðiseftirlitsins.
- 27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda heilbrigðisnefndum nauðsynleg sýni vegna heilbrigðiseftirlitsins endurgjaldslaust.

28. gr.

B. HEILBRIGÐISFULLTRÚAR

- 28.1. Heilbrigðisfulltrúar hafa sama rétt til skoðunar og eftirlits innan síns eftirlitssvæðis og viðkomandi heilbrigðisnefndir, sbr. 8. tl.—11. tl. 27. gr.
- 28.2. Heilbrigðisfulltrúi getur beitt sömu aðgerðum til þess að knýja fram úrbætur og greinir frá í 1. tl. 27. gr. Meti hann ástandið svo alvarlegt að beita verði stöðvun, sbr. 1. tl. 3. 27. gr., skal hann tilkynna það viðkomandi heilbrigðisnefnd og leita staðfestingar hennar eins fljótt og við verður komið.

29. gr.

C. HOLLUSTUVERND RÍKISINS

- 29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar skv. lögum þessum, sem varðar almenningsheill og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar, skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.
- 29.2. Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkunina þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefnd ekki á ráðstöfunina skal stofnunin að fenginni greinargerð heilbrigðisnefndar, sem skal vera skrifleg, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Málskotsfrestur stofnunarinnar er tvær vikur eftir að greinargerð heilbrigðisnefndar berst og frestur heilbrigðisnefndar til þess að tilkynna um ágreining er tvær vikur.
- 29.3. Ráðherra getur heimilað rýmri frest til málskots en kveðið er á um í 2. tl. 29. gr. sé sótt um slíkt og mæli ríkar ástæður með.
- 29.4. Málskot frestar ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar.
- 29.5. Fulltrúar stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og annarra opinberra nefnda, sem um mál skv. lögum þessum fara, með tillögurétt og málfrelsi.
- 29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt, sbr. 4. tl. 13. gr., í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 27. gr. 8., 10. og 11. tl.

VII. KAFLI**Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.**

30. gr.

- 30.1. Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda, annar en skv. 1.—2. tl. 29. gr. og 31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar skv. lögum þessum, sbr. 2. tl. 30. gr. Málskot skv. þessum tölulið frestar ekki upphaflegri ákvörðun.
- 30.2. Í úrskurðarnefnd eiga sæti þrír menn: Embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður. Einn skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af landlækni.
- 30.3. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.
- 30.4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
- 30.5. Nefndinni er heimilt að kveðja tvo sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála.

31. gr.

- 31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlægum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrir mæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 31/1970, um dýralækna.

- 31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 108/1974 og lög nr. 31/1970, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki inn á annars svið né mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er ennfremur heimilt að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið. Skal nefndin koma saman eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
- 31.3. Rísi upp ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd hollustuháttaráðstafana skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

32. gr.

- 32.1. Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga svo og fyrirmælum heilbrigðisnefnda og annarra rétt hæfra aðila, gefnum skv. ákvæðum í nefndum lögum og reglum, skal refsa með sektum, en með varðhaldi, séu sakir miklar.

33. gr.

- 33.1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð eða heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga, skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

- 34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem stofnuninni er ekki kleift að annast þær og fé er veitt til þess á fjárlögum.

35. gr.

- 35.1. Ráðherra getur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

IX. KAFLI

Gildistaka.

36. gr.

- 36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins svo og ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, laga nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum, laga nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatakjum, og laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Skal ráðherra í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti: Einn fulltrúi landlæknis, einn frá Matvælarannsóknnum ríkisins, einn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn frá Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands og einn fulltrúi án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Skal nefnd þessi starfa þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa.
2. Reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem kostur er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglugerðir, sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til, vera í fullu gildi, enda brjótí ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
3. Þar til reglugerð um mengunarvarnir hefur verið staðfest gilda ákvæði reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og eins skulu fyrirtæki, sem hafa starfsleyfi skv. þeim ákvæðum, halda óbreyttu starfsleyfi.
4. Samþykktir sveitarfélaga, staðfestar af ráðherra, skv. lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, halda gildi sínu fari þær ekki í bága við ákvæði laga þessara.
5. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem eru í starfi við gildistöku laganna, skulu að fullu halda réttindum sínum þrátt fyrir ákvæði 4. tl. 26. gr. um menntun, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við gildandi lög.
6. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar og manneldisráðs, sbr. 1. tl. 21. gr., undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.
7. Hollustuvernd ríkisins skal þegar eftir gildistöku laganna standa fyrir námskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa, sem hafa ekki tilskilda sérmenntun skv. lögum þessum.
8. Hollustuvernd ríkisins skipuleggur þegar í stað í samvinnu við heilbrigðis- og fræðsluyfirvöld nám heilbrigðisfulltrúa.
9. Ríkisstjórnin láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.
10. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Gjört í Reykjavík, 14. nóvember 1984.

Steingrímur Hermannsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Þór Vilhjálmsson.

Matthías Bjarnason.

LÖG**um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málslíð ákvæða til bráðabirgða komi nýr málslíður sem orðist svo:
Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG**um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafli er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hver íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

2. gr.

- a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi fram tekið, hvert það far sem er 6 metra langt eða meira og skráð er í skipaskrár.
- b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
- c. Yfirstýrimaður eða 1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.
- d. Undirstýrimaður er 2. eða 3. stýrimaður.
- e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest.
- f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem að jafnaði er notað til veiða, hafrannsóknna eða til flutninga á eigin afla.
- g. Flutningaskip merkir það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innanlands og utan og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.
- h. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
- i. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstarf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
- j. Önnur skip merkir hvert það skip sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í stafliðum f-i.
- k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
- l. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.
- m. Mánuður telst 30 dagar.

II. KAFLI

Um fjölda skipstjórnarmanna.

3. gr.

Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

4. gr.

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:

- a. á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
- b. á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
- c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef ekki er landað daglega.

- II. Á flutningaskipum:
 - a. á skipum 31—400 rúmlestir einn stýrimaður,
 - b. á skipum 401—1600 rúmlestir tveir stýrimenn,
 - c. á skipum stærri en 1600 rúmlestir þrír stýrimenn.
- III. Á farþegaskipum og varðskipum:
 - a. á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
 - b. á skipum stærri en 400 rúmlestir þrír stýrimenn.
- IV. Á öðrum skipum:
 - a. á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
 - b. á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn,
 - c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef samfelldur vinnutími skipstjóra er að jafnaði lengri en 15 klst.

III. KAFLI

Um atvinnuréttindi stýrimanna.

5. gr.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

- I. Á fiskiskipum:
 - a. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
 - b. 2. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.
- II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
 - a. 2. stig: 1. 400 rúmlesta skip og minni, farsvið ótakmarkað.
2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð, farsvið ótakmarkað.
 - b. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.
- III. Á öðrum skipum:
 - a. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
 - b. 2. stig: 400 rúmlesta skip og minni og farsvið ótakmarkað.
 - c. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

6. gr.

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 5. gr., eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma með tilvísun til samsvarandi staflíða í 5. gr.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í förum og þar sem viðkomandi fær undirstöðupekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a. m. k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Ef skip er lagt upp án þess að lögskráð sé úr skipsrúmi skal þess getið í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en $\frac{1}{5}$ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími, sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Heimilt er einnig að meta eftirfarandi nám eða starf til óskilgreinds siglingatíma: Eins vetrar nám í sjómannafræðum framhaldsskóla, skv. námsskrá menntamálaráðuneytisins, jafngildir siglingatíma í 3 mánuði. Tveggja mánaða starf á

viðurkenndu veiðarfæraverkstæði og tengd störf jafngilda eins mánaðar siglingatíma á fiskiskipi. Nám í verklegri sjómennsku, nýrri verktækni og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum eða í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingatíma þó aldrei meira en einn mánuð. Ofangreind störf og/eða nám skulu þó aldrei metin til lengri siglingatíma en 6 mánaða í heildarsiglingatíma stýrimannsefnis. Óskilgreindur siglingatími, sem stýrimannsefni ávinnur sér við störf í landi, skal staðfestur af tveimur trúverðum mönnum.

I. Á fiskiskipum:

- a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
24 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð. Heimilt er að af þessum tíma séu 6 mánuðir á trillu sem er undir 12 rúmlestum að stærð og sé það vottað af tveimur trúverðum mönnum.
- b. Ótakmörkuð réttindi:
27 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og að auki a. m. k. 6 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:

- a. 1. Réttindi á 400 rúmlesta skipum:
36 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a. m. k. 9 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir.
2. Ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi:
27 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a. m. k. 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.
- b. Ótakmörkuð réttindi:
36 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

III. Á öðrum skipum:

- a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
24 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 12 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð.
- b. Réttindi á 400 rúmlesta skipum og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi:
27 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 12 mánuði háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.
- c. Ótakmörkuð réttindi:
36 mánuðir og af þeim tíma a. m. k. 18 mánuði háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

IV. KAFLI

Um atvinnuréttindi skipstjóra.

7. gr.

Til að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Kunn skil á siglingatækjum, stefnuleiðréttingum og að setja stefnu og miðanir á sjókort, alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstur á sjó, grundvallaratriðum stöðugleika og sjóhæfni skipa, flóði og fjöru, vitakerfum, björgunarstöðvum og björgunartækjum og lífgun úr dauðadái.
- b. Hafa verið 18 mánuði háseti á skipi, sem er yfir 6 rúmlestir að stærð, í innanlandssiglingum, sbr. 6. gr. Til staðfestingar siglingatíma á skipum, sem eru 6—12 rúmlestir að stærð, skal leggja fram vottorð frá tveimur trúverðum mönnum.

Kunnáttu í atriðum samkvæmt a-lið skal kanna með sérstökum prófum. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með prófunum. Ráðuneytið getur falið Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum eða öðrum skólum, er það ákveður, að sjá um prófin og annast kennslu undir þau.

Ráðuneytið gefur út námsskrá til samræmingar kennslu og skipar prófdómara að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Þeir sem standast prófin skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólastjóra og prófdómara.

8. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á skipum, sem eru yfir 30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi 1. stýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr., og hefur eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a. m. k. eftirtöldum skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma:

I. Á fiskiskipum:

- a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
12 mánuðir stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð eða 6 mánuði stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á fiskiskipi sem er yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.
- b. Ótakmörkuð réttindi:
18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir, þar af a. m. k. 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Á flutningaskipum og farþegaskipum:

- a. Réttindi á 400 rúmlesta skipum:
18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og af þeim tíma a. m. k. 4 mánuði í utanlandssiglingum.
- b. Ótakmörkuð réttindi:
24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og þar af a. m. k. 6 mánuði í utanlandssiglingum.
- c. Heimilt er að gefa út skipstjórnarskírteini í innanlandssiglingum, samkvæmt staflíðum a og b, án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Á öðrum skipum:

- a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
12 mánuðir stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð eða 6 mánuði stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð og skipstjóri á skipi sem er yfir 12 rúmlestir að stærð í 6 mánuði.

b. Réttindi á 400 rúmlesta skipum:

18 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð, þar af a. m. k. 6 mánuði 1. stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

c. Ótakmörkuð réttindi:

24 mánuðir skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð, þar af a. m. k. 12 mánuði skipstjóri eða 1. stýrimaður.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipi hefur sá einn er lokið hefur 4. stigi stýrimannaskóla, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og hefur verið 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð og auk þess a. m. k. 12 mánuði 1. stýrimaður á varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

10. gr.

Siglingatími til öflunar skipstjóraréttinda samkvæmt 8. og 9. gr. telst aðeins sá tími er stýrimaður starfar á skipi sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

V. KAFLI

Um aldursskilyrði og læknisvottorð.

11. gr.

Enginn getur öðlast stýrimannsréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7., 8. og 9. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

12. gr.

Til að skipstjórnarmaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna.

VI. KAFLI

Atvinnuskírteini.

13. gr.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru skv. III., IV. og V. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini sem veita viðeigandi atvinnuleyfi.

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

14. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu í starfi sínu svo að tjón hlýst af má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir enda liggja ekki þyngri refsing við að lögum.

16. gr.

Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

17. gr.

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 69/1973 á skipum, sem eru allt að 120 rúmlestir að stærð, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð.

Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi á skipum, sem eru allt að 120 rúmlestir, fyrir gildistöku fyrrgreindra laga skulu öðlast sams konar réttindi ef þeir hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn a. m. k. 60 mánuði.

18. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóra-skírteini nema við eigi samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sbr. auglýsingu nr. 6/1982.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

Um mönnunarnefnd og undanþágur.

19. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar þar sem m. a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

Nefndin skal leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi öryggi og búnað skips.

20. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá viðkomandi skipstjóra- og stýrimannafélögum annars vegar og samtökum útgerðaraðila hins vegar. Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a. m. k. annar þeirra uppfylla almenn dómarskilyrði. Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

21. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi til skipstjórnar er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn, og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur stýrimannaskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun vottorðs frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

VIII. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 28. maí 1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

- A. Þeim skipstjórnarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á tvenns konar námskeið sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1985—1986 og 1986—1987 til öflunar takmarkaðra skipstjórnar-réttinda. Námskeið þessi gefi annars vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 80 rúmlestir að stærð og hins vegar réttindi til skipstjórnarstarfa á fiskiskipum og öðrum skipum, sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð, í innanlandssiglingum.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða náms-efni í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Við útgáfu atvinnuskírteina til þeirra, er ljúka þessum námskeiðum, skal taka tillit til ákvæða 6. og 10. gr. laganna um siglingatíma. Um siglingatíma fyrir skip, sem eru allt að 80 rúmlestir að stærð, gildir sama og fyrir skip sem eru allt að 200 rúmlestir að stærð.

- B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 21. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim skipstjórnar-mönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf, ótímabundin takmörkuð réttindi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

- a. Yfirvélstjóri er æðsti maður í vélarrúmi skips.
- b. 1. vélstjóri (í eldri lögum 2. vélstjóri) er næstæðsti maður vélarrúms.
- c. Undirvélstjóri er hver sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri.
- d. Vélstjóri er hver sá sem ráðinn er til vélstjórastarfa.
- e. 1 kílóvatt (kw.) = 1,36 hö.

II. KAFLI

Um fjölda vélstjóra og vélavarða o. fl.

2. gr.

Fjöldi vélavarða og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

- a. Á skipi með 75—220 kw. vél (u. þ. b. 101—300 hö.) einn vélavörður.
 - b. Á skipi með 221—750 kw. vél (u. þ. b. 301—1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.
 - c. Á skipi með 751—1500 kw. vél (u. þ. b. 1021—2040 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
 - d. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (u. þ. b. 2040 hö.) þrír vélstjórar, yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar.
- Á farþega- og flutningaskipum með 1300 kw. vél (u. þ. b. 1766 hö.) og stærri skal auk upptalinna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

III. KAFLI

Um atvinnuréttindi vélstjóra.

3. gr.

1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi, þar af a. m. k. 5 mánuði á skipi með 400—750 kw. vél, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með 400—750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 400 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS II).

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 3 mánuði við 750 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).

4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur), hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF IV).

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF III).

Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af í 12 mánuði að fengnu atvinnuskírteini VF III, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 3000 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF II).

Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF I).

5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

4. gr.

Starfstími vélstjóra samkvæmt 2. gr. telst sá tími sem hann er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma samkvæmt 3. og 4. lið 3. gr. má einnig telja störf við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein og önnur lögskráð störf í vélarrúmi skipa. Þessi tími skal þó aldrei verða lengri en sem nemur 1/4 hluta starfstíma til atvinnuréttinda.

IV. KAFLI

Um eldri vélstjóraréttindi.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

- a. Þeir sem lokið hafa hinu minna mótórvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands eða 1. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélfræðinámi 2. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
- b. Þeir sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands eða 2. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélstjóranámi 3. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
- c. Þeir sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

d. Þeir sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

V. KAFLI

Um mönnunarnefnd og undanþágur.

6. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavarda og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar þar sem m. a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.
3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 5. liðar 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. þessarar gr. skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins um öryggi og búnað skips.

7. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a. m. k. annar þeirra uppfylla almenn dómarskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

8. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjórnarréttindi er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

VI. KAFLI

Skírteini og læknisvottorð.

9. gr.

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 3. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

Vélavörður (VV).	Réttindi: Vélavörður.
Vélstjóri III (VS III).	Réttindi: Yfirvéltjóri, 750 kw. vél og minni og VV.
Vélstjóri II (VS II).	Réttindi: 1. véltjóri, 1500 kw. vél og minni og VS III.
Véltjóri I (VS I).	Réttindi: Yfirvéltjóri, 1500 kw. vél og minni og 2. véltjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS II.
Vélfræðingur IV (VF IV).	Réttindi: 2. véltjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS II.
Vélfræðingur III (VF III).	Réttindi: 1. véltjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS I.
Vélfræðingur II (VF II).	Réttindi: Yfirvéltjóri, 3000 kw. vél og minni og VF III.
Vélfræðingur I (VF I).	Réttindi: Yfirvéltjóri, ótakmörkuð vélarstærð.

Skírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

10. gr.

Til þess að véltjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði véltjóra og vélavarda.

11. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

12. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa véltjóranámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands, heimilað þeim íslensku ríkisborgurum, sem lokið hafa véltjóranámi við erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Við útreikning á afli véla í skipum skal farið eftir reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar ríkisins.

VIII. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 77 28. maí 1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

- A. Þeim vélstjórarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á vélstjórarnámskeið sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1984—1985 og 1985—1986 til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi veiti réttindi til yfirvélstjórastarfa á skipum með vélarsterð allt að 750 kw. (VS III). Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samvinnu við Vélaskóla Íslands.
- B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 8. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim mönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við vélstjórn, ótímabundin takmörkuð réttindi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna hljóðar svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. lögum um tekju- og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 580 á hvern gjaldanda árið 1985. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs og þeir, sem eru 75 ára eða eldri, undanþegin gjaldinu, svo og þeir sem hafa tekjuskattsstofn undir kr. 115 500. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunar-

heimilum. Framangreindar fjárhæðir skulu breytast árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu gjaldsins skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á næstu 3 ár, 1985—1987.

2. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs innheimtuársins skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi áætlaðra tekna sjóðsins skv. þessari grein.

2. gr.

11. gr. laganna hljóðar svo:

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins annast samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sbr. 3. gr. og 5. tl. 4. gr. Er samstarfsnefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi, tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis, taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun.

3. gr.

12. gr. laganna hljóðar svo:

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja byggingu þjónustuíbúða og verndaðra þjónustuíbúða fyrir aldraða.
2. Að styrkja byggingu dvalarheimila fyrir aldraða.
3. Að styrkja byggingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á vegum einkaaðila.
4. Að styrkja breytingar og endurbætur á dvalarstofnunum aldraðra sem nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.
5. Önnur verkefni sem sjóðstjórn mælir með og ráðherra samþykkir.

Sjóðstjórn er heimilt að verja 30% tekna Framkvæmdasjóðs aldraðra árlega til styrktar byggingu hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga. Styrkurinn skal við uppgjör dragast frá heildarbyggingarkostnaði.

4. gr.

13. gr. laganna hljóðar svo:

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG**um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir
Samband íslenskra berkla sjúklinga.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 000. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, í fyrsta sinn í janúarmánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Helgason.***LÖG****um breyting á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hinn þriðji er formaður, skipaður án tilnefningar.

2. gr.

Upphaf 45. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til
aldraðra, sbr. lög nr. 52/1981 og lög nr. 92/1982.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 6. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal fyrir hvert almanaksár til ársloka 1984 reikna árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. texta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu grundvallarlaun vera kr. 14100 á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Umsjónarnefnd eftirlauna ákveður, að fenginni umsögn kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt skal hann, að fengnum tillögum Umsjónarnefndar eftirlauna, ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

2. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 1. málsg. 7. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

3. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 1. málsg. 8. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

4. gr.

Í stað „laga nr. 101/1970“ í 2. og 3. málsg. 13. gr. laganna komi: laga nr. 50/1984.

5. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1990.

6. gr.

1. málsg. 21. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum sem II. kafla samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1989 greidd sérstök uppbót þannig að í stað 5 ára meðaltals miðist lífeyrisréttur við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsg. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta a) 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980, b) 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember árin 1981—1984, c) í byrjun hvers mánaðar árin 1985—1989. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

Í stað „árin 1980—1984“ í 2. málsg. 21. gr. laganna komi: árin 1980—1989.

7. gr.

Í stað „árin 1980—1984“ í 22. gr. laganna komi: árin 1980—1989.

8. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. málgr. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því sem fram kemur í 21. gr. og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram tiltekinn hundradshluta af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1989 sem hér segir:

- a. 5% árin 1980—1984,
- b. 4% árið 1985,
- c. 3% árin 1986—1989.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjáris milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það sem á kann að skorta að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Við endanlegt uppgjör vegna áruna 1983—1989 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málgr. 25. gr. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

9. gr.

Í stað „sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977“ í 1. málgr. 25. gr. laganna komi: nr. 50/1984.

Í stað „skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum“ í 1. tölulið 1. mgr. 25. gr. laganna komi: skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum árin 1980—1984, 4% árið 1985 og 3% árin 1986—1989.

2. málgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulið 1. málgr. í byrjun hvers árs. Gjaldhagi hins áætlaða framlags áruna 1980—1982 er 1. apríl en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjald dagar áætlaðs framlags áruna 1983—1989 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi er svarar til hækkunar sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málgr. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og eftirstöðvum, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má af einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu þessa hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Við úthlutun á aflamarki til skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á ákveðnum tegundum sjávarafra, er heimilt að taka tillit til heildaraflaverðmætis.

Ráðherra getur og sett reglur um leyfilegan fjölda sóknardaga tiltekinna gerða fiskiskipa og einstakra skipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna. Við ákvörðun fjölda sóknardaga er ráðherra heimilt að taka mið af fyrri sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og einstakra skipa.

Ráðherra getur heimilað framsal úthlutaðs aflamarks og sóknardaga og sett reglur um skilyrði framsals og riftun þess telji hann ástæðu til.

Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að veiðar á ákveðnum tegundum fiskstofna og sjávardýra, veiðar í tiltekin veiðarfæri, þ. á m. botn- og flotvörpu, eða veiðar ákveðinna gerða skipa skuli háðar sérstökum leyfum. Getur ráðherra bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m. a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar hafa stundað.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum reglum, sbr. 17. gr., settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa, varða sektum, 2000—14000 gullkr., sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafra, eftir því sem við á. Ef brot falla ekki undir ákvæði þeirra laga skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 17. gr. ef um ítrekað brot er að ræða.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og gilda til ársloka 1985.

6. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða komi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81/1976, með áorðnum breytingum, skulu botnvörpuveiðar heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1983) orðist svo:

Tekjur samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa staflidar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánudum sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 800 000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar samkv. 1. málsg. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt samkv. 1. mgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald í ríkissjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjald skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af verðjöfnunargjaldi en Orkubú Vestfjarða 20%.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða að Rafveitu Siglufjarðar skuli endurgreitt verðjöfnunargjald af raforkusölu sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Verðjöfnunargjald skal nema 16% árið 1985.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960, með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

4. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi sem útskrift reikninga á notanda vegna orkunotkunar á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta, skv. 1. mgr. 1. gr., og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð, sbr. ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

5. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

6. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

7. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirdi uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirdir skilar innheimtufé mánaðarlega til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sbr. ákvæði 1. greinar.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

8. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins, Íslenska álfélagsins hf., Íslenska járnblendifélagsins hf. og til húshitunar.

9. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

10. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

11. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunar-gjaldsins.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla úr gildi 31. desember 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

1. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. másl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 31 250 kr. og 62 500 kr.
2. Í stað „20 000 kr.“ og „40 000 kr.“ í 2. másl. 4. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 25 000 kr. og 50 000 kr.
3. Í stað „140 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 180 kr.
4. Í stað „25 500 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 31 880 kr.
5. Í stað „15 600 kr.“ í 2. másl. 4. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 19 500 kr.
6. Í stað „3 370 kr.“ í 2. másl. 3. tl. D-liðs 1. mgr. komi: 4 210 kr.

7. Í stað „127 500 kr.“ og „255 000 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 159 380 kr. og 318 760 kr.
8. Í stað „500 kr.“ í 1. mgr. 2. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 630 kr.
9. Í stað „28 000 kr.“ í 3. másl. 2. mgr. komi: 35 000 kr.
10. Í stað „4 000 000 kr.“ og „8 000 000 kr.“ í 3. másl. 3. mgr. komi: 5 000 000 kr. og 10 000 000 kr.

2. gr.

Í stað „36 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 45 000 kr.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 200 000 kr., skal reikna 20%. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., lægri en 200 000 kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 200 000 kr. en þó ekki um hærri upphæð en 100 000 kr.
2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 000 kr., skal reikna 31%.
3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 400 000 kr., skal reikna 44%. Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 35 000 kr.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna:

1. Í stað „6 000 kr.“ og „9 000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 7 500 kr. og 11 250 kr.
2. Í stað „12 000 kr.“ í 3. másl. 1. mgr. komi: 15 000 kr.
3. Í stað „6 000 kr.“ í 4. másl. 1. mgr. komi: 7 500 kr.

6. gr.

Í stað „250 000 kr.“ og „500 000 kr.“ í 2. másl. 78. gr. laganna komi: 312 500 kr. og 625 000 kr.

7. gr.

Í stað „780 000 kr.“ í 83. gr. laganna komi: 975 000 kr.

8. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 9. tl. A-liðs, 2. og 4. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1986.

31. desember 1984

299

Nr. 121

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts 1985 vegna tekna ársins 1984 og eigna í lok þess árs.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

31. desember 1984

Nr. 122

LÖG

um breyting á lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

31. desember 1984

Nr. 123

LÖG

um breyting á lögum nr. 76 28. desember 1983, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1984“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1980) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2½% — tvo og hálfan af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 23/1980 nema sannað sé að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent til tollmeðferðar skjöl sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað og skal þá ekki heimta af henni skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins að vara sé tollafgreidd fyrir 7. janúar 1985.

III

Af vörum, söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. janúar 1985 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt sem skv. 1. gr. laga þessara gildir frá og með 1. janúar 1985 nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 15. febrúar 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Landssmiðjunni hf., Reykjavík, ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda hluta af söluandvirði með verðtrygðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 102 23. júní 1936, um Landssmiðju, með síðari breytingum.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

